

BENEDIKT HJARTARSON

## Í átt til rauðra heimsbókmennta

Um þýðingar og mótun hefðarveldis innan róttæku  
vinstrihreyfingarinnar á Íslandi 1919–1943

Í októbermánuði árið 1927 birtist lesendum tímaritsins *Skutuls* á Ísafirði harla óvanalegt tilboð um slysatryggingu. Tilboðið var ekki sett fram í áberandi auglýsingu heldur grafið inn í lengri texta sem birtist innan um auglýsingar á Commander-sígarettum, ullargarni frá Soffiubúð, vönduðum líkkistum og íslenskum líkkældum frá Ólafi Gestssyni, dósamjólk frá Mjöll og kæfu, gulrótum og íslenskum kartöflum frá Kaupfélaginu. Yfirskriftin var „Þýskt bókmentafélag“ og tilboðinu um slysatryggingu „að upphæð 5000 gullmörk“ var beint til þeirra sem hefðu hug á að ganga í „nýtt bókmentafélag“ er kallaðist „Universum Bücherei für Alle“.<sup>1</sup> Slysatryggingin var innifalin í „ársfjórðungsgjaldi félagsmeðlima“, sem var 3,30 mörk, og fylgdi einnig áskrift að mánaðarritinu *Blätter für Alle*, sem sagt var „hið vandaðasta að frágangi og skreytt teikningum og ljósmyndum“, auk þess sem það birti „stutt[ar] ritgerð[ir] eftir ýmsa ágæta höfunda um skáldskap, listir og vísindi“.<sup>2</sup> Einnig var nefnt að félagsmenn fengju ársfjórðungslega „eitt skáldrit eða vísindarit eftir úrvahshöfund“, bækur sem „ekki verða fáanlegar annarstaðar“.<sup>3</sup> Listinn yfir þau rit sem félagið hafði gefið út á stuttum starfstíma sínum var áhrifamikill. Tekið var fram að þar mætti finna verk eftir Stendhal, Chateaubriand, Balzac og aðra öndvegishöfunda franskra raunsæisbókmennta, auk bóka eftir „nafnkunna“ höfunda bókmennta á rússnesku, ensku og þýsku, þar á meðal Maksím Gorkij, Robert Tressell, Upton Sinclair, Max Herrmann-Neiße og Egon Erwin Kisch. Listi ritnefndarmeðlima var ekki

<sup>1</sup> „Þýskt bókmentafélag“, *Skutull* 20. október 1927, bls. 3–4.

<sup>2</sup> Sama heimild, bls. 3.

<sup>3</sup> Sama heimild, bls. 3.



síður tilkomumikill. Í hópi þeirra hátt í tutugu nafna sem tilgreind voru í *Skutli* mátti sjá þungavigtarfólk úr róttæku vinstrihreyfingunni, vísindasamfélaginu og heimi bókmennta og lista, þar á meðal Henri Barbusse, Johannes R. Becher, Albert Einstein, Sergej M. Eisenstein, George Grosz, Aleksöndru Kollontaj og Erwin Piscator.<sup>4</sup>

Sams konar auglýsingar á þýska bókmenntafélaginu birtust í *Verkamanninum*, *Verði* og *Alþýðublaðinu*.<sup>5</sup> Ábyrgðarmaður og sá sem „ann[aði]st skráningu nýrra félaga“<sup>6</sup> var Ísleifur Högnason, kaupfélagsstjóri og ritstjóri *Eyjablaðsins*, „málgagns alþýðu í Vestmannaeyjum“, en hann átti síðar eftir að taka sæti á þingi fyrir Kommúnistaflokk Íslands.<sup>7</sup> Brýnt erindi félagsins við lesendur var undirstrikað í upphafsorðum auglýsinganna, þar sem vísað var til þess þráláta umkvörtunar-efnis „hve fámennið hér úti á hjara veraldar, andleg deyfð og tilbreytingaleysi, hamli þroska manna“. „Eina ráðið til þess að fylgjast með menningarstraumum samtíðar sinnar og ná snerting af skapandi anda og nýjum lífsskoðunum“ var sagt í því folgið að „kynnast ritverkum þeirra, sem fram úr skara“.<sup>8</sup> Vandinn væri þó sá að „velja rit réttra höfunda“, en *Universum Bücherei für Alle* réði einmitt bót á því, enda hafi þar „allmargir af nútímans slingustu rithöfundum og fræðimönnum stofnað bókmenntafélag“ er eigi að sjá til þess „að allur fjöldinn geti veitt sér kaup og lestur nýtlegra bóka um fagurfræðileg og vísindaleg efni“.<sup>9</sup> Þannig er lögd áhersla á að hér opnast íslenskum lesendum gluggi út í heimsmenninguna með gæðaverkum eftir leiðandi höfunda á ólíkum sviðum, í bókum á viðráðanlegu verði fyrir alþýðu manna. Slysatryggingunni sem fylgdi í kaupbæti virðist hafa verið ætlað að höfða til breiðari áskrifendahóps, en tvímælalaust var hún mörgum einnig mikilvægt hagsmunamál.<sup>10</sup>

<sup>4</sup> Sama heimild, bls. 3. Ítarlegri lista yfir upphaflega ritnefnd bókmenntafélagsins má finna hjá Heinz Lorenz, *Die Universum Bücherei 1926–1939. Geschichte und Bibliographie einer proletarischen Buchgemeinschaft*, Berlín: Elvira Tasbach, 1996, bls. 6–7.

<sup>5</sup> „Þýskt bókmenntafélag“, *Verkamadurinn* 18. október 1927, bls. 3–4; „Þýskt bókmenntafélag“, *Vörður* 22. október 1927, bls. 4; „Þýskt bókmenntafélag“, *Alþýðublaðið* 21. október 1927, bls. 3.

<sup>6</sup> „Þýskt bókmenntafélag“, *Skutull* 20. október 1927, bls. 4.

<sup>7</sup> Sjá Rósa Magnúsdóttir, *Kristinn og Þóra. Raudir þræðir*, Reykjavík: Mál og menning, 2021, bls. 98.

<sup>8</sup> „Þýskt bókmenntafélag“, *Skutull* 20. október 1927, bls. 3.

<sup>9</sup> Sama heimild, bls. 3.

<sup>10</sup> Um var að ræða skammlíft tilboð á tryggingu sem sneri að slysum í umferð og tómsendum eða svokallaða „Verkehrs- und Sportunfallversicherung“ (sjá Heinz Lorenz, *Die Universum Bücherei 1926–1939*, bls. 13–14).

**ULLARGARN**  
 4þætt, ágæt tegund,  
 nýkomið í  
**Soffiubúð.**

Vandaðar og ódýrastar Lík-  
 klustur hefur altaf fyrirliggjandi  
**Ólafur Gestsson,**  
 Fjarðarstréti 29.  
 Ennfremur íslensk líkklúði, ef  
 óskað er.

**GOTT TÆKIFÆRI.**  
 Öll *FATA-* og *FRAKKAÆFNI*, sem eldri eru en frá  
 yfirstandandi ári, sel og með 20% afslætti, eða eftir sam-  
 komulagi við hvern einn.  
 Eins og mörgum er kunnugt, eru efnin flest úrval  
 að gæðum, og geist þvi mönnum hér kostur á ódýrum  
 og góðum fötum.  
 Ísaförð, 18. október 1927.  
**Þorsteinn Guðmundsson**  
 klæðskeri.

**Þýskt bókmentafélag.**

Þrássonis heyrir maður kunn-  
 ingja sína kvarta um það, hve  
 fámennið hér úti á hjara voraldar,  
 andleg deyð og tilbreytingaleysi,  
 hamli þroska manna. Eins ráðið  
 til þess að fylgjast með menn-  
 ingarstráumum samtíðar sinnar og  
 ná snerting af skapandi anda og  
 nýjum lífsskoduunum, er að kynna-  
 ast ritverkum þeirra, sem fram úr  
 skara.

Aðal annmarkinn er þá sá, að  
 velja rit róttara höfundu, en það  
 kostar mikið fé, orðið og tíma  
 að grafa uppi það nýtilega úr  
 öllum þeim kynstrum sem út eru  
 gefin. Auk þess eru ritdómár einnatt  
 óábyggilegir — keyptar auglýs-  
 ingar.

Til þess að ráða bót á þessu  
 og til þess að altur fjöldinn geti  
 veitt sér kaup og lestur nýtilegra  
 bóka um fagurfræðileg og vís-  
 indaleg efni, hafa allmargir af  
 nútímans slingustu rithöfundum  
 og fræðimönnum stofnað bók-  
 mentafélag, sem einnig annast  
 bókaútgáfu. Félag þetta gefur út  
 rit sín á þýsku og heitir: „Univer-  
 sum Buckerei für alle“. Árs-  
 fjórðungsgjald félagsmeðlima er  
 Mk. 3.80 (h. u. b. kr. 14.50 yfir  
 árið) og fá félagsmeðm fyrir þetta  
 gjald:

1. Mánaðarritið „Blatter für

Beza Cigarettan í 20 stk. þökkum,  
 sem kosta 1 krónu, er:

**COMMANDER,**  
 Westminster, Virginia,  
 Cigarettur.

Fást í öllum verzlunum.

alle“, með stuttum ritgerðum eftir  
 ýmsa ágæta höfundu um skáld-  
 skap, listir og vísindi. Rit þetta  
 er hið vandaðasta að frágangi  
 og skreytt teikningum og ljós-  
 myndum.

2. Ársfjórðungslaga: Eitt skáld-  
 rit eða vísindarit eftir úrvalshöf-  
 und. Í þessum flokki verða ýmsar  
 bækur, sem ekki verða fánalegar  
 annarstaðar, að eins fyrir félags-  
 meðlimi.

3. Slysátryggingu að upphæð  
 5000 gullmörk.

Félagið hefir nú starfað í tæp  
 tvö ár og gefið út rit eftir  
 þessa höfundu nafnakanna: Robert  
 Tressae, Max Hermann Neisse,

Balsac, Prof. Stendahl, Chateau-  
 briand, Daumier (teikningar),  
 Maxim Gorki, Upton Sinclair,  
 Egon Erwin Kisch.

Bókaútgáfu og ritnefndin er  
 skipuð þessum rithöfundum, lista-  
 og fræðimönnum: Graf Arco,  
 Henry Barbuse, Johannes R.  
 Becker, Dr. Adolf Behne, Fritz  
 Brupbacher, Prof. dr. Albert Ein-  
 stein, S. M. Eisenstein, George-  
 Grosz, Carl Grunberg, Maximilian  
 Harden, Alexandra Kollontay,  
 Prof. Kathe Kollwitz, Egon Erwin  
 Kisch, Dr. Alfons Paquet, Erwin  
 Piscator, Frhr. Schönauich, Dr.  
 Helene Stöcker og Dr. Armin T.  
 Wegener.

➡ **VERSLIÐ VIÐ KAUPFÉLAGIÐ.** ➡

*Alþjóðasinnaðar bókmenntir á þýsku*

Auglýsingarnar á starfsemi *Universum Bücherei für Alle* vekja upp áleitnar spurningar um dreifingu róttækra alþjóðlegra bókmennta innan íslensks menningarvettvangs. Örðugt er að meta áhrif slíks lesefnis á erlendum málum sem hefur verið í dreifingu hérlendis á ólíkum tímum og nánari greining á vægi rita á vegum þýska bókmenntafélagsins myndi útheimta ítarlegri rannsókn en hér verður ráðist í. Af dagsetningum auglýsinganna má þó álykta að átakið við að afla nýrra félagsmanna hafi ekki gengið fyllilega eftir væntingum, því þær birtust allar á fimm daga tímabili og ekki virðist hafa orðið framhald á starfseminni. Auglýsingarnar eru athyglisvert dæmi um hvernig alþjóðleg útgáfa róttæku vinstrihreyfingarinnar, sem hverfðist um mótun nýs hefðarveldis eða *kanónu* alþjóðasinnaðra heimsbókmennta, teygði sig hingað til lands á síðari hluta þriðja áratugarins.<sup>11</sup> Útibú félagsins í Vestmannaeyjum var ekki það eina sinnar tegundar. Þau fyrstu voru stofnuð í Zürich, Vín og Prag árið 1927 og í framhaldinu spruttu upp útibú í Rúmeníu, Ungverjalandi og Sviss.<sup>12</sup> Á sama tíma og auglýsingarnar birtust hér á landi voru félagsmenn um 5.000 en flestir urðu þeir um 40.000 árið 1933.<sup>13</sup> Félagið hélt starfsemi sinni áfram í útleð eftir valdatöku nasista það ár þótt útgáfa og dreifing yrði erfiðari viðfangs, en fram til ársins 1939 sendi félagið frá sér yfir 300 bækur. Útgáfan á fyrstu árum starfseminnar, þegar angar hennar teygðu sig til Íslands, varpar ljósi á það safn bókmenntaverka sem félagsmönnum stóð til boða. Fyrsta bókin sem kom út í upphafi árs 1927 var þýsk þýðing á skáld-

<sup>11</sup> Hugtakið „alþjóðasinnaðar heimsbókmenntir“ er hér notað sem jafngildi hugtaksins *internationalist world literature* eða *internationalistische Weltliteratur* á ensku og þýsku. Hugtakið vísar til þeirra bókmennta sem áttu rætur í alþjóðahyggju róttæku vinstrihreyfingarinnar og einkum starfsemi Kominterns. Notkun lýsingarorðsins „alþjóðasinnaður“ kann að virka óvanaleg í þessu samhengi, þar sem það vísar alla jafna til afstöðu einstaklinga eða hópa fremur en pólitískra eða menningarlegra strauma og ef til vill væri réttara að ræða um „heimsbókmenntir alþjóðasinna“ eins og gert er á stöku stað í greininni. Ástæða þess að hér hefur verið kosið að tala um alþjóðasinnaðar heimsbókmenntir er einkum sú að orðalagið er þjálá í meðförum, auk þess sem orðanotkunin réttlætist af því að afstaða alþjóðahyggjunnar er beinlínis ofin inn í þær bókmenntir sem hér um ræðir. Um hefðarveldishugtakið, sjá Jan Gorak, *The Making of the Modern Canon. Genesis and Crisis of a Literary Idea*, London: Bloomsbury, 2013 [1991]; E. Dean Kolbas, *Critical Theory and the Literary Canon*, Boulder, Colorado: Westview, 2001.

<sup>12</sup> Heinz Lorenz, *Die Universum Bücherei 1926–1939*, bls. 37–39. Í riti Lorenz er tekið fram að Brynjólfur Bjarnason hafi verið tengiliðurinn, auk þess sem nefnt er að tekist hafi að afla nokkurs fjölda nýrra félagsmanna hér á landi.

<sup>13</sup> Sama heimild, bls. 173. Brýnt er að taka þessum tölum með nokkrum fyrirvara, þar sem misbrestir virðast hafa verið á því að uppfæra félagatalið þótt félagsmenn greiddu ekki ársfjórðungsjaldið.

sögunni *Artamanov-málið* (*Дело Артамоновых*, 1925) eftir Gorkij, á sama ári kom skáldsagan *Járnstraumurinn* (*Железный поток*, 1924) eftir Aleksandr Sjerafimovitsj og í kjölfarið fylgdu verk eftir Konstantín Fedín, Aleksandr Tarasov-Rodíonov, Júrij Tynjanov og Mikhaíl Tsjúmandrín.<sup>14</sup> Þýðingarnar úr rússnesku endurspeglu það mikilvæga hlutverk sem útgáfa á þýsku gegndi fyrir miðlun sovéskra bókmennta til hins alþjóðlega lesendahóps, ekki síst í Vestur-Evrópu. Þannig „voru þýðingar á sovískum textum hvergi jafn áberandi og algengar“ og í Þýskalandi, þar sem þýðingar komu oft út skömmu á eftir frumtextunum. Í því sambengi hefur Katerina Clark beinlínis talað um „vígi Moskvu og Berlínar innan vinstri menningar“ tímabilsins, þegar þýskan gegndi lykilhlutverki sem alþjóðlegt samskiptamál.<sup>15</sup> Það á einnig við hér á landi, enda höfðu flestir lykilmenn í róttæku vinstrihreyfingunni stundað nám í Þýskalandi og tengslin við starfsemi hinnar alþjóðlegu hreyfingar tóku í raun fyrst á sig mynd í Berlín. Sumarið 1923 völdust þannig þrír ungir námsmenn til að „halda uppi sambandi“ á milli íslenskra röttæklinga og „erlendra skoðanabræðra“ þeirra.<sup>16</sup> Þar var um að ræða þá Stefán Pjetursson, Einar Olgeirsson og Ársæl Sigurðsson, sem allir voru „kornungjir] menn við nám í Þýskalandi“ á þeim tíma.<sup>17</sup> Árið 1923 bættist Brynjólfur Bjarnason í hópinn og sjö árum síðar hélt Kristinn E. Andrésson til Þýskalands, þar sem hann stundaði nám í Kiel, Leipzig og Berlín næstu þrjú árin. Kristinn gerði þýskar bókmenntir að sérsviði sínu og segja má að skrif hans hverfist að mestu um tengsl íslenskra, þýskra og sovéskra nútímabókmennta, þótt sjónarhorninu sé einnig beint að víðara sambengi alþjóðlegra byltingarbókmennta.

Nærtækt er að draga þá ályktun að dreifingarstarfsemi *Universum Bücherei für Alle* hér á landi hafi gegnt þríþættu hlutverki: í fyrsta lagi að styrkja útgáfustarfsemina í Þýskalandi; í öðru lagi að sjá hérlendum lesendum sem höfðu vald á þýsku fyrir vönduðum og róttækum bókum vísindalegs og fagurfræðilegs eðlis; í þriðja lagi að efla þýskukunnáttu lesenda og veita þeim þjálfun í því tungumáli sem gegndi lykilhlutverki innan vinstrihreyfingarinnar í Evrópu. Við þetta má loks bæta fjórða atriðinu og velta upp þeirri spurningu að hvaða marki hér var verið að opna lesendum á Íslandi leið inn í það lesendasamfélag alþjóðasinnaðra bókmennta sem var í mótun á þessum tíma. Líkt og Christoph Schaub hefur

<sup>14</sup> Sjá ítarlega samantekt í sömu heimild, bls. 191–233.

<sup>15</sup> Katerina Clark, *Eurasia without Borders. The Dream of a Leftist Literary Commons, 1919–1942*, Cambridge Massachusetts og London: The Belknap Press of Harvard University Press, 2021, bls. 251.

<sup>16</sup> Kjartan Ólafsson, *Draumar og veruleiki. Stjórnsmál í endursýn*, Reykjavík: Mál og menning, 2020, bls. 26–27.

<sup>17</sup> Sama heimild, bls. 27.

bent á má líta á starfsemi *Universum Bücherei für Alle* sem viðleitni til að móta einmitt slíkt ímyndað alþjóðasamfélag róttækra lesenda sem deildu sameiginlegum reynsluheimi með alþjóðlegri dreifingu lesefnis.<sup>18</sup> Markmið starfseminnar var ekki aðeins að leggja til vettvang fyrir útgáfu, dreifingu og mótun byltingarsinnaðra bókmennta, heldur ekki síður að móta nýja tegund lesenda og efla alþjóðasinnaða stéttarvitund þeirra.

Þegar litið er yfir útgáfu *Universum Bücherei für Alle* á fyrstu starfsárunum vekja ekki aðeins athygli áður nefndar þýðingar úr rússnesku, heldur ekki síður lágt hlutfall slíkra þýðinga í heildarútgáfunni. Verk þeirra sex höfunda sem áður hafa verið nefnd voru þau einu sem félagið sendi frá sér á tímabilinu frá 1927 til 1930. Á lista þeirra hundrað bóka sem komu út á þessum árum glittir aftur á móti í fjölskrúðuga flóru alþjóðasinnaðra heimsbókmennta. Þar má ekki aðeins nefna verk þeirra höfunda sem tilgreindir voru í *Skutli*, heldur einnig fjölmörg verk eftir Émile Zola og bækur höfunda eins og Luigis Pirandello, Jaroslavs Hašek og Eça de Queiroz. Þótt yfirlýst markmið félagsins hafi verið að stuðla að dreifingu „mikilvægra heimsbókmennta“ og „tengja þjóðirnar saman“ með því að „takast á við áskoranir margra landa og þjóða“,<sup>19</sup> var sjónarhornið einkum á verk evrópskra og bandarískra höfunda. Þýskar bókmenntir gegndu mikilvægu hlutverki, en auk höfundanna sem nefndir voru í *Skutli* má þar nefna verk eftir Alfons Goldschmidt, Albert Daudistel, Kurt Tucholsky, Kurt Kläber, Emil Ludwig og Johannes R. Becher.<sup>20</sup> Sérstök áhersla var lögð á félagslegar skáldsögur og hefð *Reportage* eða vettvangsfrásagna, þar sem vettvangsrannsókn, fréttæfni og alþýðlegum sagnaþáttum var fléttað saman við bókmenntalegar frásagnir. Líta má á vettvangsfrásögnina sem undirstöðu þeirrar bókmenntasköpunar sem varð ráðandi í bókmenntum alþjóðasinna á þýsku málsvæði undir lok þriðja áratugarins, þar sem síður var lögð áhersla á fagurfræðilegt gildi en heimildavinnslu, upplýsingar, skrásetningu, nákvæmni, staðreyndir, notagildi og beinskeytni – svo vísað sé til nokkurra helstu slagorða tímabilsins.<sup>21</sup> Í knöppum textum af þessum toga urðu mörkin á milli þjóðfélagsgreiningar, vettvangslýsinga og fagurbókmennta

<sup>18</sup> Christoph Schaub, *Proletarische Welten. Internationalistische Weltliteratur in der Weimarer Republik*, Berlín og Boston, De Gruyter, 2019, bls. 82. Schaub leggur hér út af skrifum Benedicts Anderson um þjóðernishyggu og „ímyndað samfélög“ (sjá *Imagined Communities. Reflections on the Origin and Spread of Nationalism*, London: Verso, 1991 [1983]).

<sup>19</sup> Tilvitnanirnar eru sóttar í tímaritið *Blätter für Alle*, hér vitnað eftir Heinz Lorenz, *Die Universum Bücherei 1926–1939*, bls. 10.

<sup>20</sup> Í grein sem birtist annars staðar í þessu sérhefti *Ritsins* fjallar Jonas Bokelmann um einn þessara þýsku höfunda, Albert Daudistel, og sautján ára útlegð hans á Íslandi.

<sup>21</sup> Sjá Matthias Uecker, *Wirklichkeit und Literatur. Strategien dokumentarischen Schreibens in der Weimarer Republik*, Bern: Peter Lang, 2007, bls. 7, 98.

oft óljós. Tónskáldið Hanns Eisler lýsti þeirri afstöðu til lestrar sem hér lá til grundvallar á hnitmiðaðan hátt þegar hann komst svo að orði að „borgarinn les[i] sér til skemmtunar, til afþreyingar“ en „við lesum til þess að læra, til þess að ná einbeitingu“.<sup>22</sup>

Innan alþjóðasinnaðra bókmennta á þýsku urðu framsækjar frásagnaraðferðir sem áttu rætur í starfsemi framúrstefnuhreyfinga áratuginna á undan fyrirferðarmeiri og langlífari en á öðrum tungumálum. Þar er ekki síst átt við hefð svokallaðrar *Montage*, klippitækni eða myndfléttna þar sem svipmyndum af lífi og hlutskipti öreigalyðsins í ólíkum heimshlutum var skeytt saman í brotakenndum verkum. Með hliðsjón af verkum Egons Erwins Kisch, Önnu Seghers og Franz Jung, sem kalla má þrjá lykilhöfunda alþjóðasinnaðra bókmennta á tíma Weimar-lýðveldisins, hefur Schaub tengt þetta ferli við mótun nýs hefðarveldis sem hverfðist ekki aðeins um skáldsögur, leikrit og ljóð, heldur einnig bókmenntasmágreinar á borð við vettvangsfrásagnir, dreifirit, fréttaskot, veggspjöld og bréfaskrif, þar sem útkoman var sérstæð tilbrigði „blendingsbókmennta“ er byggðust á klippitækni.<sup>23</sup> Í brotakenndum verkum af þessu tagi var brugðið upp mynd af „margbrotnum heimi“ (þ. *Multiversum*) hinnar alþjóðlegu öreigastéttar, sem lýsa má sem „viðvarandi og oft margfléttuðum kontrapunkti hinna sögulegu radda“ öreigalyðsins í ólíkum heimshlutum.<sup>24</sup> Starfsemi *Universum Bücherei für Alle* er til marks um hvernig framsækinn verk úr þessari átt voru í umferð hér á landi og kunna að hafa haft margbrotnari áhrif á íslenskar bókmenntir en talið hefur verið.

Bækur *Universum Bücherei für Alle* voru ekki einu róttæku ritin á erlendum málum í dreifingu hérlendis. Í dagblöðum og tímaritum má finna auglýsingar

<sup>22</sup> Vitnað eftir Heinz Lorenz, *Die Universum Bücherei 1926–1939*, bls. 28.

<sup>23</sup> Christoph Schaub, *Proletarische Welten*, bls. 13. Hugtakið „bókmenntasmágrein“ er sótt í grein Ástráðs Eysteinsonar, „Baráttan gegn veruleikanum. Af Þórbergi Þórðarsyni og bókmenntasmágreinum“ (*Umbrot. Bókmenntir og nútími*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999, bls. 145–163). Líkt og Árni Sigurjónsson hefur vikið að kann sú hefð vettvangsfrásagna sem hér er vísað til að vera mikilvægur þáttur í mótun þeirrar greinavitundar sem setur svip sinn á verk Þórbergs frá þriðja áratugnum og fyrri hluta fjórða áratugarins, en ekki er vikið að slíkum tengslum með beinum hætti í grein Ástráðs: „Sú bókmenntagrein sem var Þórbergi einna nærtækust var vettvangsfrásögnin (reportage) og hann mun hafa verið undir áhrifum frá stefnu sem nefnd er ný hlutlægni (Neue Sachlichkeit); menn á borð við Sergej Tretjakov og Egon Erwin Kisch voru andlegir lagsbræður hans, þótt honum hafi kannski ekki verið það ljóst sjálfum“ (Árni Sigurjónsson, *Laxness og ljóðlífið. Bókmenntir og bókmenntakenningar á árunum milli stríða*, Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1986, bls. 72). Hugtakið „vettvangsfrásögn“, sem þýðing á *Reportage*, er sótt í rit Árna.

<sup>24</sup> Christoph Schaub, *Proletarische Welten*, bls. 158–159. Hugtakið „margbrottinn heim“ sækir Schaub til Ernsts Bloch (sjá *Werkausgabe*, 13. bindi: *Tübinger Einleitung in die Philosophie*, Frankfurt am Main: Suhrkamp, 1970, bls. 128, 146).

á öðrum ritröðum, tímaritum og stöku verkum, auk þess sem víða er vikið að slíkum ritum í skrifum rithöfunda og menntamanna. Í því samhengi má nefna ritröðina *Der internationale Roman* (*Alþjóðlega skáldsagan*) sem *Internationaler Arbeiter-verlag* (Alþjóðlega verkalýðsforlagið) í Berlín gaf út á vegum Þýska kommúnistaflokksins. Í auglýsingu sem birtist í *Verklýðsblaðinu* árið 1933 var tekið fram að „efni skáldsagnanna [væri] tekið úr lífi og baráttu verkalýðsins í hinum ýmsu löndum“, um leið og lesendur voru upplýstir um að bækurnar fengjust á afgreiðslu blaðsins og kostaði „hvert bindi 4 krónur í kápu en 6 krónur í laglegu léreftsbandi“. <sup>25</sup> Þeir sjö titlar á þýsku sem tilgreindir voru í auglýsingunni varpa ljósi á það alþjóðlega skáldsagnasafn sem stóð til boða. Hér mátti finna bækur eftir þýsku höfundana Kurt Kläber og Albert Daudistel, tékkneska höfundinn Ivan Olbracht, ungverska höfundinn Béla Illés, ítalska höfundinn Giovanni Germanetto, bandarísku skáldkonuna Mary Heaton Vorse og loks skáldsöguuna *Sólarlausa gatan* (*Taiyō no nai Machi*, 1929) eftir japanska höfundinn Sunao Tokunaga. Slíkar auglýsingar takmörkuðust ekki við bækur á þýsku. Ári síðar birtist auglýsing í *Verklýðsblaðinu*, þar sem Heimskringla tilkynnti að hún hefði til sölu norska þýðingu á umræddri skáldsögu Tokunagas, auk þýskra og norræna þýðinga á verkum eftir Belá Illés og Jaroslav Hašek, sem og verkum sovésku höfundanna Mikhaíls Sholokhov, Ívans Shútsjov, Dmitrijs Fúrmanov, Pjotr Pavljenko og Júrijs Libedinskij. <sup>26</sup>

Loks er vert að huga að erlendum tímaritum. Þar má ekki síst nefna *Alþjóðlegar bókmenntir* (*Интернациональная литература*), sem hóf göngu sína undir heitinu *Bókmenntir heimsbyltingarinnar* (*Литература мировой революции*) árið 1931 en fékk seinna nafn sitt ári síðar og kom út til 1943. Tímaritið má kalla helstu miðstöð rauðra eða alþjóðasinnaðra heimsbókmennta á tímabilinu, jafnt með tilliti til alþjóðlegs bókmenntaefnis sem þar var birt og fræðilegrar umræðu um hið nýja hefðarveldi. Tímaritið kom út í ólíkum gerðum á sex tungumálum, ýmist til lengri eða skemmri tíma: á rússnesku, ensku, frönsku, þýsku, spænsku og kínversku. <sup>27</sup> Þessi fjöltyngda útgáfa endurspeglar í senn áhersluna á alþjóðlega útbreiðslu og þann vanda sem tengdist skortinum á samskiptamáli er gerði kleift að ná til hins þverþjóðlega lesendahóps, en um leið varpar hún ljósi á lykilhlutverk þýðinga innan hins nýja heimsbókmenntakerfis. <sup>28</sup> Tímaritið hefur

<sup>25</sup> „Verklýðsbókmenntir“ [auglýsing], *Verklýðsblaðið* 7. mars 1933, bls. 3. Sams konar auglýsing birtist einnig í *Rauða fátanum* (2/1933, bls. 8).

<sup>26</sup> „Bókaútgáfan Heimskringla útvegar eftirfarandi bækur“, *Verklýðsblaðið* 3. september 1934, bls. 4.

<sup>27</sup> Christoph Schaub, *Proletarische Welten*, bls. 103. Sjá einnig Katerina Clark, *Eurasia without Borders*, bls. 28.

<sup>28</sup> Um hugtakið bókmenntakerfi, rætur þess í kenningum rússneskra formalista um þróun



náð nokkurri útbreiðslu hérlendis, því finna má auglýsingar á þýsku og ensku útgáfunni í *Sovétvininum* og *Þjóðviljanum* á tímabilinu 1934–1938.<sup>29</sup> Enn fremur má benda á allitarlega kynningu Sigurðar Guðmundssonar í *Þjóðviljanum* árið 1937. Þar fullyrðir hann að tímaritið sé þegar „orðið talsvert þekt meðal frjálslyndra bókavina í Reykjavík“ þótt það eigi „skilið meiri útbreiðslu og athygli“, enda sé hér á ferð „ómetanlegur leiðarvísir“ fyrir þá „sem vilja fylgjast með róttækum og frjálslyndum heimsbókmentum“.<sup>30</sup> Þarna vekur ekki síst athygli hvernig Sigurður tengir tímaritið með beinum hætti við heimsbókmenntahugtakið um leið og hann undirstrikar hlutverk þess sem leiðarvísis um kerfi þeirra. Til marks um áhrif þýsku útgáfunnar hér á landi má loks nefna að á fjórða áratugnum birtast tveir textar sem tekið er fram að séu „þý[ddir] úr Internationale Literatur“, annars vegar sagnaþáttur eftir Lev Nikúlín í *Rétti* og hins vegar smásaga eftir Gorkij í þýðingu Jóns Pálssonar í *Rauðum pennum*.<sup>31</sup> Líklegt má telja að meira efni hafi verið þýtt úr tímaritinu án þess að það sé tekið fram og sama gildir um önnur mikilvæg tímarit alþjóðasinnaðra bókmennta á þýsku og ensku, þar á meðal *New Masses*, *Left Review*, *New Writing*, *Die Linkskurve*, *Das Wort* og *Arbeiter-Literatur*.<sup>32</sup>

Þær glefsur sem hér hafa verið teknar saman veita nokkra innsýn í þá ólíku strauma sem bárust hingað til lands um hið nýja heimsbókmenntakerfi alþjóðasinna. Samantektið varpar ljósi á að sú róttæka bókmenntaútgáfa sem tók á sig

---

bókmennta og hlutverk þýðinga, sjá Itamar Even-Zohar, „Staða þýðdra bókmennta innan fjölkerfis bókmenntanna“, þýðandi Jón Karl Helgason, *Ritið* 2/2022, bls. 207–216. Sjá einnig lykirlitgerð Júrijs Tynjanov um bókmenntalega þróun: Jurij Tynjanov, „Über die literarische Evolution / „О литературной эволюции“ [1927], þýðandi Helene Imendörffer, *Texte der russischen Formalisten*, 1. bindi: *Texte zur allgemeinen Literaturtheorie und zur Theorie der Prosa*, ritstjóri Jurij Striedter, München: Wilhelm Fink, 1969, bls. 432–461.

<sup>29</sup> „Höfum fyrirliggjandi nýjstu bækur um Sovét-Rússland og ýms marxísk rit“ [auglýsing], *Sovétvinurinn* mars-apríl 1934, bls. 14; „Nýkomið“ [auglýsing], *Þjóðviljinn* 5. nóvember 1937, bls. 2; „Nýjar bækur“ [auglýsing], *Þjóðviljinn* 15. janúar 1938, bls. 3. Í auglýsingunni frá 1937 er einnig boðið til sölu tímaritið *Das Wort*, sem gefið var út í Moskvu og gegndi lykilhutverki fyrir bókmenntaumræðu róttækra vinstrimanna frá Þýskalandi á tímabili útleðarinnar.

<sup>30</sup> Sigurður Guðmundsson, „Tímarit um róttækar og frjálslyndar bókmenntir“, *Þjóðviljinn* 8. október 1937, bls. 2.

<sup>31</sup> L. Nikulin, „Pyntingarklefinn“ [þýð. ekki getið], *Réttur* 6–7/1935, bls. 172–177; Maxim Gorki, „Bitur kvöl“, þýðandi Jón Pálsson frá Hlíð, *Rauðir pennar* 3/1938, bls. 150–173, hér einnig bls. 238.

<sup>32</sup> Sjá Katerina Clark, *Eurasia without Borders*, bls. 28; Christoph Schaub, *Proletarische Welten*, bls. 1–2. Til marks um útbreiðslu þessara tímarita hér á landi má nefna að í mikilvægri grein sinni um bandarískar nútímabókmenntir vikur Guðmundur G. Hagalín að hinum „bólsýnu æskumönnum“ sem þrífist í Greenwich-hverfinu í New York og nefnir sérstaklega „tímaritið *The New Masses*, sem ýmsir hér heima þekja“ („Um nútíðarbókmenntir Bandaríkjanna“, *Íðunn* 3/1934, bls. 205–245, hér bls. 239).

mynd hérlandis jafnt með frumsömdum verkum, greinaskrifum og þýðingum á þriðja og fjórða áratugnum var í raun angi alþjóðlegrar starfsemi sem teygði sig inn í íslenskan málheim. Myndin sem hér hefur verið brugðin upp er nokkuð ólík þeirri sem jafnan hefur verið haldið fram innan íslenskrar bókmenntasögu, þar sem róttækir straumar tímabilsins hafa setið nokkuð þægilega á sínum stað. Þannig nefnir Jón Yngvi Jóhannsson í nýlegu yfirliti að „íslenskir kommúnistar“ hafi „á þessum tíma [fylgt] stefnu sem mótuð var í Moskvu af Jósef Stalín og stjórn hans“ og vikur í framhaldinu að stofnun Félags byltingarsinnaðra rithöfunda árið 1933, útgáfu *Rauða þenna* og síðar *Tímarits Máls og menningar*.<sup>33</sup> Loks nefnir hann lykilgrein Kristins E. Andréssonar frá 1935, áður en hann snýr greiningunni að verkum Halldórs Laxness og nokkurra annarra íslenskra höfunda. Í yfirliti sínu um „burðarvirki íslenskrar nútímameningar“ vikur Jón Karl Helgason að stofnun Félags byltingarsinnaðra rithöfunda með svipuðum hætti og nefnir lykilhlutverk Kristins, auk þess sem hann minnst á Heimskringlu, Mál og menningu, *Rauða þenna* og *Tímarit Máls og menningar*. Loks nefnir hann að Heimskringla hafi gefið út Stjórnarskrá Sovétríkjanna, ræður Stalíns og „rit um marxisma“ á fjórða áratugnum.<sup>34</sup> Eitt af því sem fangar athyglina er þögnin um umfangsmikla þýðingastarfsemi róttæku vinstrihreyfingarinnar á þriðja og fjórða áratugnum. Í eftirfarandi umfjöllun verður sjónum beint að þessari þýðingastarfsemi og leitast við að veita innsýn í þá ólíku strauma sem með henni berast inn í íslenskt bókmenntakerfi og verða þannig hluti af þeim „málheimi sem bókmenntavitund fólks hrærist í“.<sup>35</sup>

Greiningin er hugsuð sem syrpa athugana sem kunna að nýtast til að opna ný sjónarhorn á viðfangsefnið og leggja grunn að frekari rannsóknum. Þótt markmiðið sé ekki að setja fram tæmandi yfirlit er hér lögð áhersla á ítarlega samantekt, þar sem leitast er við að bregða upp mynd af heildarumfangi þeirra bókmenntaþýðinga sem koma út á tímabilinu. Um leið nýtist slík samantekt, sem hingað til hefur skort,<sup>36</sup> til að lýsa þeim ólíku straumum sem berast hingað til

<sup>33</sup> Jón Yngvi Jóhannsson, „Hvenær kom nútíminn til Íslands?“, *Íslenskar bókmenntir. Saga og samhengi*, 2. bindi, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2021, bls. 527–653, hér bls. 583.

<sup>34</sup> Jón Karl Helgason, „Burðarvirki íslenskrar nútímameningar“, *Saga Íslands*, 11. bindi, ritstjórar Pétur Hrafn Árnason og Sigurður Línadal, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag / Sögufélag, 2016, bls. 317–406, hér bls. 343.

<sup>35</sup> Ástráður Eysteinnsson, „Halldór Laxness og aðrir höfundar. Skáldsagan og bókmenntasagan“, *Umbrot*, bls. 13–29, hér bls. 21.

<sup>36</sup> Í þessu samhengi ber þó að nefna yfirgripsmikla samantekt Arnar Ólafssonar um útgáfustarfsemi vinstrihreyfingarinnar á fyrri hluta tuttugustu aldar, þar sem einnig er horft til viðamikillar þýðingaútgáfu tímabilsins. Sjónarhorn Arnar er þó annað og þær nýrri rannsóknir á hinu rauða heimsbókmenntakerfi sem hér eru lagðar til grundvallar

lands um heimsbókmenntakerfi alþjóðasinna á starfstíma Kominterns eða Þriðja alþjóðasambands kommúnista 1919–1943. Sjónarhornið á heildarumfang er í senn nauðsynlegt til þess að draga fram ummerki hins rauða heimsbókmenntakerfis hér á landi og bregða upp mynd af þeim margbreytilegu og fjölbjóðlegu straumum sem þangað má rekja, en þeir urðu margir hverjir skammlífir og hafa fallið í gleymsku fyrir vikið. Sjónum er beint að tveimur þáttum. Sá fyrri snýr að útgefnum þýðingum í tímaritum og á bókarformi. Þar er í fyrsta lagi horft til þriggja tímarita sem komu út á vegum vinstrihreyfingarinnar, *Réttar*, *Rauða fánans* og *Rauðra penna*, en tvö þau síðarnefndu hafa sérstöðu að því leyti að þau voru beintengd starfsemi Kominterns. Í öðru lagi er hugað að því hvernig bókmenntaefni úr röðum alþjóðasinna rataði inn í tímarit eins og *Íðunni*, *Eimreiðina* og *Dvöl*. Sú útgáfa varpar ljósi á margvíslega skörun hins borgaralega og hins alþjóðasinnaða bókmenntakerfis, þar sem almenn menningartímarit af þessu tagi þjónuðu einnig sem gátt fyrir bókmenntaverk alþjóðasinna. Á sama hátt beinir samantektin um bókaútgáfu ekki aðeins sjónum að Heimskringlu og Máli og menningu, heldur einnig að útgáfu á vegum forlaga sem ekki voru starfrækt af vinstrihreyfingunni. Sjónarhornið sem hér er lagt til grundvallar er til þess fallið að gera fjölbætt hlutverk alþjóðasinnaðra bókmennta innan íslensks menningarvettvangs sýnilegt. Sjónum er meðal annars beint að því hvernig róttækar frásagnahefðir sem rekja má til þriðja áratugarins þokast út á jaðar hins rauða heimsbókmenntakerfis um miðjan fjórða áratuginn en öðlast um leið framhaldslíf á öðrum vettvangi, sem afþreyingarefni eða bókmenntir er höfða til annars og að hluta til yngri lesendahóps. Athyglisverð dæmi um þetta má finna í framhaldssögum *Þjóðviljans* og *Sunnudagsblaði Alþýðublaðsins*, þar sem vettvangsfrásagnir og sú hefð sem hér er kennd við rauðar svaðilfarabókmenntir og tengd verkum Jacks London og B. Traven gegna nokkuð óvæntu hlutverki. Síðari þátturinn snýr að fræðilegri umræðu um hina nýju bókmenntastefnu vinstrihreyfingarinnar. Leitað er svara við þeirri spurningu að hvaða marki megi líta á þá umræðu sem tilraun til þess að leggja grunn að nýju hefðarveldi heimsbókmennta á íslensku, en einnig er hugað að sjálfu heimsbókmenntahugtakinu og þætti vinstrihreyfingarinnar í mótun þess og útbreiðslu á þriðja og fjórða

---

gagnast í senn til að draga fram ýmsa smærri texta og bókmenntategundir sem ekki rötuðu inn í samantekt Arnar og til að varpa skýrara ljósi á þá fjölbreytilegu strauma frásagnarbókmennta sem berast inn í íslenskt bókmenntakerfi með útgáfustarfsemi alþjóðasinna. Einkum er hér vert að nefna afar gagnlegt yfirlit Arnar um þýðingar á verkum ólíkra höfundu á íslenskum tímaritum, sem þjónaði að nokkru leyti sem grunnur fyrir þá samantekt sem ráðist hefur verið í hér í framhaldinu (sjá Örn Ólafsson, *Rauðu pennarnir. Bókmenntahreyfing á 2. fjórðungi 20. aldar*, Reykjavík: Mál og menning, 1990, bls. 225–226).

áratugnum. Útgangspunkturinn er lykilgrein Kristins E. Andréssonar um hina nýju bókmenntastefnu, sem birtist í fyrsta hefti *Rauðra þenna* árið 1935 og kalla má fyrstu skipulegu tilraunina til að draga útlínur hins nýja heimsbókmenntakerfis hér á landi, en einnig er vikið að mikilvægri grein Einars Olgeirssonar um „erlenda menningarstrauma og Íslendinga“ frá árinu 1926. Með þessu tvíþætta sjónarhorni á þýðingaútgáfu annars vegar og fræðilega umræðu hins vegar fæst innsýn í það verkefni tímabilsins sem hér er tengt við uppbyggingu og mótun nýs hefðarveldis rauðra heimsbókmennta hér á landi. Áður en ráðist er í þessa tvíþætta greiningu verður þó ekki hjá því komist að víkja nánar að sjálfu heimsbókmenntahugtakinu og því alþjóðlega samhengi sem vísað er til þegar rætt er um rauðar eða alþjóðasinnaðar heimsbókmenntir.

### *Borgaraleg fagurfræði og bókmenntakerfi annars heimsins*

Heimsbókmenntahugtakið hefur gengið í endurnýjun lífdaga á síðastliðnum árum. Emily Apter hefur lýst þróuninni á þann hátt að frá og með miðjum tíunda áratugnum hafi heimsbókmenntir orðið að „líflegu umræðuefni innan fagsviðs bókmenntafræði og hugvísinda háskólaheimsins“ og bent í því samhengi á útgáfu tímaritsins *World Literature Today* og skrif fræðimanna eins og Francos Moretti, Pascale Casanova og Davids Damrosch.<sup>37</sup> Aukið vægi hugtaksins má rekja til falls Berlínarmúrsins og breyttrar þróunar heimsmála undir merkjum hnattvæðingar, með tilheyrandi sókn markaðsafla inn á ný svæði. Apter rifjar upp að með ritgerð sinni frá árinu 2000 hafi Moretti beinlínis sett sér að bjarga bókmenntahluta hugtakins undan oki þeirra hnattrænu viðskiptahátta er gæfu lítið rúm fyrir óframleiðnar bollaleggingar um fagurfræði.<sup>38</sup> Auk þess vitnar hún til þeirra orða Simons During að „áhuginn á heimsbókmenntum tengist augljóslega auknu flæði ferðamanna og menningarafurða yfir landamæri viðs vegar um heiminn á síðastliðnum árum, þar á meðal skáldverka“, er sé til marks um „flókið samspil á milli aukinnar hlutdeildar bókmennta í afþreyingariðnaðinum og dvinandi vægis bókmenntaskrifa jafnt innan menntakerfisins og á markaði“. <sup>39</sup> Heimsbókmenntahugtakið öðlast hér tvíþætt hlutverk. Annars vegar felur það í sér áherslu á sérstætt gildi bókmennta, sem ekki verði metnar út frá markaðs- eða notagildi. Hins vegar hverfist hugtakið um sérstöðu bókmennta sem

<sup>37</sup> Emily Apter, *Against World Literature. On the Politics of Untranslatability*, London og New York: Verso, 2013, bls. 1.

<sup>38</sup> Sjá Franco Moretti, „Conjectures on World Literature“ [2000], *Distant Reading*, London og New York: Verso, 2013, bls. 43–62.

<sup>39</sup> Simon During, *Exit Capitalism. Literary Culture, Theory and Post-Secular Modernity*, London: Routledge, 2009, bls. 57–58; sjá einnig Emily Apter, *Against World Literature*, bls. 2–3.

markaðsvarnings, leit að leiðum til að finna þeim stað innan heimsmarkaðskerfis í stöðugri mótun.

Gagnleg leið til að varpa ljósi á þetta tvíbenta hlutverk hugtaksins er að beina sjónum að áhrifamiklum skrifum Damrosch og þeim ríkjandi hugmyndum um gildi heimsbókmennta sem liggja þeim til grundvallar. Í bókinni *What Is World Literature?*<sup>41</sup> leggur hann grunn að víðum skilningi á heimsbókmenntum sem „öllum þeim bókmenntaverkum er komast í umferð utan upprunamenningar sinnar, annaðhvort í þýðingum eða á frummálinu“<sup>40</sup> og dregur fram þrjú skilgreiningaratriði. Í fyrsta lagi lýsir hann heimsbókmenntum sem nokkurs konar „endurvarpi þjóðarbókmennta“.<sup>41</sup> Í öðru lagi bendir hann á að heimsbókmenntir séu „skrif sem hafi ávinning af þýðingum“.<sup>42</sup> Þriðja atriðið vegur öllu þyngra, en þar skilgreinir Damrosch heimsbókmenntir „ekki sem gefið hefðarveldi heldur sem leshátt“ er feli í sér „fjarræna tengingu [e. detached engagement] við heima utan okkar eigin staðar og tíma“.<sup>43</sup> Í þessari „fjarrænu tengingu“ má greina enduróm þeirrar hugmyndar um „hagsmunalaus velpóknun“ sem hefur gegnt mótandi hlutverki í borgaralegri fagurfræði allt frá skrifum Kants, þar sem hin fagurfræðilega nautn er talin óháð beinum hagsmunum, hún skírskoti öllu heldur til agaðrar, smekkvísrar og vitsmunalegrar vellíðunar frammi fyrir hinu fagra.<sup>44</sup> Um leið byggir þessi hugmynd um „fjarræna tengingu“ á því að heimsbókmenntir séu öðru fremur „háttur dreifingar og lestrar“,<sup>45</sup> þar sem bókmenntir séu síður lesnar með áherslu á sögulegt og staðbundið samhengi en út frá skírskotun til sammanlegrar reynslu. „Verk þarf ekki alltaf og eingöngu að lesa sem heimildir um tiltekinn tíma og stað“, skrifar Damrosch, heldur „búa mikil bókmenntaverk að yfirsíkvitlegum eiginleikum er gera þeim kleift að teygja sig út yfir tíma og rúm og tala til okkar í dag með beinum hætti“.<sup>46</sup> Vandinn við alþjóðasinnaðar bókmenntir þriðja og fjórða áratugarins er að þær rúmast illa innan þess borgaralega heimsbókmenntahugtaks sem hér er lýst, þar sem þær hvorki geta talist né vilja teljast til góðra bókmennta í slíkum skilningi. Þessar bókmenntir hverfast um staðreyndir, skrásetningu, heimildagildi og greiningu á þjóðfélagslegum að-

<sup>40</sup> David Damrosch, *What Is World Literature?*, Princeton og Oxford: Princeton University Press, 2003, bls. 4.

<sup>41</sup> Sama heimild, bls. 281.

<sup>42</sup> Sama heimild, bls. 281.

<sup>43</sup> Sama heimild, bls. 281.

<sup>44</sup> Hugmyndir sínar um „hagsmunalaus velpóknun“ setti Immanuel Kant fram í lykilriti sínu um gagnrýni dómgreindarinnar: *Kritik der Urteilskraft*, ritstjóri Wilhelm Weischedel, Frankfurt am Main: Suhrkamp, 1974 [1790].

<sup>45</sup> David Damrosch, *What Is World Literature?*, bls. 5.

<sup>46</sup> Sama heimild, bls. 135.

stæðum fremur en um mótun frásagna er fanga sammannlega reynslu. Þarna má greina eina meginástæðu þess að þær hafa að mestu leyti lent utan umræðunnar um heimsbókmenntir á síðustu árum. Líkt og Schaub hefur undirstrikað er þörf á breyttu sjónarhorni, þar sem athyglinni er ekki lengur beint að listrænum eiginleikum eða gæðum heldur að kortlagningu á dreifingarháttum, skipulagningu og útgáfuvettvangi. Þótt hefðarveldi heimsbókmenntanna hafi vissulega verið víkkað út á síðustu árum og teygi sig í auknum mæli til „sigildra bókmenntaverka utan Evrópu“ einkennist fræðiumræðan af sérstæðri blindu á „undirskipaðar bókmenntir innan og utan Vesturlanda“, það er verk sem mótast af öðrum viðmiðum og tilheyrta annars konar bókmenntakerfum.<sup>47</sup> Þannig hafa undirstöður hins viðtekna hefðarveldis verið festar í sessi með innlimun verka úr öðrum áttum, sem falla að ríkjandi viðmiðum, en annars konar bókmenntaverk hafa lent utan sjóndeildarhringsins. Innan þeirrar fræðiumræðu sem hefur átt stóran þátt í að víkka út sýn fræðasamfélagsins á hefðarveldi heimsbókmenntanna og draga inn önnur verk en bækur hvíttra karlhöfunda frá Vesturlöndum hefur vissulega verið lögð áhersla á verk sem liggja í einhverjum skilningi á jaðrinum. Vandinn við þetta heimsbókmenntahugtak er aftur á móti sá að það er ófært um að lýsa tengslum og átökum ólíkra bókmenntakerfa sem þrífast samtímis.

Opnara sjónarhorn á heimsbókmenntakerfið má finna í skrifum Casanova og Morettis, þar sem hugað er að valdaafstæðum og margþættum tengslum ólíkra þjóðarbókmennta og staðbundinna hefða.<sup>48</sup> Í tilviki Casanova leiðir sjónarhornið á París sem þá „borg er nýtur mestrar bókmenntalegrar virðingar í heiminum“, þó á endanum til einsleitar sýnar á heildstætt bókmenntakerfi sem hverfist um þessa „höfuðborg bókmenntaheimsins“.<sup>49</sup> Við það bætist að Casanova gengur út frá kenningu Pierres Bourdieu um tiltölulega sjálfstæðan vettvang menningarframleiðslu, sem hverfist um fagurfræðilegt gildi og menningarlegt auðmagn en er í meginatriðum óháður valdavettvangi samfélagsins fyrir utan.<sup>50</sup> Þar með horfir hún framhjá því að heimsbókmenntir eru ekki algilt hugtak óháð tíma og rúmi heldur mótast það ávallt í „tilteknu stofnanabundnu, hugmyndafræðilegu og sögulegu samhengi“.<sup>51</sup> Skrif Morettis ganga út frá opnari skilningi á heimsbókmenntum, þar sem hann beinir sjónum að mikilvægi

<sup>47</sup> Christoph Schaub, *Proletarische Welten*, bls. 13.

<sup>48</sup> Sjá sömu heimild, bls. 46.

<sup>49</sup> Pascale Casanova, *La République mondiale des Lettres*, París: Seuil, 2008 [1999], bls. 47.

<sup>50</sup> Sjá nánar safn lykilgreina Bourdieus um menningarvettvanginn, sem teknar hafa verið saman í enskum þýðingum: Pierre Bourdieu, *The Field of Cultural Production. Essays on Art and Literature*, ritstjóri Randal Johnson, Cambridge: Polity Press, 1993.

<sup>51</sup> Maria Khotimsky, „World Literature, Soviet Style. A Forgotten Episode in the History of the Idea“, *Ab Imperio* 3/2013, bls. 119–154, hér bls. 121.

ólíkra undirkerfa.<sup>52</sup> Vandinn er sá að Moretti lítur á slík undirkerfi sem leifar eldri bókmenntakerfa. Þannig dregur hann upp mynd af sögulegri þróun frá fyrsta skeiði heimsbókmennta, sem hann lýsir sem „mósaík aðgreindra, staðbundinna menningarheima“ er einkennist af „gríðarlegri innri fjölbreytni“, í átt til þess síðara heimsbókmenntakerfis sem „sameinist undir merkjum hins alþjóðlega bókamarkaðar“ á átjándu öld.<sup>53</sup> Þannig gengur Moretti út frá heildstæðu kerfi heimsbókmennta undir merkjum eins markaðar en lítur framhjá mikilvægi annarra bókmenntakerfa sem þrífast samhliða því og móta eigin útgáfuvettvang, dreifikerfi, umræðuhefðir og lesendasamfélög.<sup>54</sup> Frá slíku gagnrýnu sjónarhorni hefur Rossen Djagalov kallað kortlagningu Casanova og Morettis á dreifikerfi heimsbókmenntanna í senn „tilkomumikla og sorglega evrópuhverfa“.<sup>55</sup> Þar hefur hann ekki síst í huga það kerfi alþjóðasinnaðra heimsbókmennta sem byggðist upp á þriðja og fjórða áratugnum og hafði meginmiðstöð sína í Moskvu, en til marks um fjarveru þessa kerfis í umræðu vestrænna fræðimanna bendir hann á að nær hvergi sé vikið að rússneskum eða sovéskum verkum í nýlegum yfirlitsritum um heimsbókmenntir.<sup>56</sup> Þar skiptir sniðgangan á viðamikilli útgáfu og dreifikerfi hins alþjóðasinnaða bókmenntavettvangs meginmáli, en eins og Djagalov kemst að orði var mikilvægasta framlag hans fólgið í skipulegu verkefni sem stefndi að því „að umbylta gangverki bókmenntaframleiðslu, dreifingar og neyslu á heimsvísu“.<sup>57</sup> Með auknu vægi eftirlendufræða hafa fræðimenn á síðustu áratugum leitast við að færa út mörk hins rótgróna hefðarveldis í átt til þriðja heimsins og horft í því samhengi til verka frá Asíu og að hluta til Afríku. Á hinn bóginn hafa bókmenntakerfi annars heimsins og margbrotin tengsl þess við bókmenntakerfi fyrsta og þriðja heimsins, þar sem kerfi hinna alþjóðasinnuðu heimsbókmennta þjónaði sem „annars konar uppspretta innflutnings”,<sup>58</sup> lent utan sjóndeildar-

<sup>52</sup> Moretti byggir í veigamiklum atriðum á kenningum Wallersteins um heimskerfi (sjá nánar Immanuel Wallerstein, *World-Systems Analysis. An Introduction*, Durham og London: Duke University Press, 2004).

<sup>53</sup> Franco Moretti, „Evolution, World-Systems, *Weltliteratur*“, *Distant Reading*, bls. 121–135, hér bls. 134–135.

<sup>54</sup> Sjá Christoph Schaub, *Proletarische Welten*, bls. 46–47.

<sup>55</sup> Rossen Djagalov, *From Internationalism to Postcolonialism. Literature and Cinema between the Second and the Third Worlds*, Montréal: McGill-Queen's University Press, 2020, bls. 21.

<sup>56</sup> Sama heimild, bls. 21. Djagalov nefnir hér sérstaklega *The Routledge Companion to World Literature*, þar sem hvergi er til að mynda vikið að verkum Gorkijs og viðamiklu verkefni hans sem sneri að uppbyggingu nýs hefðarveldis heimsbókmennta (sjá Theo D'haen, David Damrosch og Djelal Kadir (ritstjórar), *The Routledge Companion to World Literature*, London og New York: Routledge, 2011).

<sup>57</sup> Sama heimild, bls. 22.

<sup>58</sup> Sama heimild, bls. 24. Sjá einnig Steven S. Lee, „Introduction. Comintern Aesthetics –

hringsins. Það er þetta kerfi útgáfu og dreifingar sem liggur til grundvallar þegar sjónum er hér beint að kerfi rauðra heimsbókmennta og leitast við að varpa ljósi á hvernig starfsemi þess teygði sig inn á íslenskan bókmenntavettvang.

### *Mótun alþjóðasinnaðs heimsbókmenntakerfis*

Þegar leitast er við að varpa ljósi á samhengi þeirra hræringa sem verður vart í íslensku bókmenntalífi á þriðja og fjórða áratugnum er gagnlegt að huga nánar að meginvörðum í mótun hins rauða heimsbókmenntakerfis. Fyrsta varðan er stofning Kominterns árið 1919. Þessu „framkvæmdaráði heimsbyltingarinnar“<sup>59</sup> var komið á legg að frumkvæði Leníns og ætlað að vinna að framgangi heimsbyltingarinnar með stuðningi við byltingarbaráttuna í ólíkum heimshlutum. Umtalsverðar breytingar urðu á starfseminni næstu árin og með þróuninni í átt til alræðis undir ógnarstjórn Stalíns var sambandinu í auknum mæli beitt til að styðja hagsmunum Sovétríkjanna eins og þeir voru skilgreindir af valdhöfum á hverjum tíma, allt þar til það var leyst upp árið 1943. Greina má skýrar áherslubreytingar um miðjan þriðja áratuginn, þegar hverfandi líkur þóttu á útbreiðslu heimsbyltingarinnar og lögð var ríkari áhersla á hollustu við málstað Sovétríkjanna, auk þess sem sú harða byltingarstefna sem þá varð ofan á lagði eindræga áherslu á að fordæma afstöðu sósíaldemókrata og annarra vinstrihreyfinga.<sup>60</sup> Þannig einkenndist starf Kominterns af járnaga og sívaxandi kröfum um stuðning við hina sovésku línu. Á hinn bóginn fólu slíkar kröfur ekki nauðsynlega í sér ákall um að stefnu Sovétríkjanna væri fylgt eftir í einu og öllu í öðrum löndum, þar sem aðstæður voru um margt ólíkar. Þegar horft er til bókmennta og lista var sannarlega gerð skýlaus krafa um stuðning við stefnu valdhafa í Moskvu, fylgst var með verkum manna og þeim lagðar línurnar. Á hinn bóginn þýddi þetta ekki endilega að höfundar eða listamenn væru skuldbundnir til að fylgja

---

Space, Form, History“, *Comintern Aesthetics*, ritstjórar Amelia M. Glaser og Steven S. Lee, Toronto: Toronto University Press, 2020, bls. 3–28, hér bls. 3–4.

<sup>59</sup> Ragnheiður Kristjánsdóttir, *Nýtt fólk. Þjóðerni og íslensk verkaldsstjórnarmál 1901–1944*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008, bls. 187. Sjá nánar Kevin McDermott og Jeremy Agnew, *The Comintern. A History of International Communism from Lenin to Stalin*, Basingstoke: Macmillan, 1996, bls. 1–2.

<sup>60</sup> Greina má margvísleg hvörf í þróun Kominterns og hefur Jón Ólafsson bent á að einhver mikilvægustu skilin verði um 1924. Á fimmta heimsþingi Kominterns sem haldið var það ár, í skugganum af andláti Leníns, var heimsbyltingunni í raun „slegið á frest“ og áhersla lögð á uppbyggingu sósíalismans í einu landi, en á þessum tíma „voru aðildarflokkar Kominterns enn fjölbreytilegur hópur“ þar sem „rúmuðust margar gerðir af róttækum vinstriflokkum“ (Jón Ólafsson, *Kæru félagar. Íslenskir sósíalistar og Sovétríkin 1920–1960*, Reykjavík: Mál og menning, 1999, bls. 28). Önnur mikilvæg hvörf verða með sjötta heimsþinginu árið 1928, þegar hin staliníska harðlínustefna verður einráð.



hinni sovésku línu skilyrðislaust í eigin listsköpun. Í fyrsta lagi var höfundasamfélagið margbrotið og þeir einstaklingar sem voru virkir innan hins nýja heimsbókmenntakerfis tengdust aðildarflokkum Kominterns með ólíkum og að hluta til óbeinum hætti. Í öðru lagi gat mat á þeim verkum sem viku frá hinni kórréttu línu mótast af hagsmunamati og ólíkum aðstæðum á hverjum tíma.

Fyrsta tímabil Kominterns nær til loka þriðja áratugarins og markaðist af átökum þar sem leitast var við að „finna jafnvægi á milli miðstýringar og staðbundinnar baráttu, alþjóðahyggju og þjóðernishyggju“.<sup>61</sup> Þessi átök settu sterkan svip á allt menningarstarf og árin eftir byltingu voru tímabil deiglu í sovésku menningarlífi, þar sem einkum má segja að tvær fylkingar hafi tekist á. Annars vegar voru hópar sem áttu rætur í samtökunum *Proletkult* (*Öreigamenning*) undir stjórn Aleksandrs Bogdanov og Anatolíjs Lúnatsjarskij, sem lögðu áherslu á óháða menningarstarfsemi er sprytti með lífrænum hætti af starfi öreiganna. Hins vegar voru hópar listamanna sem áttu rætur í starfsemi fútúrista og annarra framúrstefnuhópa og lögðu áherslu á mótun framsækinnar fagurfræði er miðaði að því að slíta þegna hins nýja ríkis úr viðjum borgaralegrar hugmyndafræði.<sup>62</sup> Deiglan sem hér er lýst var ekki einskorðuð við Sovétríkin. Markmið Kominterns var að styrkja tengslin á milli byltingarsinnaðra hreyfinga í ólíkum heimshlutum og einn liður í því voru menningartengsl. Ein birtingarmyndin var útbreiðsla framsækinnar liststarfsemi sem hafði tekið á sig mynd innan Sovétríkjanna, þar á meðal með skipulögðum ferðum og verkefnum sovéskra listamanna víðs vegar um Evrópu, en einnig til að mynda í Norður- og Mið-Ameríku.<sup>63</sup> Önnur birtingarmynd voru komur erlendra menntamanna og listamanna til Moskvu á vegum Kominterns og ýmissa stofnana sem tengdust sambandinu með beinum eða óbeinum hætti. Þegar rætt er um mikilvægi Kominterns fyrir mótun alþjóðasinnadrar fagurfræði á þriðja áratugnum er ekki aðeins horft til skipulegrar menning-

<sup>61</sup> Steven S. Lee, „Introduction“, bls. 5.

<sup>62</sup> Samantekt um þessa deiglu má finna í inngangi okkar Árna Bergmanns að kafla um rússneska fútúristann í ritinu *Yfirlýsingar. Evrópska framúrstefnan* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2001, bls. 173–182).

<sup>63</sup> Í þessu samhengi má nefna ferð Majakovskijs til Kúbu, Mexíkó, Bandaríkjanna og annarra landa í Norður-Ameríku árið 1925, kvikmyndaverkefni Eisensteins um byltingarsögu Mexíkó árið 1930 og áhrifaríka fyrirlestrarferð Tretjakovs til Berlínar undir lok þriðja áratugarins. Sjá nánar tímátöflu um nokkrar helstu vörðurnar í alþjóðlegri menningarstarfsemi sem tengdist Komintern hjá Dominick Lawton, „Chronology. Comintern Aesthetics – Between Politics and Culture“, *Comintern Aesthetics*, bls. xiii–xx. Um fyrirlestra Tretjakovs í Berlín, sjá Matthias Uecker, *Wirklichkeit und Literatur*, bls. 160–184. Um þá útbreiðslustarfsemi sem hér er nefnd og tengsl ólíkra minnihlutahópa við byltinguna, sjá nánar Steven S. Lee, *The Ethnic Avant-Garde. Minority Cultures and World Revolution*, New York: Columbia University Press, 2015.

arstarfsemi á vegum sambandsins, heldur ekki síður til þess hvernig það þjónaði sem mótsstaður rithöfunda, menntamanna og listamanna af ólíku þjóðerni, þar sem þeir komu saman, mynduðu tengsl og lögðu á ráðin um framtíðarverkefni.<sup>64</sup>

Þegar lituð er yfir alþjóðasinnaðar frásagnarbókmenntir þriðja áratugarins blasir við nokkuð litríkt safn verka. Þar koma saman raunsæisfrásagnir með hefðbundnu sniði, alþýðleg sagnalist, ævintýralegar sögur af hetjulegri baráttu og slarki öreigalýðsins og loks opin, smærri frásagnarform, þar sem megináhersla er lögð á heimildagildi og hversdagslegar reynslusögur. Erfitt er að henda reiður á einhvers konar „fagurfræði Kominterns“ með tilliti til sameiginlegra einkenna, öllu heldur er um að ræða ólíkar tegundir verka sem hverfast um leitina að annars konar frásagnarháttum.<sup>65</sup> Þegar leitast er við að lýsa þessum ólíku sagnahefðum er mikilvægt að hafa í huga þá áherslu sem lögð var á sjálfsákvörðunarrétt þjóða í skrifum Leníns. Þannig hefur Clark bent á að spennan á milli hins þjóðlega og hins alþjóðlega hafi verið „sú grundvallaráskorun og þversögn sem allar tilraunir til að hrinda alþjóðasinnuðum, þverþjóðlegum bókmenntum í framkvæmd stóðu frammi fyrir“, en þar tókust á áherslan á sérstöðu þjóðlega hefða og skuldbindingin við heimsbyltinguna.<sup>66</sup> Lenín lagði jafnframt áherslu á gildi sjálfsprottinnu uppreisna ólíkra hópa innan öreigalýðsins, sem hann taldi geta falið í sér vísi að þróun stéttarvitundar í þágu heimsbyltingarinnar.<sup>67</sup> Áhersl-

<sup>64</sup> Til marks um alþjóðlega vídd starfseminnar á fyrstu árunum má nefna að Manabendra Nath Roy var í mikilvægu hlutverki sem fulltrúi indverskra kommúnista á öðru heimsþingi Kominterns í Petrograd og Moskvu og í hópi alþjóðlegra gesta voru einnig Brynjólfur Bjarnason og Hendrik Ottósson. Í ferð sinni komust þeir í kynni við róttæka menningarfrömuði á borð við John Reed og Willy Münzenberg, sem varpar ljósi á mikilvægi slíkra óformlegra tengsla sem gátu myndast innan Kominterns (sjá Kjartan Ólafsson, *Draumar og veruleiki*, bls. 251–253).

<sup>65</sup> Sjá Amelia M. Glaser og Steven S. Lee, *Comintern Aesthetics*.

<sup>66</sup> Katerina Clark, *Eurasia without Borders*, bls. 7. Þverstæðuna rekur Clark aftur til greinarinnar „Bylting sósíalísmans og sjálfsákvörðunarréttur þjóða“ („Социалистическая революция и право наций на самоопределение“, 1916). Þar lagði Lenín annars vegar áherslu á það markmið að „binda enda á núverandi sundrun mannkynsins í smærri ríki með alls kyns sjálfsmyndir, ekki aðeins til þess að færa þjóðirnar nær hverri annarri heldur einnig til að steypa þeim saman í eina heild“. Hins vegar leit hann svo á að heimsbyltingin ætí sér stad í tveimur þrepum og lagði áherslu á að mannkynið gæti aðeins náð slíkum samruna með því að „ganga í gegnum umbreytingarskeið þar sem allar kúgaðar þjóðir öðluðust fullkomið frelsi“ (vitnað eftir sömu heimild, bls. 6).

<sup>67</sup> Kenninguna um gildi sjálfsprottinnu uppreisna útfærði Lenín með skipulegustum hætti í *Hvað ber að gera?* (*Что делать?*, 1902). Einkum má benda á umfjöllun hans um „afstöðuna milli þess vísitáða og þess sjálfsprottna“ í öðrum kafla ritins, þar sem kann kemst svo að orði „að það „sjálfsprottna“ [sé] í innsta eðli sínu hvorki annað né meira en vísitund á frumstigi“ og að „jafnvel hin frumstæðu upphlaup [sýni] vaknandi vísitund að ákveðnu marki“ (Vladímír Íljítsj Lenín, *Hvað ber að gera?* *Knýjandi vandamál hreyfingar okkar*, þýðandi Ásgrímur Albertsson, Reykjavík: Heimskringla, 1970, bls. 45).

urnar á gildi sjálfsprottinna uppreisna, tvö þrep heimsbyltingarinnar frá frelsun kúgaðra þjóðríkja til mótunar alheimssamfélags og misgengið í þróun hennar innan ólíkra þjóðríkja setja mark sitt á fjölbreytileg frásagnarform þriðja áratugarins. Þessar bókmenntir greina sig í veigamiklum atriðum frá þeirri hefð sósíalíks raunsæis sem varð ríkjandi á síðari hluta fjórða áratugarins. Þannig má segja að alþjóðasinnaðar bókmenntir hafi í raun tekið á sig margbreytilegar myndir, þar sem ólíkir straumar urðu ríkjandi í mismunandi samhengi í takti við mat og afstöðu alþjóðasinna á hverjum tíma. Bókmenntir þriðja áratugarins eru sundurleitari að inntaki og formi, síður bundnar við lýsingar á mótun stéttarvitundar og skipulegum framgangi byltingarinnar og á margan hátt opnari og tilraunakenndari. Þetta má ekki síst rekja til áherslunnar á misgengi og vægi staðbundinna skilyrða, sem talin voru móta jafnt lífshætti öreiga í ólíkum löndum og sagnahefðirnar sem af þeim spryttu. Þannig má lýsa alþjóðasinnuðum bókmenntum þriðja áratugarins sem „kerfi tilbrigða“, þar sem saman koma margvíslegar frásagnir af baráttu öreigalýðsins í ólíkum löndum, við ólík menningarleg og þjóðfélagsleg skilyrði og á mismunandi stigum byltingarþróunar.<sup>68</sup> Innan þessa kerfis mynduðust ekki aðeins tengsl á milli bókmenntasköpunar á jaðrinum og þeirra strauma sem áttu uppsprettu sína í miðstöð kerfisins, þar sem horft var til sovískra bókmennta sem fyrirmyndar. Innan kerfisins gáfust einnig færi á tengslum milli ólíkra jaðarsvæða, þar sem höfundar gátu kynnt sér margbrotnar sagnahefðir og speglað eigin verk í þeim. Það er í þessu samhengi sem þeir framsæknu straumar sem tóku einkum á sig skýra mynd í hinum þýskumælandi heimi öðlast sérstakt vægi. Eins og áður er nefnt hverfðust þeir í meginatriðum um aðferð klippitækninnar og mótun nýrra sagnahefða sem tengja má vettvangsfrásögninni, þar sem ægði saman ólíkum tegundum frásagna, vettvangslýsingum og greinargerðum úr ólíkum heimshlutum. Skrif af þessu tagi, sem kennd hafa verið við „öreigamóðernisma“,<sup>69</sup> gegndu lykilhlutverki í rauðum heimsbókmenntum þriðja áratugarins.

Ekki verður sagt skilið við þetta ágríp af upphafsárum Kominterns án þess að

<sup>68</sup> Hugtakið „kerfi tilbrigða“ er sótt í skrif Morettis og lýsir því hvernig kerfi heimsbókmenntanna er „eitt en ekki einsleitt“ („Conjectures on World Literature“, bls. 56). Hugtakið er þó notað í öðrum skilningi hér, þar sem það vísar ekki til eins heimsbókmenntakerfis sem kerfis tilbrigða, heldur til þess hvernig alþjóðasinnaðar bókmenntir mynda sérstætt „kerfi tilbrigða“ sem snýst um eigin fagurfræðileg viðmið og stefnumið.

<sup>69</sup> Sabine Hake, *The Proletarian Dream. Socialism, Culture, and Emotion in Germany, 1863–1933*, Berlín og Boston: De Gruyter, 2017, bls. 8. Hake tengir þá hefð sem hún kennir við „öreigamóðernisma“ við verk listamanna eins og Franz Jung, Franz Wilhelms Seiwert, Johns Heartfield og Bertolts Brecht og lýsir henni sem „list sem er nýskapandi að formi, félagslega grundvölluð og tekur pólitíska afstöðu“.

víkja að framlagi Gorkijs og starfsemi forlagsins Heimsbókmenntir (Всемирная литература) á árunum 1918–1924. Þar var lagður grunnur að því sjónarhorni sem átti eftir að móta verkefni alþjóðasinnaðra heimsbókmennta jafnt innan og utan Sovétríkjanna.<sup>70</sup> Verkefnið naut víðtæks stuðnings á upphafsárunum og tengdist átaki í að efla læsi þjóðarinnar.<sup>71</sup> Árið 1919 sendi forlagið frá sér skrá á fjórum tungumálum yfir fyrirhuguð verk ásamt texta eftir Gorkij, þar sem hann lýsti því yfir að „svið bókmenntasköpunar [lægi] í alþjóðasambandi andans“ og að nú „þegar hugsjónin um bræðralag allra þjóða, hugsjón hins félagslega alþjóðasambands [væri] augljóslega að verða að veruleika, að nauðsyn, [þyrfti] að vinna að því öllum kröftum“ að bjarga hugsjóninni um „bræðralag alls mannkyns“ og sjá til þess að „hún [rynni] inn í hugarfylgsni og vilja fjöldans“.<sup>72</sup> Orð Gorkijs undirstrika það leiðandi hlutverk sem bókmenntum var ætlað að gegna við mótun hins nýja alheimssamfélags og menningar þess. Það er þó ekki síst umfang verkefnisins sem er mikilvægt. Í ritaskránni frá 1919 mátti ekki aðeins finna verk franskra, enskra, bandarískra, þýskra, ítalskra, spænskra, portúgalskra, norskra og danskra höfundu frá átjándu öld til samtímans, því á lista þeirra um 1.200 nafna sem þar voru tilgreind mátti einnig finna höfundu frá Kanada, Indlandi, Mexíkó, Kúbu, Venesúela, Argentínu, Perú og Brasilíu.<sup>73</sup> Þótt megináhersla hafi verið lögð á þýðingar vestrænna bókmennta, einkum þýskra franskra og enskra verka, kenndi því ýmissa grasa í útgáfunni.<sup>74</sup> Forlagið stóð að útgáfu tveggja ólíkra ritraða, sem hverfðust annars vegar um vandaðar útgáfur öndvegisverka en hins vegar um alþýðlegri verk á viðráðanlegu verði. Jafnframt var starfrækt sérstök deild sem var helguð „bókmenntum austursins“ og stóð hún að útgáfu safnríta sem kynntu lesendur meðal annars fyrir lykilverkum indverskra, arabískra, tyrkneskra, kínverskra, japanskra, mongólskra, mansjúrískra,

<sup>70</sup> Khotimskij bendir á að „arfleifð forlagsins Heimsbókmenntir“ hafi í raun „vegið mun þyngra“ en ætla mætti ef aðeins er tekið mið af þeim ritum sem komu út á þess vegum (Maria Khotimsky, „World Literature, Soviet Style“, bls. 135). Um starfsemi forlagsins og skrif Gorkijs frá öðru sjónarhorni, sjá Theo D’haen, *The Routledge Concise History of World Literature*, London og New York: Routledge, 2012, bls. 21–23.

<sup>71</sup> Sjá sömu heimild, bls. 125–127.

<sup>72</sup> Vítnað eftir sömu heimild, bls. 138. Texta Gorkijs um heimsbókmenntir má nálgast í greinasafni sem komið hefur út í þýskri þýðingu: Maxim Gorki, *Über Weltliteratur*, þýðandi Ingeborg Schröder, ritstjóri Ralf Schröder, Leipzig: Philipp Reclam, 1969.

<sup>73</sup> Sama heimild, bls. 128–129.

<sup>74</sup> Á meðal fyrstu verkanna voru bækur höfundu á borð við Guy de Maupassant, Anatole France og Gabriele d’Annunzio, en einnig verk enskumælandi höfundu eins og Walts Whitman, Lords Byron, Oscars Wilde og H.G. Wells, sem gefin voru út með inngöngum eftir þungavigtarhöfundu af innlendum menningarvettvangi (sjá sömu heimild, bls. 133, 144–146).

egyptskra og abyssínískra bókmennta, sem gefin voru út af leiðandi sérfræðingum á sviði austrænna fræða.<sup>75</sup> Á sjö ára starfstíma sínum gaf forlagið út um 200 bækur, sem var vissulega aðeins brot af metnaðarfullum áætlunum þess í upphafi, en dregur eigi að síður fram þá markvissu og umfangsmiklu uppbyggingu á nýju hefðarveldi heimsbókmennta sem hér var ráðist í.

Aðra vörðuna má tengja við alþjóðlegt rithöfundaping sem haldið var í borginni Karkhiv haustið 1930 og batt að nokkru leyti enda á „hið rómantíska skeið andnýlendusinnaðrar alþjóðahyggju“, sem hafði hverfst um seiðandi ímyndir austursins og upprunalega menningu þess.<sup>76</sup> Á þingið mættu um 150 fulltrúar frá 23 þjóðlöndum og höfundar frá ríkjum utan Evrópu voru í áberandi hlutverki. Það átti þó einkum við um höfunda frá Asíu og hefur alþjóðasinnuðu kerfi þriðja og fjórða áratugarins verið lýst sem „evrasísku“ heimsbókmenntakerfi,<sup>77</sup> þar sem höfundar frá Kína, Japan og Asíulýðveldum Sovétríkjanna gegndu einkum mikilvægu hlutverki.<sup>78</sup> Á þinginu 1930 tók hið nýja heimsbókmenntakerfi á sig formfastari mynd. Samhliða þinginu var stofnað „Alþjóðasamband byltingarsinnaðra rithöfunda“ og ári síðar hófst útgáfa mál gagnsins *Bókmenntir heimsbyltingarinnar*, sem síðar var breytt í *Alþjóðlegar bókmenntir*. Þingið í Karkhiv gegndi ekki aðeins mikilvægu hlutverki við að byggja upp innviði innan Sovétríkjanna heldur stuðlaði það einnig að margvíslegri tengslamyndun innan þess alþjóðlega hóps höfunda og fulltrúa sem þar kom saman. Í kjölfarið hófst útgáfa á tímaritum víða um heim sem tengdust Alþjóðasambandi byltingarsinnaðra rithöfunda beint eða óbeint, auk þess sem stofnaðar voru deildir innan sambandsins, þar á meðal Félag byltingarsinnaðra rithöfunda hér á landi haustið 1933.<sup>79</sup>

Þriðja og síðasta varðan er Fyrsta allsherjarþing sovéska rithöfunda í Moskvu árið 1934, þar sem sósíalískt raunsæi var kynnt sem opinber stefna. Fjöldi erlendra gesta sótti þingið og flutti þar erindi, þeirra á meðal André Malraux, Willi Bredel, Louis Aragon, Ernst Toller, Wieland Herzfelde, Johannes R. Becher, Theodor Plivier og Vítězslav Nezval.<sup>80</sup> Þingið átti sér nokkurn að-

<sup>75</sup> Sama heimild, bls. 141.

<sup>76</sup> Katerina Clark, *Eurasia without Borders*, bls. 237.

<sup>77</sup> Sama heimild, bls. 9.

<sup>78</sup> Um leið og áhersla er lögð á alþjóðlega vídd bókmenntakerfisins er vert að undirstrika að innan kerfisins ríkti „hrópanði ójafnvægi“ á milli þýðinga asískra verka yfir á rússnesku og vestræn tungumál og þýðinga rússneskra og evrópskra verka yfir á tungumál Asíu (sjá Katerina Clark, *Eurasia without Borders*, bls. 33).

<sup>79</sup> Lykilgögn um stofnun og sögu félagsins eru birt í Örn Ólafsson, *Rauðu pennarnir*, bls. 259–286. Sjá einnig Kristinn E. Andrésson *Enginn er eyland. Tímarit rauðra penna*, Reykjavík: Mál og menning, 1971, bls. 33–41.

<sup>80</sup> Ræðurnar frá þinginu má nálgast í þeirri þýsku gerð sem hér hefur verið stuðst við:

draganda. Sósíalískt raunsæi hafði verið kynnt sem leið sovéskra bókmennta tveimur árum fyrr, þegar Samband sovéskra rithöfunda var stofnað.<sup>81</sup> Stofnun þess sambands var liður í hreinsunum innan menningarvettvangsins árið 1932, þegar starfsemi sjálfstæðra hópa og samtaka var bönnuð um leið og tekið var að þjarma að „formalísma“ í listum. Þingið 1934 markar þó þáttaskil að því leyti að þar var sósíalískt raunsæi helgað sem hin opinbera stefna og það átti eftir að þjóna sem „hornsteinn hins stalíníska menningarkerfis“<sup>82</sup> á næstu árum. Með réttu er gjarnan vísað til þingsins sem vendipunkts í þróun bókmennta og lista í átt til kreddufestu og miðstýringar undir ógnarstjórn Stalíns. Á hinn bóginn er vert að huga að nokkrum atriðum, sem varpa skýrara ljósi á flóknar hræringar tímabilsins.

Í fyrsta lagi var þingið í Moskvu 1934 haldið í skugga pólitískra atburða í Þýskalandi, þar sem þjóðernissósíalistar höfðu komist til valda ári fyrr. Annars vegar má segja að sovésk yfirvöld hafi séð sér leik á borði að styrkja óskorað vald sitt sem leiðandi afl hinna nýju bókmennta, hins vegar hafði þingið það markmið að styrkja innviði hins alþjóðasinnnaða bókmenntakerfis og þetta raðirnar fyrir komandi átök. Í öðru lagi var þróunin í átt til sósíalísks raunsæis hæggengt ferli. Á sama hátt og þingið 1934 átti sér aðdraganda var sú nýja liststefna sem þar var kynnt útfærð á nokkurra ára tímabili í kjölfar þingsins. Varhugavert er að túlka vægi þingsins eindregið í ljósi þeirrar þróunar sem síðar varð og greina fyrst og fremst í ræðum þess vísi að þeim verkum sem áttu eftir að móta bókmenntahefð sósíalíska raunsæisins á komandi árum. Gagnlegri leið til skilnings er að beina sjónum að inntaki sjálfra ræðnanna, í því skyni að bregða upp skýrari mynd af því hvað fólst í ákallinu um sósíalískt raunsæi árið 1934 og með hvaða hætti hinni nýju fagurfræði var ætlað að þjóna sem forskrift að verkum innlendra og erlendra höfunda.

Af ræðum Gorkijs, Andrejs Zhdanov og Karls Radek, sem öðrum fremur áttu eftir að móta umræður um þingið, má sjá að fagurfræði sósíalíska raunsæisins er enn nokkuð ómótuð. Framlag þeirra var á margan hátt ólíkt og staða þeirra innan sovésks menningarvettvangs mismunandi á þeim átakatíma þegar þingið í Moskvu var haldið árið 1934. Hér verður ekki dvalið við það eldfima andrúmsloft sem ríkti á þinginu og hvernig erindin sem þar voru flutt mótuðust

---

Hans-Jürgen Schmitt og Godehard Schramm (ritstjórar), *Sozialistische Realismunkonzeptionen. Dokumente zum 1. Allunionskongress der Sowjetschriftsteller*, Frankfurt am Main: Suhrkamp, 1974.

<sup>81</sup> Katerina Clark, *Moscow, the Fourth Rome. Stalinism, Cosmopolitanism, and the Evolution of Soviet Culture, 1931–1941*, Cambridge Massachusetts og London: Harvard University Press, 2011, bls. 79–80.

<sup>82</sup> Sama heimild, bls. 114.

af viðleitni ræðumanna til að marka sér stöðu í yfirstandandi menningarátökum. Markmiðið er fyrst og fremst að draga fram þá sameiginlegu drætti sem greina má í ræðum þremmenninganna og snúa að kenningunni um sósíalískt raunsæi og gagnrýni á borgaralegar heimsbókmenntir. Allir beindu þeir máli sínu til sovéskra höfunda, lofsungu þann árangur sem hefði náðst og lögðu áherslu á að fylkja liði í komandi baráttu. Allir töluðu þeir einnig beint til erlendra gesta og hvöttu þá til að leggja sitt af mörkum til uppbyggingar byltingarsinnaðra bókmennta, auk þess sem þeir viku að sósíalíska raunsæinu. Opnunarræða Zhdanovs, sem talaði sem fulltrúi flokksins, átti eftir að öðlast sess sem „stefnuyfirlýsing sósíalíska raunsæisins“, <sup>83</sup> en hann vék þó aðeins stuttlega að hinu nýja slagorði undir lok erindisins. Megináherslan er á að sovéskar bókmenntir séu þær „framsæknuðu, hugmyndaríkustu, byltingarsinnuðustu“ <sup>84</sup> er fram hafi komið og að þær hefðu hvergi getað sprottið upp annars staðar. Um leið gagnrýnir hann „hnignun og rotnun borgaralegrar menningar“ <sup>85</sup> og teflir gegn bókmenntum hennar þeim nýju verkum er sæki inntak sitt í líf verkafólks, flokksfulltrúa, verkfræðinga og annarra hetja Sovétríkjanna. Í framhaldinu lýsir hann fagurfræðinni á þann hátt að hún eigi að vera „trú veruleikanum og bundin sögunni“ og ítrekar að þetta sé „sú aðferð sem við höfum kallað sósíalískt raunsæi í fagurbókmenntum og bókmenntagagnrýni“. <sup>86</sup> Loks beinir hann nokkrum orðum til erlendra gesta sem „frjómagns og kjarna þeirrar völdugu hersveitar öreigahöfunda sem heimsbylting öreiganna mun leiða fram á erlendri grundu“. <sup>87</sup> Einnig Gorkij vikur aðeins lauslega að slagorði sósíalíska raunsæisins og segir stefnuna vera til marks um að „í viðfangsefnum sínum [hafi] bókmenntir okkar yfirburði gagnvart hinum vestrænu“, um leið og hann beinir sjónum að rötum hinna nýju bókmennta í „gagnrýnu raunsæi“ níttjándu aldar. <sup>88</sup> Bæði Gorkij og Zhdanov mæra þannig þróunina heima fyrir, tefla sovéskum bókmenntum gegn borgaralegum bókmenntum Vesturlanda og víkja loks stuttlega að hinu nýju slagorði. Loks hvetja þeir erlenda höfunda til að fylkja liði með höfundum sósíalíska raunsæisins, en hvergi er útlistað með skýrum hætti hvað felst í hinni nýju fagurfræði.

<sup>83</sup> Hans-Jürgen Schmitt, „Einleitung“, *Sozialistische Realismunkonzeptionen*, bls. 9–16, hér bls. 9.

<sup>84</sup> Andrej Ždanov, „Die Sowjetliteratur, die ideenreichste und fortschrittlichste Literatur der Welt“, *Sozialistische Realismunkonzeptionen*, bls. 43–51, hér bls. 45.

<sup>85</sup> Sama heimild, bls. 46.

<sup>86</sup> Sama heimild, bls. 47.

<sup>87</sup> Sama heimild, bls. 47.

<sup>88</sup> Maksim Gor'kij, „Über sowjetische Literatur“, þýðandi Ingeborg Schröder, *Sozialistische Realismunkonzeptionen*, bls. 51–84, hér bls. 81.

Löng ræða Radeks sker sig úr, sem helgast að nokkru leyti af þröngri stöðu hans innan hreyfingarinnar á þessum tíma, en honum hafði verið hleypt á ný inn í kommúnistaflokkinn árið 1929 eftir að hafa mátt sæta tveggja ára bannfæringu og gangast undir sjálfsgagnrýni. Í ræðu sinni setur hann fram allitarlega greinargerð um sósíalíska raunsæið og nokkuð smásmugulega gagnrýni á borgaralegar samtímabókmenntir, auk þess sem hann fjallar um verk tiltekinna höfunda og þróun sovéskra og vestrænna bókmennta. Loks er ákallið til erlendra höfunda afdráttarlaust: „Við óskum þess að erlendir gestir okkar líki eftir okkur“.<sup>89</sup> Ákallið undirstrikar hann með því að draga skýra línu á milli „kapítalískra heimsbókmennta“ og þeirra bókmennta sem októberbyltingin hafi alið af sér og teffla sósíalísku raunsæi gegn „einokunarstöðu“ borgarastéttarinnar „innan heimsbókmenntanna“.<sup>90</sup> Umræðan um heimsbókmenntahugtakið, sem rammur um fjöllun Radeks inn, hnykkir á ákallinu til hinna erlendu gesta. Í erindinu dregur hann víglínu á milli sósíalíks raunsæis og borgaralegra bókmennta og undirstrikar mikilvægi þess að erlendir höfundar skipi sér undanbragðalaust í aðra fylkinguna. Þetta er undirstrikað með þeirri lykilsþurningu sem Radek varpar fram í lokahluta ræðunnar: „James Joyce eða sósíalískt raunsæi?“<sup>91</sup> Í þeirri skýru línu sem Radek dregur á milli borgaralegra bókmennta og öreigabókmennta má finna staðfestingu á þeim átakalínunum sem fræðimenn hafa löngum dregið á milli opinnar og tilraunakenndrar bókmenntasköpunar Vesturlanda annars vegar en kredubundinnar og formúlukenndrar fagurfræði sósíalíska raunsæisins hins vegar. Þar er þó vert að staldra við þá spurningu að hvaða marki sovéskir og erlendir höfundar fylgdu ákalli Radeks.

Verk Joyce, sem Radek hafði fullyrt að væru „nær óþekkt í Sovétríkjunum“ og hefðu naumast verið þýdd,<sup>92</sup> taka að birtast í rússneskum þýðingum á árunum 1935 og 1936. Þar vekja ekki síst athygli þýðingar á köflum úr *Ulysses* í tímaritinu *Alþjóðlegum bókmenntum*.<sup>93</sup> Segja má að erindi Radeks hafi beinlínis sett verk Joyce á dagskrá og að þýðingunum sem birtust í kjölfarið hafi verið ætlað að kynna sovéska lesendum verk þessa írska höfundar sem fulltrúa þeirra

<sup>89</sup> Karl Radek, „Die moderne Weltliteratur und die Aufgaben der proletarischen Kunst“, þýðandi Rudolf Hermstein, *Sozialistische Realismkonzeptionen*, bls. 140–213, hér bls. 211.

<sup>90</sup> Sama heimild, bls. 140, 157.

<sup>91</sup> Sama heimild, bls. 203. Þessi spurning átti síðar eftir að finna enduróm í þekktri grein eftir Georg Lukács, sem kom upphaflega út árið 1955: „Franz Kafka eða Thomas Mann?“ [þýð. ekki getið], *Ismar*. 1. hefti: *Raunsæi og marxismi*, ritstjórar Elín Garðarsdóttir o.fl., Reykjavík: Torfhildur, 1990, bls. 89–105.

<sup>92</sup> Karl Radek, „Die moderne Weltliteratur und die Aufgaben der proletarischen Kunst“, bls. 206.

<sup>93</sup> Katerina Clark, *Eurasia without Borders*, bls. 280.



borgaralegu nútímabókmennta er þyrfti að þekkja og varast. Þær sviptingar sem urðu á árunum eftir þingið 1934 vega þó þyngra í þessu samhengi og Joyce var ekki eini borgaralegi höfundurinn frá Vesturlöndum sem sovéskir lesendur fengu að kynna á þessum árum. Á meðal verka sem gefin voru út í stóru upplagi og nutu vinsælda á fjórða áratugnum voru *Der Zauberberg* (Töfrafallið, 1924) eftir Thomas Mann, *Jean Christophe* (Jóhann Kristófer, 1904–1912) eftir Romain Rolland og nokkrar skáldsögur Lions Feuchtwanger.<sup>94</sup> Jafnvel árum hreinsanna miklu hefur verið lýst sem tímabili þegar verk „mikilvægra vestrænna, evrópskra og bandarískra höfunda“ bárust lesendum í rússneskum þýðingum, auk þess sem kraftur var í útgáfu frumsaminnna verka á þýsku á tíma Þriðja ríkisins, eftir að útgáfuleiðir lokuðust í Þýskalandi.<sup>95</sup> Vaxandi þjóðernisáherslur á fjórða áratugnum mörkuðu því ekki afdráttarlaus skil við arfleifð alþjóðahyggjunnar, heldur tók hún á sig ískyggilegri mynd. „Alþjóðahyggju“ fjórða áratugarins var teft gegn „heimsborgarahyggju“ Vesturlanda og í slagorðinu fólst áhersla á „hugmyndafræðilegt forræði Sovétríkjanna á heimsvísu“.<sup>96</sup> Um leið tók hugsjónin um heimsbókmenntir á sig annað gervi. Þýðingar gegndu áfram veigamiklu hlutverki en megináhersla var lögð á uppbyggingu „heims-sögulegra bókmennta“ innan Sovétríkjanna, þar sem „bókmenntaleg stórvirki annarra þjóða voru innlimuð og þróuð áfram innan nýs hefðarveldis með marxíska stefnu“.<sup>97</sup> Þegar sósíalíska raunseïð tók á sig skýrari mynd á árunum eftir 1934 gerðist það því ekki í einfaldri andstöðu við hefðir og nýjustu strauma borgaralegra bókmennta, öllu heldur má þar greina flókið samspil sem markast af ólíkum háttum útilokunar og afmörkunar, en einnig innlimunar, útbreiðslu og samræðu. Enn fremur er vert að hafa hugfast að sósíalíska raunseïð tók á sig ólíka mynd á mismunandi tímabilum og að innan hefðar þess rúmuðust ólíkar bókmenntagreinar, tegundir og afbrigði. Megináherslan var á skáldsöguna en

<sup>94</sup> Katerina Clark, *Moscow, the Fourth Rome*, bls. 154, 316–317. Í *Gerska ævintýrinu* eftir Halldór Laxness má finna samantekt um bókaútgáfu í Sovétríkjunum á þessu tímabili. Brynt er að hafa hugfast að ferðasögu Halldórs er öðru fremur ætlað að bregða upp jákvæðri mynd af þeirri uppbyggingu sem hann sá eiga sér stað í Sovétríkjunum árið 1937, þar með talið blómlegu menningarlífi. Lýsingin veitir eigi að síður athyglisverða innsýn í þá ólíku erlendu strauma sem voru áberandi innan bókmenntavettvangsins á þessum tíma. Halldór telur upp nokkurn fjölda verka er hafi verið gefin út í stóru upplagi og nefnir þar, auk verka rússneskra og sovéskra höfunda, bækur Feuchtwangers og erlendra höfunda eins og Martins Andersens Nexø, Heinrichs Mann, Gustaves Flaubert, Anatoles France, Marks Twain og Charles Dickens (*Gerska ævintýrið. Minnisblöð*, Reykjavík: Helgafell, 1983 [1938], bls. 143–144).

<sup>95</sup> Katerina Clark, *Moscow, the Fourth Rome*, bls. 16, 154.

<sup>96</sup> Sama heimild, bls. 4.

<sup>97</sup> Sama heimild, bls. 22.

innan greinarramma hennar komu fram ólík tilbrigði, þar á meðal sögulega skáldsagan, hetjusagan um uppfinningamanninn, stríðsskáldsagan, skúrka- eða njósnarasagan, skáldsögur um Vesturlönd og loks framleiðsluskáldsagan, sem öðrum fremur hefur mótað skilgreiningar á sósíalísku raunsæisskáldsögunni.<sup>98</sup> Það sem sameinaði þessi ólíku tilbrigði var áherslan á það sem Clark hefur kallað „leiðarfléttuna“ (e. *the master plot*) og sneri að lýsingunni á mótun byltingarvitundar, sem jafnan átti sér stað í ólíkum þrepum er vörðuðu vegferð söguhetjanna frá sjálfsprottinni uppreisn til skipulagðs byltingarstarfs. Þannig lýsa sögurnar vitundarvakningu söguhetjunnar, sem mörkuð er af baráttuþreki og fórnfýsi, en frásögninni vindur jafnan fram undir merkjum einhvers konar þroskasögu.<sup>99</sup> Enn fremur var lögð megináhersla á jákvæðu hetjuna og lýsingar á hinu mikilfenglega uppbyggingarstarfi innan Sovétríkjanna og ætlast til þess að höfundar fylgdu fordæmi verka sem talin voru til fyrirmyndar. Eitt slíkra fyrirmyndarverka var *Móðirin* (Мать, 1906) eftir Gorkij, sem lagði á vissan hátt grunn að hinni jákvæðu hetjusögu, þar sem hetjan varð að holdtekju kommúnískra dyggða. Af öðrum verkum sem áttu eftir að gegna hlutverki fyrirmyndarsagna á ólíkum tímum má nefna skáldsögur eftir höfunda eins og Dmitrij Fúrmanov, Aleksandr Sjerafimovitsj, Aleksandr Fadejev, Fjodor Gladkov, Mikhaíl Sholokhov, Aleksej Tolstoj og Nikolaj Ostrovskij.<sup>100</sup>

Þegar rætt er um tengsl vestrænna höfunda við sósíalískt raunsæi er gjarnan lögð áhersla á að þeir hafi sannarlega látið hrífast af framgangi byltingarinnar og uppbyggingu menningarlífs í Sovétríkjunum, en þeir hafi þó ekki svarað ákallinu um að fylgja hinni nýju fagurfræðilegu línu að fullu. Í íslensku samhengi hefur til að mynda verið bent á að „hin nýja stefna sósíalíks raunsæis hafi haft meiri þýðingu fyrir menningarbaráttu íslenskra sósíalista og skrif þeirra um bókmenntir og samfélagsmál en fyrir þær skáldsögur sem skrifaðar voru á tímabilinu“.<sup>101</sup> Slíkar áherslur gegna einkum því hlutverki að ítreka listrænt gildi umræddra verka og greina þau frá fagurfræðilegri kreddufestu sósíalíska raunsæisins, um leið og bent er á að þrátt fyrir samúð með málstað byltingarinnar hafi höfundarnir fylgt sinni innri köllun og fetað aðrar leiðir, jafnvel horft til þjóðlegra hefða. Þannig er verkum tiltekinnna þjóðarbókmennta stillt upp andspænis línunum

<sup>98</sup> Katerina Clark, *The Soviet Novel. History As Ritual*, Bloomington og Indianapolis: Indiana University Press, 2000 [1981], bls. 255.

<sup>99</sup> Sjá sömu heimild, bls. 15–19.

<sup>100</sup> Sama heimild, bls. 4.

<sup>101</sup> Halldór Guðmundsson og Jón Yngvi Jóhannsson, „Lausamálsbókmenntir á fjórða áratugnum“, *Íslensk bókmenntasaga*, 4. bindi, ritstjóri Guðmundur Andri Thorsson, Reykjavík: Mál og menning, 2006, bls. 191–304, hér bls. 233.

sem lagðar voru í Moskvu, en um leið er horft bæði framhjá þeim margvíslegu tengslum sem gátu myndast innan vettvangs alþjóðasinnaðra bókmennta og því hvernig áherslan á aðstæður og hefðir heima fyrir var í takt við kenninguna um misgengi byltingarinnar. Hér er vert að huga nánar að ákallinu til hins alþjóðlega rithöfundasamfélags á þinginu í Moskvu 1934. Í því fólst ótvírætt ákall um hollustu við málstað byltingarinnar og raunsæjar lýsingar á ytri veruleika og þjóðfélagslegum skilyrðum fremur en brotakennda speglun á sálarlífi nútímamannsins. Þegar kemur að lykilhlutverki hinnar jákvæðu hetju, áherslunni á vitundarvakningu og óðinum til uppbyggingar hins nýja samfélags er ákallið aftur á móti tvíbent. Einn meginvandinn við fagurfræði sósíalíska raunsæisins fólst í því að það var illþýðanlegt yfir á frásagnir annarra þjóðarbókmennta. Þetta átti ekki síst við um framleiðsluskáldsöguna, þar sem lögð var áhersla á að leiðarfléttan tengdist starfi byltingarinnar og ekki síður þeirri tæknibyltingu og iðnvæðingu er hefði átt sér stað með fimm ára áætluninni. Slíkar frásagnir af sigrum kommúnismans, vitundarvakningu söguhetjunnar og umbyltingu samfélagsins áttu augljóslega illa við innan vestrænna samfélaga, þar sem sósíalískar raunsæissögur að sovéska fyrirmynd voru einfaldlega ekki tímabærar. Fyrir vikið var ekki óalgennt að erlendir höfundar annað hvort sniðgengju leiðarfléttuna eða löguðu hana að verkum sínum með frjálslægri aðferð.<sup>102</sup> Við þetta bætist að þær aðferðir til stýringar og ritskoðunar sem beitt var í Sovétríkjunum – og áttu eftir að taka á sig banvæna mynd í hreinsunum fjórða áratugarins – bitu mun verr á verk erlendra höfunda.<sup>103</sup> Loks er mikilvægt í þessu samhengi að innan hins rauða heimsbókmenntakerfis mynduðust tengsl með ólíkum hætti, jafnvel eftir að Moskva varð óskoruð miðstöð þess frá og með miðjum fjórða áratugnum. Innan vettvangsins mátti finna sovéska og erlenda höfunda, forlög, úmarit og samtök sem heyrðu undir Komintern og stofnanir þess. Þar mátti þó einnig finna höfunda sem voru hliðhollir byltingarstarfinu en höfðu fremur lausleg tengsl við stofnanir á vegum Kominterns. Margir þessara höfunda voru einnig virkir innan annarra stofnana og tengslaneta sem að hluta til teygðu sig út fyrir vettvang hinna alþjóðasinnuðu bókmennta í þrengri skilningi. Tengsl innan vettvangsins voru því í senn lóðrétt og lárétt, þau lutu að hluta til boðvaldi Moskvu en að hluta til var um að ræða lárétt tengsl sem mynduðust á milli skoðanabráðra, meðreiðarsveina og stuðningsmanna.<sup>104</sup> Hér er vísað til hóps sem lýsa má sem óformlegri breiðfylkingu og náði einnig til höfunda sem leituðust við að byggja upp alþjóðleg tengsl en voru hvorki flokksbundnir né sannfærðir kommúnistar.

<sup>102</sup> Katerina Clark, *Eurasia without Borders*, bls. 282.

<sup>103</sup> Rossen Djagalov, *From Internationalism to Postcolonialism*, bls. 86.

<sup>104</sup> Katerina Clark, *Eurasia without Borders*, bls. 23.

Þessi ytri hringur tengslanetsins gegndi mikilvægu hlutverki innan hins alþjóðasinnaða heimsbókmenntakerfis á ólíkum tímum, en það hlutverk varð sérstaklega mikilvægt á síðari hluta fjórða áratugarins. Þegar rætt er um þingið í Moskvu 1934 er mikilvægt að horfa um leið til Alþjóðaþings til varnar menningunni sem haldið var í París ári síðar. Nokkrir erlendu höfundanna höfðu þegar kallað eftir breiðari samstöðu gegn ógn fasismans á þinginu í Moskvu,<sup>105</sup> en það ákall tók á sig skýrari mynd í París. Samhliða því þingi var stofnað nýtt Alþjóðasamband rithöfunda til varnar menningu en Alþjóðasamband byltingarsinnaðra rithöfunda var lagt niður.<sup>106</sup> Áherslan var lögð á samfylkingu (þ. *Völkfront*) gegn fasismanum og samvinnu við borgaralega rithöfunda á Vesturlöndum. Þinginu hefur verið lýst sem „hápunkti hinnar bókmenntalegu alþjóðahyggiu“, þegar „heimsbókmenntir“ og „heimsmenning“ fengu hljómgrunn um alla Evrópu sem slagorð gegn fasismanum,<sup>107</sup> og það markar ekki síður vatnaskil en þingið í Moskvu. Segja má að þingin tvö marki skilin á milli fyrra skeiðs alþjóðasinnaðra bókmennta, sem var markað af fjölbreyttari og tilraunakenndari bókmenntasköpun, og þess síðara skeiðs sem lagði megináherslu á raunsæislegar aðferðir og skírskotun til breiðari lesendahóps. Frá og með miðjum fjórða áratugnum er alþjóðasinnuðum bókmenntum síður stíllt upp í andstöðu við borgaralegar heimsbókmenntir en samhliða þeim. Hvörfin í átt til raunsæis tengjast þannig annars vegar fagurfræði sósíalíska raunsæisins sem fyrirmynd hinna nýju heimsbókmennta, hins vegar samfylkingarstefnunni og leitinni að skilvirkum frásagnarformum er næðu til hins breiða fjölda. Með áherslum samfylkingartímans má segja að ákallið um að fylgja línu sósíalíska raunsæisins, jafn óljóst og það hafði verið á þinginu í Moskvu, hafi verið lagt til hliðar. Þetta samhengi er brýnt að hafa í huga þegar leitast er við draga upp mynd af útbreiðslu rauðra heimsbókmennta hér á landi.

### *Útlínur hins rauða hefðarveldis: bókmenntaþýðingar í tímaritum*

Hvörf verða í útgáfu á róttæku vinstrisinnuðu bókmenntaefni hér á landi árið 1926. Annars vegar tekur Árni Hallgrímsson þá við ritstjórn *Íðunnar* og tímabilið fram til 1937 einkennist af aukinni áherslu á bókmenntir og þýðingar, þar sem róttækt efni átti sinn sess.<sup>108</sup> Hins vegar kemur þá út fyrsta hefti *Réttar* eftir að Einar Olgeirsson tók við útgáfu tímaritsins. Kommúnistahreyfingin hafði áður staðið að útgáfu *Rauða fánans* en líkt og Ragnheiður Kristjánsdóttir hefur bent

<sup>105</sup> Hans-Jürgen Schmitt, „Einleitung“, bls. 17.

<sup>106</sup> Katerina Clark, *Eurasia without Borders*, bls. 279.

<sup>107</sup> Sama heimild, bls. 312, 169.

<sup>108</sup> Sjá Örn Ólafsson, *Rauðu pennarnir*, bls. 72.



sem „heilbrigt er í því þjóðlega [...] einmitt að þroskast í eldi útlendra áhrifa, í honum verð[í] að brenna burt sorann úr þjóðmálblendingnum og skilja gullið eftir“.<sup>116</sup> Í niðurlaginu beinir Einar loks orðum sínum til íslenskra mennta- og listamanna á þessum umrótstímum:

Brautryðjendum núverandi kynslóðar legst því það mikla vandaverk á herðar, að verða leiðsögumenn þjóðar sinnar á einhverjum mesta stormtíma, sem yfir mannkynið hefir komið. Það veitir því ekki af vitum í villumyrkri því, sem yfir oss hvílir, og þá vita þurfum vjer að finna hvar sem þeir eru í heiminum, hvort sem það eru menn eða mál-efni, hvaða þjóðbálki, trúflokki eða stefnu, sem þeir tilheyra. Það er ekki víst, að vita þessara verði að leita á hæðum mannfjelagsins, þótt þeir ættu þar að standa. Vjer getum eins vel búist við, að finna þá í undirdjúpum, afkimum og útlagahellum. Það er heldur ekki víst, að ljós þeirra verði altaf skær og mild, þau verða frekar sterk og blossandi sem neyðar- eða hættumerki.<sup>117</sup>

Ekki verður ráðið af orðum Einars hvaða tilteknu höfunda eða strauma hann kann að hafa horft til sem slíkra „vita í villumyrkri“. Af upphafi greinarinnar má þó ráða að efst í huga hans var viðtekin hugmynd um hefðarveldi sem safn öndvegisverka. Þar undirstrikar hann að „[v]issulega þurfum vjer að kynnast því, sem best hefir verið skapað á Íslandi og mest má oss menta og göfga“, en ekki sé síður nauðsynlegt „að kynna oss alt það fegursta og besta, er erlendar þjóðir hafa skapað, og reyna að öðlast þekkingu þá og list, er þær hafa náð“, enda séum við „fyrst og fremst [...] menn – heimsborgarar, í öðru lagi – Íslendingar“.<sup>118</sup> Grein Einars er þannig innlegg í umræðu sem hafði verið áberandi á fyrstu árum fullveldisins og hverfðist um þörfina fyrir vandaðar þýðingar á erlendu gæðaefni, en umræðuna má rekja aftur til áhrifamikillar greinar Sigurðar Nordals um þýðingar frá árinu 1919.<sup>119</sup> Myndmálið sem Einar grípur til í lýsingu sinni á þeim mikilvægu verkum sem finna megi „í undirdjúpum, afkimum og útlagahellum“ dregur þó fram að hér er ekki aðeins horft til ríkjandi hefðarveldis. Öllu heldur

<sup>116</sup> Sama heimild, bls. 21.

<sup>117</sup> Sama heimild, bls. 23.

<sup>118</sup> Sama heimild, bls. 11.

<sup>119</sup> Greina má nokkurn samhljóm í afstöðu þeirra Sigurðar og Einars til gildis þýðinga og þeirrar ógnar sem stafi af þýddu afþreyingarefni, sem Sigurður kallar „tómt skran af versta tæi, dálkasögur blaðanna og annað þaðan af verra“ (Sigurður Nordal, „Þýðingar“, *Skírnir* 1/1919, bls. 40–63, hér bls. 51).

er hér leitast við að færa út mörk þess og draga inn verk alþjóðasinnaðra heimsbókmennta, verk úr öðrum og neðri lögum heimssamfélagsins.<sup>120</sup>

Fyrsta hefti *Réttar* frá 1926 endurspeglar áherslur greinarinnar, því stór hluti þess er helgaður þýðingum og umfjöllun um erlendar bókmenntir. Eiginlegar þýðingar voru tvær og fylgdi þeim báðum kynning á höfundunum: annars vegar þýðing Finns Jónssonar á safni smásagna eftir Martin Andersen Nexø,<sup>121</sup> hins vegar „Brjef til Judds“ eftir Upton Sinclair.<sup>122</sup> Einnig birtist hér grein Einarar um portúgalska þjóðskáldið Luís de Camões, auk styttri greina um Israel Zangwill, Romain Rolland og George Bernard Shaw.<sup>123</sup> Undir yfirskriftinni „Neistar“ er loks að finna safn tilvitnana og orðskviða eftir þekktu erlenda höfunda, þar á meðal Anatole France, Lev Tolstoj og Heinrich Heine.<sup>124</sup> Í heftinu má því greina útlínur breiðs alþjóðlegs hefðarveldis, þar sem höfundar hins alþjóðasinnaða bókmenntakerfis fá sérstakt vægi. Þannig má telja Nexø og Sinclair til lykilhöfunda innan þess kerfis og verk France og Rollands gegndu þar einnig mikilvægu hlutverki, auk þess sem höfundar á borð við Tolstoj og Heine voru jafnan taldir hafa lagt sitt af mörkum á mótunarskeiði byltingarsinnaðra bókmennta. Í heftinu má þannig greina vísi að því hefðarveldi rauðra heimsbókmennta sem átti eftir að taka á sig skýrari mynd á komandi árum.

Þegar litið er yfir bókmenntaþýðingar í næstu árgöngum *Réttar* blasir við fjölbreytilegt efni. Í fyrsta lagi birtust nokkrar þýðingar á verkum eftir lykilhöfunda alþjóðasinnaðra bókmennta. Þar má fyrst geta tveggja texta eftir Henri Barbusse, „Prinsinn Ferdinand“ og „G. Bujor“. Í athugasemd þýðanda er tekið fram að síðarnefnda sagan sé úr bókinni „Staðreyndir“ og „skýri frá sönnunum

<sup>120</sup> Nokkrar vísbendingar um þá höfunda sem Einar kann að hafa haft í huga við ritun greinarinnar má finna í grein um „Öreigalist“, sem birtist í *Rétti* ári síðar, en þar nefnir hann sérstaklega verk Nexø, Gorkijs, Barbusse, Uptons Sinclair og Johannes R. Becher sem dæmi um að „uppreisnin“ og „hugsunarháttur verkalýðsins“ sé að „br[jóta]st fram í bókmentunum“ (Einar Olgeirsson, „Öreigalist – Anton Hansen“, *Réttur* 2/1927, bls. 201–209, hér bls. 208).

<sup>121</sup> Martin Andersen Nexø, „Auðu sætin“, þýðandi Finnur Jónsson, *Réttur* 1–2/1926, bls. 25–38. Um er að ræða inngang og lokasögu smásagnasafnsins *De tomme Pladers Passagerer*, sem kom út á vegum Arbejder-Forlaget í Kaupmannahöfn árið 1921 og var tileinkað „hinni baráttuglöðu rússnesku þjóð“.

<sup>122</sup> Upton Sinclair, „Brjef til Judds“ [þýð. ekki getið], *Réttur* 1–2/1926, bls. 56–62. Um er að ræða ellefta bréfið af nítján í bæklingi Sinclairs, *Letters to Judd, an American Workingman*, frá 1926. Annað bréf úr ritinu hafði birst í *Skutli* fyrr á árinu: „Bréf til Judds“ [þýð. ekki getið], *Skutull*, 13. og 20. ágúst 1926, bls. 2; 2–3).

<sup>123</sup> Sjá Einar Olgeirsson, „Camoëns“, *Réttur* 1–2/1926, bls. 69–72; „Erlend skáld“, *Réttur* 1–2/1926, bls. 75–77.

<sup>124</sup> „Neistar“, *Réttur* 1–2/1926, bls. 138–142.

viðburðum eins og allar sögurnar í þeirri bók<sup>125</sup>. Hin sagan var sótt í þessa sömu bók, sem kom upphaflega út undir titlinum *Faits divers* árið 1928,<sup>126</sup> en íslenski titillinn sem henni er gefinn og heiti sagnanna sjálfra benda til þess að stuðst hafi verið við þýska þýðingu bókarinnar, *Tatsachen*, sem kom út á vegum *Universum Bücherei für Alle* árið 1930.<sup>127</sup> Af öðrum verkum eftir lykillhöfunda má nefna sögur eftir Béla Illés, Michael Gold og Önnu Seghers.<sup>128</sup> Í öðru lagi birtust sögur höfunda sem tengdust hinu alþjóðasinnaða bókmenntakerfi þótt þeir teljist ekki til lykillhöfunda. Þar má nefna þýðingu Einars Ólafs Sveinssonar á smásögu eftir Anatole France, „Refinn“ eftir Ignazio Silone í þýðingu Þorvaldar Þórarinnssonar, þýðingu Davíðs Þorvaldssonar á safni prósaljóða eftir ítölsku skáldkonuna Ödu Negri og þýðingu Gunnars Þorsteinssonar á smásögu eftir „eitthvert kunnasta alþýðuskáld Danmerkur“, Jeppe Aakjær.<sup>129</sup> Verk þessara höfunda höfðu missterka stöðu innan heimsbókmenntakerfis alþjóðasinna. Bækur France og Silones voru til að mynda áberandi í útgáfustarfseminni á þýsku málsvæði en segja má að verk Negri og Aakjærs liggi fremur á jaðri kerfisins. Í þriðja lagi birtist nokkuð af verkum rússneskra og sovéskra höfunda. Auk smásögu eftir Gorkij má þar nefna sögu eftir Anton Tsjekov og texta síður þekktara höfunda, þar á meðal áður nefndan sagnaþátt Levs Níkúlín og þýðingu Björns Franzsonar á sögu eftir Pantelejmon Romanov.<sup>130</sup> Árið 1929 birtist einnig smásaga með heitinu „Vörður dýrgripanna“, í þýðingu Einars S. Frímanna, án þess að höfundar sé getið. Undirtitillinn var „sannur atburður“ og er sagan, sem virðist vera sovésk að uppruna, á sinn hátt til marks um þá fagurfræðilegu afstöðu sem var ríkjandi

<sup>125</sup> Henry Barbusse, „G. Bujor“ [þýð. ekki getið], *Réttur* 2/1932, bls. 71–75, hér bls. 75. Sjá einnig Henri Barbusse, „Prinsinn Ferdinand“ [þýð. ekki getið], *Réttur* 3/1931, bls. 160–164.

<sup>126</sup> Frásagnirnar tvær heita á frummálinu „L’Indomptable“ og „Ferdinand“ (sjá Henri Barbusse, *Faits divers*, París: Flammarion, 1928, bls. 113–119, 137–141).

<sup>127</sup> Sjá Heinz Lorenz, *Die Universum Bücherei 1926–1939*, bls. 105.

<sup>128</sup> Béla Illés, „Hamarshögg“, þýðandi Halldór Stefánsson, *Réttur* 1/1934, bls. 15–23; Michael Godl [svo], „Martíð Mussolínis“, þýðandi Kristinn E. Andrésson, *Réttur* 6/1937, bls. 214–219; Anna Seghers, „Húsaskjól“ [þýð. ekki getið], *Réttur* 1/1942, bls. 56–64.

<sup>129</sup> Anatole France, „Crainquebille. (Niður með nautin)“, þýðandi Einar Ólafur Sveinsson, *Réttur* 1/1929, bls. 14–41; Ignazio Silone, „Refurinn“, þýðandi Þorvaldur Þórarinnsson, *Réttur* 2–4/1938, bls. 59–84; Ada Negri, „Brot úr kvæðum“, þýðandi Davíð Þorvaldsson, *Réttur* 3/1930, bls. 275–280; Jeppe Aakjær, „Plægingarveizlan hjá Friðrik Tapbjerg“, þýðandi Gunnar Þorsteinsson, *Réttur* 1/1928, bls. 21–41, hér bls. 21.

<sup>130</sup> Maxim Gorki, „Einsetumaðurinn“ [þýð. ekki getið], *Réttur* 1/1930, bls. 20–24; Anton Tschekow, „Nafnlaus saga“ [þýð. ekki getið], *Réttur* 2/1928, bls. 146–151; L. Nikulin, „Pyntingarklefinn“, Panteleimon Romanov, „Myrkur“, þýðandi Björn Franzson, *Réttur* 3/1932, bls. 210–213.



innan alþjóðasinnaðra heimsbókmennta þriðja áratugarins, þar sem heimildagildið var í forgrunni.<sup>131</sup>

Í fjórða lagi er vert að huga að þýðingum úr þýsku. Þar má ekki aðeins nefna þýðingar Halldórs Laxness á tveimur textum Bertolts Brecht, heldur einnig verk eftir Ernst Toller í þýðingu Halldórs Stefánssonar og þýðingu Gísla Ásmundssonar á „æfintýri“ eftir Oskar Maria Graf.<sup>132</sup> Enn fremur má nefna sagnaþætti eftir síður þekktu höfunda, sem sverja sig í ætt við hefð ferðalýsinga og vettvangsfrásagna, þar á meðal texta eftir austurrísku höfundana Hugo Huppert og Alexander Roda Roda.<sup>133</sup> Einnig birtist þýðing Sigurðar Guðmundssonar á vettvangsfrásögn eftir Egon Erwin Kisch, sem öðrum fremur átti þátt í að móta þessa lykilmótmæntagrein alþjóðasinnaðra bókmennta á þriðja og fjórða áratugnum, og er hann kynntur í inngangsorðum sem „heimskunnur rithöfundur“ er af mörgum sé „talinn [...] bezú fregnritarinn, sem nú er uppi“.<sup>134</sup> Til þýskumælandi höfunda má loks telja Agnesi Smedley, en tveir textar bandarísku blaðakonunnar og rithöfundarins birtust í *Rétti*, „Shan-Fei. Sönn saga frá byltingunni í Kína“ og „Við erum öll fátæk“.<sup>135</sup> Ástæða þess að Smedley er hér talin til þýskumælandi höfunda er sú að í það minnsta fyrri sagan kom upphaflega út á þýsku og var þýdd úr því máli. Í inngangi er tekið fram að Smedley sé „einn af frægustu kvenrithöfundum heims-

<sup>131</sup> „Vörður dýrgripanna“, þýðandi Einar S. Frimann, *Réttur* 3/1929, bls. 220–227. Fleiri dæmi má finna um þýðingar slíkra höfundarlausra sagnaþátta og vettvangsfrásagna í *Rétti*. Þar má nefna „stutta æfisögu“ basknesk-spænsku baráttukonunnar og kommúnistans Dolores Ibárruri, en tekið er fram að sá texti sé þýddur úr „Rundschau“ („Passionaría“. Stutt æfisaga“, þýðandi Ásgeir Hjartarson, *Réttur* 5–6/1938, bls. 133–144, hér bls. 144). Ibárruri hefur þegar verið einhvefjum íslenskum lesendum kunn, því tveimur árum fyrr hafði birst í *Verklýðsblaðinu* grein um þessa „námumannsdóttur frá Biscaya“ og „kvenhetju spönsku alþýðunnar“ („Passionaría. Kvenhetja spönsku byltingarinnar“, *Verklýðsblaðið* 17. ágúst 1936, bls. 2).

<sup>132</sup> Bert Brecht, „Barnamorðinginn Maria Farrar“, þýðandi Halldór Kiljan Laxness, *Réttur* 4/1935, bls. 94–97; Bertolt Brecht, „L’Homme statue“, þýðandi Halldór Kiljan Laxness, *Réttur* 3/1937, bls. 112–114; Ernst Toller, „Vingjarnlegt tilboð“, þýðandi Halldór Stefánsson, *Réttur* 6–7/1937, bls. 173–175; Oskar Maria Graf, „Semsé Tréftotur. Æfintýri eftir Oscar Maria Graf“, þýðandi Gísli Ásmundsson, *Réttur* 4/1935, bls. 98–102.

<sup>133</sup> Hugo Huppert, „Ferð til Odessa“, þýðandi Ásgeir Hjartarson, *Réttur* 5–6/1938, bls. 120–132; Roda Roda, „Það var þakklaetið“, þýðandi Halldór Stefánsson, *Réttur* 6–7/1935, bls. 161–166.

<sup>134</sup> Egon Erwin Kisch, „Varðmaður á vígstöðvum silküðjunnar“, þýðandi Sigurður Guðmundsson, *Réttur* 5–6/1938, bls. 125–128, hér bls. 125. Um verk Kisch, sjá einnig grein Christophs Schaub annars staðar í þessu sérhefti *Ritsins*.

<sup>135</sup> Agnes Smedley, „Shan-Fei. Sönn saga frá byltingunni í Kína“ [þýð. ekki getið], *Réttur* 1/1932, bls. 14–23; Agnes Smedley, „Við erum öll fátæk“, þýðandi Halldór Stefánsson, *Réttur* 3–4/1934, bls. 116–122.

ins“ og starfi nú „sem fréttaritari fyrir þýzka stórblaðið „Frankfurter Zeitung““ í Kína, en frásögnin sé tekin þaðan.<sup>136</sup> Hinn textinn er sömuleiðis vettvangsfrásögn frá Kína og bendir flest til þess að Halldór Stefánsson hafi einnig þýtt hann upp úr *Frankfurter Zeitung*. Þýðingarnar á textum Smedley eru í senn athyglisvert dæmi um hvernig vettvangsfrásögnin teygir sig inn í íslenskt bókmenntakerfi og hvernig frásagnir af þessu tagi þenja út hið landfræðilega sjónarhorn með lýsingum sínum á hnattrænu hlutskipti öreigalýðsins. Þrátt fyrir að bókmenntaþýðingar í *Rétti* hafi að stofni til takmarkast við verk evrópskra og vestrænna höfunda er því ekki þar með sagt að söguvið þeirra alþjóðasinnuðu bókmennta sem þar bar fyrir augu íslenskra lesenda hafi einskorðast við landamæri álfunnar.

Þýðingar á róttæku bókmenntaefni voru ekki einskorðaðar við *Rétt*. Á tímabilinu sem hér er til umræðu birtist einnig nokkuð af verkum sem tengja má hefð alþjóðasinnaðra bókmennta í menningartímaritum með almennari áherslur. Í *Eimreiðinni* birtust þýðingar á grein og sögu eftir Nexø og ljóði eftir Negri, þótt sjónarhornið á heimsbókmenntir og nýjustu straua hafi verið opnara og náð til höfunda eins og Gabriele d’Annunzio, Ívans Búnín, Aldous Huxley, Selmu Lagerlöf og Oscars Wilde.<sup>137</sup> Hið sama gildir um *Dvöl*, sem hóf göngu sína árið 1933. Í ávarpi til lesenda frá árinu 1936 undirstrikaði ritstjórinn Vigfús Guðmundsson að ætlun tímaritsins væri að hefja sig yfir pólitíska flokkadrætti, markmiðið væri fyrst og fremst að „flytja stuttar úrvals skáldsögur, sem taldar eru perlur á sviði heimsbókmenntanna og lengri skáldsögur, er birtast sem framhaldssögur“.<sup>138</sup> Á tímabilinu fram til 1940 má finna í *Dvöl* þýðingar á textum eftir Nexø, Gorkij og Barbusse, en gjarnan var vísað til þeirra þriggja sem nokkurs konar ættfeðra í orðræðu alþjóðasinnaðra bókmennta.<sup>139</sup> Innan um breitt úrval

<sup>136</sup> Agnes Smedley, „Shan-Fei“, bls. 14.

<sup>137</sup> Martin Andersen Nexø, „Jan Umb“, þýðandi Sigurður Skúlason, *Eimreiðin* 3/1930, bls. 250–255; Martin Andersen Nexø, „Saklausa barn“, þýðandi Óskar Hólm, *Eimreiðin* 4/1940, bls. 368–372; Ada Negri, „Kafald“, þýðandi Þórhallur Þorgilsson, *Eimreiðin* 2/1928, bls. 187–188.

<sup>138</sup> Vigfús Guðmundsson, „Til lesendanna“, *Dvöl* 1–2 1936, bls. 1–2, hér bls. 1. Um tímaritið *Dvöl*, áherslur þess og þýðingauktáfu, sjá Haukur Ingvarsson, *Fulltrúi þess besta í bandarískri menningu. Orðspor Williams Faulkners í íslensku menningarlífi 1930–1960*, Reykjavík: Sögufélag, 2021, bls. 223–231.

<sup>139</sup> Martin Andersen-Nexø, „Veggirnir“, þýðandi Axel Guðmundsson, *Dvöl* 12/1934, bls. 1–6; Martin Andersen-Nexø, „Frægðarför Jakobs“, þýðandi Axel Guðmundsson, *Dvöl* 23/1934, bls. 1–6; Martin Andersen-Nexø, „Reikningskil“, þýðandi Vilmundur Jónsson, *Dvöl* 29/1935, bls. 17–20; Martin Andersen Nexø, „Ávöxtur ástarinnar“, þýðandi Valdimar Jóhannsson, *Dvöl* 1/1938, bls. 5–14; Maxim Gorki, „Bolez!“; þýðandi Guðmundur Sigurðsson, *Dvöl* 16/1934, bls. 1–5; Maxim Gorki, „Natasja“, þýðandi Valdimar Jóhannsson, *Dvöl* 24/1935, bls. 3–8; Henri Barbusse, „Bróðurkærleikur“,

borgaralegra nútímabókmennta, þar sem höfundar á borð við Knut Hamsun, Guy de Maupassant og Luigi Pirandello voru á meðal fastagesta, mátti finna verk eftir höfunda eins og Johan Falkberget og Jack London, sem gjarnan var vísað til sem mikilvægra höfunda alþjóðlegra öreigabókmennta fram á fjórða áratuginn.<sup>140</sup> Einnig vekur hlutur rússneskra og sovéskra bókmennta athygli. Þar má í fyrsta lagi nefna texta eftir lykilhöfunda nítjándu aldar, Tsjekhov, Tolstoj, Púshkín, Dostojevskij og Lermontov;<sup>141</sup> í öðru lagi höfunda eins og Leoníd Andrejev og Sergej Semjonov, sem höfðu getið sér nafn á árunum fyrir byltingu;<sup>142</sup> í þriðja lagi texta eftir Arkadij Avertsjenko og Boris Pilnjak, sem höfðu leitað í útleð í kjölfar októberbyltingarinnar eða starfað á jaðri hins sovéska bókmenntakerfis;<sup>143</sup> í fjórða lagi texta eftir Valentín Katajev, Mikhaíl Zostsjenko og Konstantín Fedín, sem tilheyrðu hinu sovéska bókmenntakerfi þótt staða þeirra hafi verið ólík á mismunandi tímum, auk „smásögu frá Sovét-Rússlandi“ eftir Arkadij Búkhov.<sup>144</sup> Hér vekur ekki aðeins athygli hvernig textar úr samhengi

---

þýðandi Vigfús Guðmundsson, *Dvöl* 27/1935, bls. 3–6; Henri Barbusse, „Ríki mitt er ekki af þessum heimi“, þýðandi Brynjólfur Sveinsson, *Dvöl* 19/1935, bls. 3–6. Afmörkunin við árið 1940 helgast af því að þá lýkur ritstjórnarferli Vigfúsar Guðmundssonar, þótt ritstjórnarskiptin hafa ekki markað straumhvörf í útgáfustefnu (sjá Haukur Ingvarsson, *Fulltrúi þess besta í bandarískri menningu*, bls. 224–225).

<sup>140</sup> Johan Falkberget, „Feigð“, þýðandi Indriði Indriðason, *Dvöl* 12/1935, bls. 11–16; Jack London, „Óskiljanlegt“, þýðandi Björn Guðmundsson, *Dvöl* 16/1934, bls. 12–16; 17/1934, bls. 11–16; 18/1934, bls. 10–16.

<sup>141</sup> Anton Tschecchow, „Vondi strákurinn. Sönn draugasaga“ [þýð. ekki getið], *Dvöl* 11/1934, bls. 8–10; Anton Tschecchow, „Í myrkri“ [þýð. ekki getið], *Dvöl* 13/1934, bls. 1–5; Anton Tsjekow, „Barnið á tröppunum“, þýð. R.A.P., *Dvöl* 23/1935, bls. 3–8; Anton Tschecchow, „Veðmálið“, þýð. Gísli Ólafsson, *Dvöl* 9–10/1936, bls. 289–294, 316; [Lev] Tolstoy, „Breyting brauðsins“, þýð. S.K.S., *Dvöl* 17/1935, bls. 14–16; Alexander Pusjkin, „Likkistusmiðurinn“, þýðandi Þórarinn Guðnason, *Dvöl* 3–4/1937, bls. 83–90; Fjodor Dostojevskij, „Jólatréfagnaður og brúðkaup“, þýðandi Egill Bjarnason, *Dvöl* 1/1938, bls. 21–28; Mikhaíl Lermontov, „Forlagatrúarmaðurinn“ [þýð. ekki getið], *Dvöl* 11/1940, bls. 51–55.

<sup>142</sup> Leoníd Andreyev, „Þögn“, þýðandi Helga Kristjánsdóttir, *Dvöl* 18/1934, bls. 1–12; Sergej Semjonov, „Fæðing þrælsins“, þýðandi Axel Guðmundsson, *Dvöl* 19/1934, bls. 14–16.

<sup>143</sup> A. Averchenko, „Slysið“, þýðandi Sólveig Jónsdóttir, *Dvöl* 11–12/1937, bls. 376–378; Arkady Averchenko, „Leikhúsförin“ [þýð. ekki getið], *Dvöl* 1/1940, bls. 70–74; Boris Pilniak, „Næðingur mannlífsins“, þýðandi Gunnlaugur Pétursson, *Dvöl* 2/1939, bls. 128–135.

<sup>144</sup> Valentín Katajev, „Hnífarnir“ [þýð. ekki getið], *Dvöl* 15/1934, bls. 1–10; M. Sostschenko, „Bíóferðin“ [þýð. ekki getið], *Dvöl* 9/1934, bls. 7–9; Michail Soschtschenko, „Neyðarhemillinn“, þýðandi B.J., *Dvöl* 13/1935, bls. 12–15; Konstantín Fedín, „Brodgölturinn“, þýðandi B.J., *Dvöl* 3/1935, bls. 12–16; Arkadij Buchoff, „Nábúinn“ [þýð. ekki getið], *Dvöl* 2/1935, bls. 14–16.

alþjóðasinnaðra bókmennta rata inn í *Dvöl*, heldur einnig hvernig tímaritið þjónaði sem einhver mikilvægasti útgáfuvettvangur rússneskra og að hluta til sovéska bókmennta á fjórða áratugnum. Útgáfuumhverfið sem hér hefur verið brugðið upp mynd af er til marks um margvíslega skörun hins borgaralega og hins alþjóðasinnaða heimsbókmenntakerfis. Leiða má rök að því að þessi skörun hafi birst með skýrari hætti hér á landi en víða annars staðar vegna smæðar íslenska bókmenntakerfisins, bæði vegna persónulegra tengsla og vegna þess að útgáfumöguleikar voru takmarkaðir. Hér skiptir þó ekki síður máli að tímabilið sem hér liggur undir nær inn á samfylkingartímabilið.

Í þeim tímaritum sem gegndu lykilhlutverki við útgáfu róttæks bókmenntaefnis á þriðja og fjórða áratugnum blasir við svipað landslag. Þar má í fyrsta lagi nefna *Iðunni* á ritstjórnartíma Árna Hallgrímssonar. Á síðum tímaritsins má finna texta eftir Nexø, Aakjær og France, sem einnig áttu efni í *Rétti*,<sup>145</sup> ásamt verkum höfunda eins og Aksel Sandemose, Arnulf Överland og Henrik Allari, sem rekja má til alþjóðasinnaðra heimsbókmennta.<sup>146</sup> Í meginatriðum er þó dregin upp breið mynd af hefðarveldi í tímaritinu, áherslan er einkum á verk vestrænna öndvegisskálda og þekktara nútímahöfunda á borð við Hamsun, Strindberg, Wedekind og Wilde. Í *Rauða fánanum* má greina eindregnari áherslu á byltingarsinnaðar bókmenntir. Tímaritið var gefið út af Sambandi ungra kommúnista og gegnir mikilvægu hlutverki í sögu kommúnistahreyfingarinnar hér á landi. Við stofnun Félags ungra kommúnista árið 1922 hafði ungliðasveitin sótt um aðild að Alþjóðasambandi ungkómunnista og bent hefur verið á að þar með hafi „ís-


<sup>145</sup> Martin Andersen Nexø, „Öreiga-menning“, þýðandi Árni Hallgrímsson, *Iðunn* 4/1928, bls. 392–404; Jeppe Aakjær, „Hvað sakar –?“, þýðandi Guðmundur E. Geirdal, *Iðunn* 1/1931, bls. 75; Anatole France, „Signora Chiara“, þýðandi Magnús Ásgeirsson, *Iðunn* 1/1930, bls. 81–83; Anatole France, „Putois“, þýðandi Magnús Ásgeirsson, *Iðunn* 2/1930, bls. 118–137. Sjá einnig athyglisverða grein Thoru Friðriksson um Anatole France sem birtist nokkru fyrr í *Iðunni* í tilefni af andlátu höfundarins, þar sem hún víkur meðal annars að tengslum hans við málstað kommúnismans: „Anatole France (1844–1924)“, *Iðunn* 2/1925, bls. 100–112.

<sup>146</sup> Aksel Sandemose, „Ekki eru allir drengir dauðir“, þýðandi Árni Hallgrímsson, *Iðunn* 1–4/1937, bls. 100–107; Arnulf Överland, „Ofurmennið“ [þýð. ekki getið], *Iðunn* 4/1928, bls. 333–342; Arnulf Överland, „Gef oss Barrabas lausan!“, þýðandi Sigurður Einarsson, *Iðunn* 3/1931, bls. 255–276; Arnulf Överland, „Dæmisaga“ [þýð. ekki getið], *Iðunn* 3/1932, bls. 277–283; Arnulf Överland, „Kvöld eitt, seint í ágúst“ [þýð. ekki getið], *Iðunn* 1–2/1932, bls. 189–191; Arnulf Överland, „Um ættjarðarást“, þýðandi Árni Hallgrímsson, *Iðunn* 3/1933, bls. 201–221; Arnulf Överland, „Trú og hjátrú“, þýðandi Árni Hallgrímsson, *Iðunn* 3–4/1936, bls. 329–335; Arnulf Överland, „Bréf Júdasar“, þýðandi Árni Hallgrímsson, *Iðunn* 1–4/1937, bls. 159–164; Henrik Allari, „Mannsborn“, þýðendur Þórbergur Þórðarson og Hallbjörn Halldórsson, *Iðunn* 3/1927, bls. 233–249.

lensku kommúnistarnir því [orðið] Kominternfélagar, þótt með óbeinum hætti væri, því langflestir þeirra voru í Félagi ungra kommúnista“.<sup>147</sup>

Fyrstu árgangar *Rauða fánans* frá 1924, 1927 og 1930 samanstanda einkum af styttri greinum og fréttatengdu efni um stöðu heimsmála og starf hreyfingarnar. Bókmenntatextar fá ekki reglulegan sess í tímaritinu fyrr en árið 1931 þegar það birtir frásögn eftir Barbusse, en annar texti franska höfundarins átti eftir að birtast fimm árum síðar.<sup>148</sup> Aðrir erlendir höfundar í *Rauða fánanum* sem einnig áttu sögur í *Rétti* eru Nexø, Illés og Smedley, auk þess sem birt er grein eftir Gorkij.<sup>149</sup> Árið 1932 kemur út „Fæðing þrælsins“ eftir Sergej Semjonov, en sagan átti einnig eftir að birtast í þýðingu Axels Guðmundssonar í *Dvöl* tveimur árum síðar.<sup>150</sup> Af öðru

Forsíðumynd *Rauða fánans* í maí 1933, tímaritúð kom út á vegum Alþjóðasambands ungmúnnista og þjónaði sem einn mikilvægasti útgáfuvettvangur rauðra heimsbókmennta hér á landi.



<sup>147</sup> Jón Ólafsson, *Kæru félagar*, bls. 22; sjá einnig Ragnheiður Kristjánsdóttir, *Nýtt fólk*, bls. 186.

<sup>148</sup> Henri Barbusse, „Jon Grecea“, þýðandi S.M.H., *Rauði fáninn* 6/1931, bls. 2–3; Henri Barbusse, „Hefndin“ [þýð. ekki getið], *Rauði fáninn* 8/1936, bls. 2. Báðar sögurnar eru úr sömu bókinni og þær tvær sögur sem birtust í *Rétti* (sjá Henri Barbusse, *Faits divers*, bls. 85–91, 121–127). Erfitt er að ráða í nöfn þýðenda í *Rauða fánanum* og virðist hafa verið lagt upp úr því að gæta nafnleysis. Í einhverjum tilvikum eru þýðingarnar undirritaðar með upphafsstöfum, í öðrum tilvikum eru þýðendur tilgreindir með stökum bókstöfum og jafnvel dulnefnum eða gælunöfnum. Fyrir vikið hefur hér ekki verið leitast við að grafa upp upplýsingar um þá sem leynast að baki nöfnunum og eru þau tilgreind í þeirri mynd sem þau koma fyrir í tímaritinu.

<sup>149</sup> M.A. Nexø, „Útborgunardagur“ [þýð. ekki getið], *Rauði fáninn* 2/1932, bls. 4–5; Bela Illes, „Byssan“, þýðandi I.J., *Rauði fáninn* 1/1934, bls. 3–5; Bela Illes, „Ríki maðurinn“ [þýð. ekki getið], *Rauði fáninn* 4–5/1934, bls. 12–15; Agnes Smedley, „Orustan við Tapoteh“ [þýð. ekki getið], *Rauði fáninn* 4–5/1935, bls. 6–7; Maxim Gorki, „Hetjukynslóð“ [þýð. ekki getið], *Rauði fáninn* 8/1934, bls. 3.

<sup>150</sup> Sergej Semjonov, „Fæðing þrælsins“, *Rauði fáninn* 8/1932, bls. 4–5. Sjá einnig Sergej Semjonov, „Fæðing þrælsins“, þýðandi Axel Guðmundsson, *Dvöl* 19/1934, bls. 14–16.

efni má nefna texta eftir þýsku höfundana Ernst Glaeser, Alfred Kurella og Johannes R. Becher, sögu úr norska tímaritinu *Arbeider revy* eftir Walther Kristiansen, sagnaþátt eftir dönsku blaðakonuna og rithöfundinn Karin Michaëlis og loks texta eftir ungverska rithöfundinn og byltingarsinnann Máté Zalka.<sup>151</sup> Sögurnar eru með sérstæðu sniði, um er að ræða mjög stutta texta sem margir hverjir leika á mörkum bókmenntalegrar frásagnarlistar og vettvangslýsinga. Hér birtist með skýrum hætti sá vandi sem Örn Ólafsson lýsir í samantekt sinni um það röt-tæka sagnaefni sem birtist í *Rétti* og *Rauða fánanum*, þar sem hann kemst svo að orði að „mjög [sé] á reiki hvað kallast saga“ og oft séu þetta „hreinar frásagnir, þótt kynntar séu stundum með nafninu „smásaga““. <sup>152</sup> Hér glittir í meginein-kenni þeirrar sérstæðu bókmenntahefðar sem hafði tekið á sig mynd á þriðja áratugnum, þar sem sagnahefðir borgaralegra fagurbókmennta voru skoraðar á hólum og leitast við að leggja grunn að annars konar sagnalist. Hér var síður um að ræða skort á fagurfræðilegu skynbragði en höfnun þess, sem fól um leið í sér áherslu á annars konar frásagnir, sem oft voru brotnar í formi og smáar í sniðum. Þetta endurspeglast einnig með skýrum hætti í því margvíslega þýdda sagnaefni sem ýmist var gefið út án höfundarnafns eða með óljósum vísunum til höfundar í *Rauða fánanum*. Árið 1931 birtist þar saga með heitinu „Sokol“ sem kölluð er „smásaga frá Sovét-Rússlandi“, undir greinina er skrifað J.O. en óljóst er hvort um er að ræða þýðingu eða frumsaminn texta.<sup>153</sup> Önnur dæmi eru höf-undarlaus „saga frá Sovét-Rússlandi, skömmu eftir byltinguna“ undir heitinu „Kraftaverkið“, „saga frá Austur-Indlandi“ með heitinu „Blérot“ og „saga frá Vín um austurríska kommúnista“ sem kallast „Betlehemsstjarnan“.<sup>154</sup> Einnig má nefna hversdagssögur sem fella má undir hefð vettvangsfrásagna í viðum skilningi. Árið 1933 birtist til að mynda textinn „Uppsögn“, sem eignaður er Dich Bech og kallaður „saga úr daglega lífinu“, og tveimur árum síðar birtist sagan „Njósvari lögreglufulltrúans X“ undir höfundarnafninu Weickopf.<sup>155</sup> Loks má

<sup>151</sup> Ernst Glaeser, „Barist á tveim vígvöllum“ [þýð. ekki getið], *Rauði fáninn* 3/1932, bls. 4–5; Alfred Kurella, „Ungi setjarinn“, *Rauði fáninn* 14/1934, bls. 2–3; Johannes R. Becher, „Liðhlaupinn“, þýðandi J., *Rauði fáninn* 3/1936, bls. 4–6; Walther Kristiansen, „Förnin“ [þýð. ekki getið], *Rauði fáninn* 15/1934, bls. 2; Karin Michaelis, „Ungherjaheimili á Krím“ [þýð. ekki getið], *Rauði fáninn* 10/1934, bls. 2–3; Zalka, „Fundna svarið“, þýðandi S., *Rauði fáninn* 8/1933, bls. 4–5.

<sup>152</sup> Örn Ólafsson, *Rauðu pennarnir*, bls. 78.

<sup>153</sup> J.O., „Sokol. Smásaga frá Sovét-Rússlandi“, *Rauði fáninn* 7/1931, bls. 2–3.

<sup>154</sup> „Kraftaverkið. Saga frá Sovét-Rússlandi, skömmu eftir byltinguna“ [þýð. ekki getið], *Rauði fáninn* 8/1936, bls. 4–6; „Blérot. Saga frá Austur-Indlandi“, þýðandi J., *Rauði fáninn* 4/1936, bls. 6–8; „Betlehemsstjarnan. Saga frá Vín um austurríska kommúnista“, þýðandi Siggí, *Rauði fáninn* 6/1935, bls. 2–3.

<sup>155</sup> Dich Bech, „Uppsögn. Saga úr daglega lífinu“ [þýð. ekki getið], *Rauði fáninn* 11/1933,

nefna tvær vettvangslýsingar franska blaðamannsins og rithöfundarins Georges Soria frá borgarastríðinu á Spáni og texta um „uppreisnina í Barcelóna“ er hefur að geyma „frásögn sjónarvottarins R. Breda“.<sup>156</sup> Frásagnir af þessu tagi voru veigamikill þáttur í því alþjóðlega lesefni sem fyllti síður tímarita eins og *Rauða fánans*, þar sem mörkin á milli smásagna, fréttæfnis og hversdagsfrásagna voru fljótandi.<sup>157</sup>

Þær glefsur úr þýðingasögu alþjóðasinnaðra heimsbókmennta sem hér hafa verið teknar saman bregða upp mynd af flóknu og á margan hátt óreiðukenndu útgáfumhverfi. Segja má að leið rauðra heimsbókmennta inn á íslenskan menningarvettvang hafi legið um ólíkar gáttir, þar sem þýðingar birtust í ólíkum tímaritum, sem sum hver tilheyrðu vinstrihreyfingunni eða tengdust henni með óbeinum hætti en önnur ekki. Í *Íðunni*, *Eimreiðinni* og *Dvöl* rata þýðingar á textum byltingarsinnaðra höfunda inn sem einn anginn í breiðu hefðarveldi heimsbókmennta, en í *Rétti* má segja að ráðist sé í þýðingaverkefni sem snýst um að leiða alþjóðasinnaðar heimsbókmenntir inn á íslenskan menningarvettvang og byggja upp annað hefðarveldi til hliðar við hið borgaralega. Í *Rauða fánanum* má aftur á móti sjá mun eindregnari áherslu á bókmenntir alþjóðasinna, þar sem þeim er beinlínis teft gegn ríkjandi hefðarveldi borgaralegra fagurbókmennta.

## *Heimsbókmenntir í Rauðum pennum*

Þýðingaútgáfa *Rauða penna* er í meginatriðum keimlík útgáfu annarra tímarita sem hér hafa verið til umræðu, þótt sjónarhornið sé afmarkað við byltingarsinnaðar bókmenntir með mun skýrari hætti og útgáfunni sviði í því tilliti helst til *Rauða fánans*. Þýðingarnar eru jafnframt rammaðar inn með allmörgum greinum sem leggja sitt af mörkum til að afmarka hina byltingarsinnuðu hefð, skýra forsendur hennar og varpa ljósi á útbreiðsluna á heimsvísu. Í bréfi sem Félag byltingarsinnaðra rithöfunda skrifar til Kominterns þann 8. maí 1933 kemur

---

bls. 3–4; Weickopf, „Njósnavi lögreglufulltrúans X“ [þýð. ekki getið], *Rauði fáninn* 1/1935, bls. 2–3.

<sup>156</sup> „Hjá rauðu flugmönnum í Aragóníu. Fregnrítarinn G. Soria segir frá“ [þýð. ekki getið], *Rauði fáninn* 5/1936, bls. 4–5; „Menorca. Eftir blaðamanninn G. Soria“ [þýð. ekki getið], *Rauði fáninn* 5/1936, bls. 6–7; „Uppreisnin í Barcelóna. Frásögn sjónarvottarins R. Breda“ [þýð. ekki getið], *Rauði fáninn* 5/1936, bls. 6.

<sup>157</sup> Samantektin dregur fram mikilvægi þess að ráðist verði í ítarlegri greiningu á bókmenntaefni og þýðingum, en ekki síður á margvíslegum smærri textategundum sem tengja má hefð vettvangsfrásagna og heimildaskrifa, í öðrum tímaritum. Slík rannsókn rúmast ekki innan ramma þessarar greinar, en hér má benda á tímarit og vikublöð eins og *Verklýðsblaðið* (1930–1936), *Nýju konuna* (1932–1935) og *Sovétvininn* (1933–1937).

fram að yfirlýst markmið tímaritsins var að „sýna styrk og stöðu marxískra bókmennta í heiminum, þróun þeirra og óumdeilanlega yfirburði yfir borgaralegar bókmenntir“ með því að birta verk innlendra höfunda og gefa um leið „yfirlit um byltingarsinnaðar bókmenntir“. <sup>158</sup> Þessar áherslur áttu eftir að taka breytingum með samfylkingarstefnunni, þegar hinu nýja hefðarveldi alþjóðasinnaðra heimsbókmennta var fremur stillt upp til hliðar við hið borgaralega en stefnt því til höfuðs. Ríkari áhersla var lögð á fagurbókmenntir í viðteknum skilningi, auk þess sem efnisval breyttist og sá herskái tónn sem einkenndi gagnrýnina á borgaralegar bókmenntir í fyrsta heftinu varð öllu mildari.

Með hliðsjón af þeirri áherslu sem jafnan hefur verið lögð á tengingu *Rauðra penna* við hina fagurfræðilegu línu frá Moskvu er rýr hlutur rússneskra og sovéska bókmennta það fyrsta sem fangar athyglina. Á lista þeirra um þrjátíu erlendu höfunda sem áttu efni í tímaritinu eru aðeins þrír rússneskir. Þar má fyrstan telja Gorkij, en auk áður nefndrar smásögu birtist eftir hann grein í fyrsta heftinu. <sup>159</sup> Halldór Stefánsson skrifar einnig langa grein um höfundinn í tilefni af andláti hans árið 1936, þar sem hann fer fögrum orðum um þennan „ósvikna fulltrúa öreigastéttarinnar“. <sup>160</sup> Einnig birtist í öðru heftinu sýnishorn úr þýðingu Magnúsar Ásgeirssonar á ljóðabálkinum *Hinir tólf* (*Двенадцать*, 1918) eftir Aleksandr Blok, sem kom út á vegum Heimskringlu síðar á sama ári. <sup>161</sup> Loks birtist í fyrsta heftinu þýðing Gísla Ásmundssonar á lokakafla skáldsögunnar *Af hroð* (*Разгром*, 1927), einnig titluð *Hinir níttján*, eftir Aleksandr Fadejev. <sup>162</sup> Bókin var ein þeirra skáldsagna sem þjónuðu sem fyrirmyndarverk innan sósíalíska raunseisins, þar sem ímynd jákvæðu hetjunnar var í forgrunni. Einnig vekur áherslan á þýskar bókmenntir athygli. Í fyrsta heftinu má finna verk eftir fjóra

<sup>158</sup> Vitnað eftir Kristinn E. Andrésson, *Enginn er eyland*, bls. 118. Þýska frumtextann má finna í endurprentun bréfsins í bók Arnar Ólafssonar, en þar má sjá að jafnframt var óskað eftir tillögum og sendingum á efni til þýðingar, þótt sú málaumleitun virðist ekki hafa borið árangur (*Rauðu pennarnir*, bls. 273–274).

<sup>159</sup> Maxim Gorki, „Bitur kvöl“; Maxim Gorki, „Menning“, þýðandi Halldór Stefánsson, *Rauðir pennar* 1/1935, bls. 172–187.

<sup>160</sup> Halldór Stefánsson, „Maxim Gorki“, *Rauðir pennar* 2/1936, bls. 38–50, hér bls. 39. Í sama hefti birtist einnig minningarljóð um höfundinn eftir Jóhannes úr Kötlum („Maxim Gorki“, *Rauðir pennar* 2/1936, bls. 36–37).

<sup>161</sup> Alexander Blok, „Úr Hinir tólf“, þýðandi Magnús Ásgeirsson, *Rauðir pennar* 2/1936, bls. 172–173. Sjá einnig Alexander Blok, *Hinir tólf*, þýðandi Magnús Ásgeirsson, Reykjavík: Heimskringla, 1936.

<sup>162</sup> Alexander Fadejev, „Hinir níttján“, þýðandi Gísli Ásmundsson, *Rauðir pennar* 1/1935, bls. 117–129. Líklegt má telja að þýðing Gísla á kaflanum sé unnin upp úr þýskri þýðingu skáldsögunnar frá árinu 1928, sem kom út undir titlinum *Die Neunzehn* á vegum Verlag für Literatur und Politik í Berlín.



lykilhöfunda: annars vegar ljóð eftir Brecht og Toller en hins vegar þýðingar Björns Franzsonar á köflum úr *Febrúargöngunni* (*Der Weg durch den Februar*, 1935) eftir Önnu Seghers og leikþætti eftir Friedrich Wolf.<sup>163</sup> Þáttur norrænna höfunda er drjúgur. Í hópi þeirra sem áttu efni af ólíkum toga í úmaritinu, einkum þó ljóð í þýðingum Magnúsar Ásgeirssonar, voru Arnold Ljungdal, Sigfrid Lindström, Artur Lundkvist, Nordahl Grieg, Hjalmar Gullberg, Olav Aukrust, Sten Selander, Karin Boye, Dan Andersson, Helge Krog, Arnulf Øverland og Martin Andersen Nexø.<sup>164</sup> Enn fremur birtist nokkuð af textum enskumælandi höfunda, ljóð eftir Carl Sandburg, Carlos Wupperman, W.H. Auden og Oscar Wilde og tveir textar sem tengja má hefð vettvangsfrásagna, „kaffi úr ritgerð“ eftir Lester Cohen í þýðingu Gísla Ásmundssonar og frásögn eftir George Orwell í þýðingu Halldórs Stefánssonar.<sup>165</sup> Annað efni voru þýðingar Halldórs á smásögu eftir

<sup>163</sup> Anna Seghers, „Febrúargangan“, þýðandi Björn Franzson, *Rauðir pennar* 1/1935, bls. 85–104; Friedrich Wolf, „Prófessor Mamlock“, þýðandi Björn Franzson, *Rauðir pennar* 1/1935, bls. 239–155; Bert Brecht, „Húsamálarinn Hitler“ [þýð. ekki getið], *Rauðir pennar* 1/1935, bls. 256; Ernst Toller, „Hetjur heimsbyltingarinnar“, þýðandi Halldór Stefánsson, *Rauðir pennar* 1/1935, bls. 144–151.

<sup>164</sup> Arnold Ljungdal, „Ávarp vegna vorsins“ [þýð. ekki getið], *Rauðir pennar* 1/1935, bls. 94; Arnold Ljungdal, „Proletär vaggång“, *Rauðir pennar* 3/1938, bls. 212–213; Sigfrid Lindström, „Marmaranáman“, þýðandi Magnús Ásgeirsson, *Rauðir pennar* 1/1935, bls. 113; Artur Lundkvist, „Úr svörtu borginni“, þýðandi Magnús Ásgeirsson, *Rauðir pennar* 1/1935, bls. 130–131; Nordahl Grieg, „Sikill“, þýðandi Magnús Ásgeirsson, *Rauðir pennar* 1/1935, bls. 235–238; Nordahl Grieg, „Delescluze á götuvíginu“, þýðandi Þorsteinn Ö. Stephensen, *Rauðir pennar* 2/1936, bls. 193–202; Hjalmar Gullberg, „Hausaskeljastaður“, þýðandi Magnús Ásgeirsson, *Rauðir pennar* 2/1936, bls. 51–55; Olav Aukrust, „Skáldaþankar“, þýðandi Magnús Ásgeirsson, *Rauðir pennar* 2/1936, bls. 156; Sten Selander, „Hið visna tréð“, þýðandi Magnús Ásgeirsson, *Rauðir pennar* 2/1936, bls. 171; Karin Boye, „Já víst er sárt“, þýðandi Magnús Ásgeirsson, *Rauðir pennar* 3/1938, bls. 214–215; Bertil Malmberg, „Heima“, þýðandi Magnús Ásgeirsson, *Rauðir pennar* 3/1938, bls. 236; Dan Andersson, „Jarðarför Fiðlu-Óla“, þýðandi Guðmundur Frímann, *Rauðir pennar* 3/1938, bls. 177–180; Helge Krog, „Skáldskapur og siðerni“, þýðandi Eiríkur Magnússon, *Rauðir pennar* 4/1938, bls. 74–97; Arnulf Øverland, „Bibliúsaga með tilbrigðum“, þýðandi Magnús Ásgeirsson, *Rauðir pennar* 3/1938, bls. 174–176; Martin Andersen Nexø, „Erich Mühsam. In memoriam“, þýðandi Halldór Stefánsson, *Rauðir pennar* 2/1936, bls. 24–35.

<sup>165</sup> Carl Sandburg, „Ashurnatsirpal III“, þýðandi Magnús Ásgeirsson, *Rauðir pennar* 1/1935, bls. 314; Carlos Wupperman, „Í kvöld er allt svo hreint og hátt“, þýðandi Magnús Ásgeirsson, *Rauðir pennar* 3/1938, bls. 171; W.H. Auden, „Ferð til Íslands“, þýðandi Magnús Ásgeirsson, *Rauðir pennar* 2/1936, bls. 157–159; Oscar Wilde, „Kvæðið um fangann“, þýðandi Magnús Ásgeirsson, *Rauðir pennar* 4/1938, bls. 9–31; Lester Cohen, „Amerískir rithöfundar fara á fund námumanna“, þýðandi Gíslí Ásmundsson, *Rauðir pennar* 1/1935, bls. 298–314; George Orwell, „Þegar ég skaut filinn“, þýðandi Halldór Stefánsson, *Rauðir pennar* 3/1938, bls. 44–54.

Stefan Zweig og kafla úr *Ævintýrum góða dátans Svejk* (*Osudy dobrého vojáka Švejka za světové války*, 1921–1923) eftir Jaroslav Hašek.<sup>166</sup>

Hér vaknar sú spurning að hvaða marki sé í raun hægt að tala um heimsbókmenntir. Myndin sem dregin er upp er ekki aðeins býsna evrópuhverf, heldur takmarkast hún að auki við Norðurlönd, Sovétríkin og þýskt og enskt málsvæði, með einum þræði sem liggur inn í hjarta Mið-Evrópu.<sup>167</sup> Að þessu leyti draga þýðingarnar upp nokkuð þrengri mynd en raunin var í greinum sem birtust í tímaritinu, þar sem ríkari áhersla var lögð á útbreiðsluna á heimsvísu, þótt sjónarhornið á svæði utan Evrópu hafi þar einnig verið takmarkað. Þegar rætt er um lykillhlutverk *Rauðra penna* við markvissa uppbyggingu hins nýja hefðarveldis er jafnframt vert að hafa í huga að sjálfu orðinu *heimsbókmenntir* bregður örsjaldan fyrir í tímaritinu. Það helgast ekki síst af því að hugtakið á sér stutta sögu og tekur ekki að vinna sér sess í íslenskri menningarumræðu fyrr en á fjórða áratugnum. Allt til loka þriðja áratugarins er notkun hugtaksins fátíð og er það einkum notað í tvennum tilgangi, annars vegar til að lýsa mikilvægi verka eftir erlenda höfunda en hins vegar til að varpa ljósi á framlag íslenskra bókmennta til heimsmenningarinnar. Í samhengi fjórða áratugarins, þegar hugtakið fer að ná meiri útbreiðslu, vekur athygli að það kemur nokkuð víða fyrir í tímaritum vinstrihreyfingarinnar. Það má ekki síst rekja til þess að einn þeirra texta þar sem hugtakinu hafði brugðið fyrir á þriðja áratugnum var þýðing Stefáns Þjeturssonar og Einars Olgeirssonar á *Kommúnistaávarpinu* frá 1924, þar sem Marx og

<sup>166</sup> Stefan Zweig, „Leiðarlok“, þýðandi Halldór Stefánsson, *Rauðir pennar* 3/1938, bls. 138–147; Jaroslav Hasek, „Ævintýri hins góða dáta, Schwejks, í heimsstyrjöldinni“, þýðandi Halldór Stefánsson, *Rauðir pennar* 1/1935, bls. 72–84. Þekkt þýðing Karls Ísfelds á hinn vinsælu skáldsögu Hašeks kom út undir heitinu *Ævintýri góða dátans Svejk í heimsstyrjöldinni* á árunum 1942–1943 (Reykjavík: Geysisútgáfan).

<sup>167</sup> Ekki er hér fjallað um þýðingaútgáfu *Tímarits Máls og menningar*, sem hóf göngu sína árið 1938 og tók að nokkru leyti við hlutverki *Rauðra penna*. Fyrstu árgöngunum má lýsa sem fréttabréfi þar sem einkum var fjallað um starfsemi forlagsins og nýútkomin verk. Fyrir vikið eru útfagnar þýðingar á tímabilinu fram til 1943 fáar og er það í takti við þá þróun sem greina má í síðari árgöngum *Rauðra penna*. Af bókmenntaþýðingum í *Tímariti Máls og menningar* á fyrstu sex starfsárunum má einkum nefna smásögur eftir William Saroyan, John Galsworthy, Michael Foster og Liam O’Flaherty, sem og þýðingar Halldórs Stefánssonar á smásögu eftir kínverska höfundinn Ba Jin og jiddískri smásögu eftir Ishok Leib Perets (sjá Pa Chin, „Hundurinn“, þýðandi Halldór Stefánsson, *Tímarit Máls og menningar* 2/1940, bls. 155–162; Sarójan, „Harri“, þýðandi Halldór Kiljan Laxness, *Tímarit Máls og menningar* 3/1940, bls. 215–224; John Galsworthy, „Blátt áfram maður“, þýðandi Bogi Ólafsson, *Tímarit Máls og menningar* 2/1941, bls. 140–147; Michael Foster, „Seinna“, þýðandi Bogi Ólafsson, *Tímarit Máls og menningar* 3/1941, bls. 240–243; Liam O’Flaherty, „Blóð“, þýðandi Þórarinn Guðnason, *Tímarit Máls og menningar* 2/1942, bls. 176–181; Isak Lób Peretz, „Konu reiði“, þýðandi Halldór Stefánsson, *Tímarit Máls og menningar* 2/1943, bls. 212–216.

Engels lýsa því hvernig „andleg verðmæti einstakra þjóða eru að verða sameign þeirra allra“ og „þjóðarbókmentirnar verða heimsbókmentir“. <sup>168</sup> Í því samhengi benda þeir á hvernig hugtakið tengist þróun kapítalismans og þjónar í raun sem viðskiptalíkan, sem stuðlar að því að bókmenntir geti gengið kaupum og sölum á hinum nýja heimsmarkaði eins og hver annar varningur.

Í skrifum róttæku vinstrihreyfingarinnar er heimsbókmenntahugtakinu beitt í þríþættri merkingu. Í fyrsta lagi bregður því fyrir í lýsingum á verkum erlendra höfunda, þegar leggja þarf áherslu á gildi þeirra. Dæmi um þetta má finna í grein Halldórs Stefánssonar um Gorkij, þar sem hann kallar *Móðurina* eitt af „snilldarverkum“ höfundarins og „hugðnæmstu baráttusöguna í heimsbókmenntunum“. <sup>169</sup> Í öðru lagi er hugtakið notað til að undirstrika vægi íslenskra höfunda, ekki síst þeirra sem tilheyrðu róttæku vinstrihreyfingunni og einkum og sér í lagi Halldórs Laxness. Í umfjöllun um *Sjálfstætt fólk* lýsir Kristinn E. Andrés-son því til að mynda yfir að „æðsta gildi þessarar nýjustu skáldsögu Halldórs“ sé fólgið í „samstillingu hennar við alþjóðlegan tilgang göfugustu skáldverka heimsbókmenntanna“. <sup>170</sup> Á svipaðan hátt grípur Einar Olgeirsson til hugtaksins í grein frá 1932. Þar fjallar hann um verk Halldórs Laxness, Halldórs Stefánssonar og Sigurðar B. Gröndals og segir þau til marks um að „sósíalisminn [sé] að brjótast í gegn í íslenskum bókmenntum“. <sup>171</sup> Einar vikur í því samhengi að ferð Laxness á „heimsþing gegn stríði“ í Amsterdam og segir það enga tilviljun að hann hafi verið „fulltrúi íslenzka verkalýðsins á þingi því, sem [...] brautryðjendur í heimsbókmenntunum höfðu forystu um“, en þar nefnir hann Barbusse, Nexø, Sinclair og Michaëlis og stillir Halldóri þar með upp við hlið þeirra. <sup>172</sup> Síðar í greininni grípur Einar aftur til hugtaksins í umfjöllun um verk Sigurðar

<sup>168</sup> Tilvitnunin í heild hljómar þannig í þýðingu Stefáns og Einars: „Og eftir efnislegu framleiðslunni fer sú andlega. Hún er einnig að verða alþjóðleg. Andleg verðmæti einstakra þjóða eru að verða sameign þeirra allra. Á þessu sviði getur engin lengur án annarar lífað. Þjóðarbókmentirnar verða heimsbókmentir“ (Karl Marx og Friedrich Engels, *Kommúnistaávarpið*, Akureyri: Jafnaðarmannafélagið, 1924, bls. 28–29).

<sup>169</sup> Halldór Stefánsson, „Maxim Gorki“, bls. 46. Þessi tenging við nafn Gorkijs er ekki eins-dæmi. Þau sterku tengsl sem greina má á milli nafns hans og heimsbókmenntahugtaksins og rekja má aftur til starfsemi forlagsins „Heimsbókmenntir“ fóru heldur ekki með öllu framhjá róttækum lesendum hér á landi. Vorið 1936 birtist til að mynda lítil frétt í *Verkama-anninum*, þar sem lesendur eru upplýstir um að „samkvæmt ákvörðun ráðstjórnarinnar“ eigi nú „að byggja stofnun í Moskva fyrir heimsbókmentir „Maxim Gorki““ („Sovét-stofnun fyrir heimsbókmentir „Maxim Gorki““, *Verkamaðurinn* 7. mars 1936, bls. 3).

<sup>170</sup> Kristinn E. Andrés-son, „Halldór Kiljan Laxness. Sjálfstætt fólk“, *Réttur* 3/1935, bls. 74–88, hér bls. 88.

<sup>171</sup> Einar Olgeirsson, „Skáld á leið til sósíalismans“, *Réttur* 2/1932, bls. 95–117, hér bls. 111, 95.

<sup>172</sup> Sama heimild, bls. 99.

sem „fulltrú[a] fyrir þau skáld, sem búa við verkalýðskjör, og ekki hafa fengið að lifa í því andlega samlífi við stórskáld nútímans og heimsbókmenntanna, sem Halldórunum sakir tungumálakunnáttu og tólmstunda hefir verið auðið“.<sup>173</sup>

Í þriðja lagi birtist heimsbókmenntahugtakið í gagnrýni á borgaralegar nútímabókmenntir og þar er grein Halldórs Laxness í fyrsta hefti *Rauðra þenna* athyglisverðasta dæmið. Halldór fer mikinn í gagnrýni sinni á „borgaralegar nútímabókmenntir“ og „athvarf borgarans“ í þeim, sem felist í að „[d]raga sig út úr hinu lifanda lífi og setjast í bölmóði í eithvert „skemmtiskip“ (eða tæringarhæli, eða stásstofu), stara niður á naflann á sér og fírást yfir haldleysi alls og allra“ uns ekkert sitji eftir nema „sár lífsleiði, sem leiðir til lífshaturs“.<sup>174</sup> Á meðal verka sem hann beinir spjótum að eru „tvö dönsk skáldrit“, *Seven Gothic Tales* (Sjö gotneskar sögur, 1934) eftir Karen Blixen og *Dr. Renaults Fristelser* (Freistingar Dr. Renaults, 1935) eftir Johannes V. Jensen. Halldór segir verkin „gera sýnilega kröfu til að vera heimsbókmenntir“ og hæðist að þeim sem „þessa árs heimsbókmenntum dönsku borgarastéttarinnar“.<sup>175</sup> Í skrifum Halldórs skín í gegn sá marxíski skilningur á heimsbókmenntahugtakinu sem hafði tekið á sig nokkuð dólgslega mynd í ræðu Radeks á þinginu í Moskvu 1934. Slíkri gagnrýninni umræðu um borgaralegar heimsbókmenntir bregður víða fyrir í sovésku samhengi á því tímabili, en margt bendir til þess að samhljómurinn við ræðu Radeks í grein Halldórs sé ekki tilviljun. Í langri ritgerð sinni um hina „nýju bókmenntastefnu“, sem rammur fyrsta hefti *Rauðra þenna* inn, ræðir Kristinn E. Andrésson ekki aðeins ítarlega um þingið, heldur bendir einnig á aðgengilega útgáfu þeirra í enskri þýðingu.<sup>176</sup>

<sup>173</sup> Sama heimild, bls. 106. Einar fjallar í nokkuð ítarlegu máli um smásagnasafnið *Bárújárn* eftir Sigurð (Reykjavík: Félagsprentsmiðjan, 1932). Nokkrar smásagnanna í þessu safni eru einkar forvitnileg dæmi um hvernig sjónarhornið á misgengi byltingarinnar getur tekið á sig mynd í íslensku samhengi, þar sem byltingarhug sögupersóna þverr og þær ná ekki að móta með sér skýra byltingarvitund vegna aðstæðna og skorts á flokkskipulagi, en Einar gagnrýnir einmitt slík atriði og furðar sig á því hvers vegna „þróttur hinnar sósíalistisku frelsisbaráttu verkalýðsins reynist ekki nógu sterkur til að bjarga“ þeim sama heimild, bls. 110).

<sup>174</sup> Halldór Kiljan Laxness, „Borgaralegar nútímabókmenntir. Nokkrir aðaldrættir“, *Rauðir þennar* 1/1935, bls. 266–277, hér bls. 276.

<sup>175</sup> Sama heimild, bls. 270–272.

<sup>176</sup> Kristinn vísar hér til ritsins *Problems of Soviet Literature*, sem kom út í Moskvu árið 1935 („Ný bókmenntastefna“, bls. 58). Í þessu samhengi er vert að benda á að Radek var einn þeirra höfundar sem áttu þýðingar í *Rétti*. Um er að ræða tvær greinar og þýðir Kristinn aðra þeirra, en ræðan frá 1934 virðist þó ekki hafa verið þýdd (sjá Karl Radek, „Hitler“ [þýð. ekki getið], *Réttur* 1/1932, bls. 45–57; Karl Radek, „Bókabrennan í Berlín“, þýðandi Kristinn A. Andrésson, *Rauðir þennar* 2/1933, bls. 114–119).

Kristinn og samstarfsmenn hans virðast því hafa haft beinan aðgang að ræðunum á þessum tíma.<sup>177</sup>

Þetta samhengi kann að varpa ljósi á ástæður þess að Kristinn kaus að sneiða hjá hugtakinu í ítarlegri grein sinni, sem þó má kalla fyrstu skipulegu tilraunina til að draga upp mynd af hinu nýja hefðarveldi rauðra heimsbókmennta. Hugtakið virðist einfaldlega hafa verið of samofið borgaralegri fagurfræði til að Kristinn hafi séð sér fært að beita því til að hringja inn nýtt skeið í bókmenntasögu heimsins á upphafssíðum hins nýja tímarits. Í greininni, sem bar þann stefnumarkandi titil „Ný bókmenntastefna“, kveður hann aftur á móti skýrt að orði um að stefnan sem hér sé kynnt teygi sig um allan heim. „Máttugra og glæsilegra tímabil, en nokkru sinni hefir áður þekkt, er að rísa í bókmenntasögu heimsins“,<sup>178</sup> skrifar hann í niðurlaginu og hnykkir þannig á fyrri orðum sínum um að tilkoma hinnar nýju stefnu marki söguleg þáttaskil: „Í rauninni er hið nýja tímabil ekki sambærilegt við önnur, sem á undan eru gengin. Hinar eldri bókmenntastefnur náðu aðeins um nokkur lönd, sú, sem nú er að hefjast, grípur um allan heim.“<sup>179</sup> Greinin hefur að geyma yfirgripsmikla samantekt um rætur og þróun hinna nýju bókmennta, sem ástæða er til að dvelja við. Einkum er mikilvægt að huga nánar að því safni fyrirrennara, brautryðjenda, lykilhöfunda og meðreiðarsveina sem Kristinn dregur upp mynd af. Fjöldi þeirra höfunda sem Kristinn nafngreindir er nálægt hundraðinu og verður ekki talinn upp hér. Á hinn bóginn er rík ástæða til að stikla á stóru í yfirlitinu, sem er lýsandi dæmi um þá áherslu sem jafnan var lögð á kortlagningu rauðra heimsbókmennta og sögu þeirra. Eins og Schaub hefur bent á var alþjóðasinnuðum bókmenntum síður lýst út frá „tengslum við hefðir tiltekinna þjóðarbókmennta eða þjóðtungur“ en út frá sameiginlegri „þverþjóðlegri“ sögu öreigabókmennta.<sup>180</sup> Eitt helsta verkfærið sem gripið var til voru nokkurs konar „niðjatöl“, sem gegndu því hlutverki að draga skýra línu á milli borgaralegra og alþjóðasinnaðra heimsbókmennta og vígja inn höfunda eða tiltekin verk, auk þess sem þau lögðu grunn að tengslum samtímahöfunda við „ættfeður“ hefðarinnar.<sup>181</sup> Grein Kristins er fyrsta og skýr-

<sup>177</sup> Í þessu samhengi má benda á tvær aðrar greinar í fyrsta hefti *Rauðra þenna*, sem kallast með ólíkum hætti á við þá grein Halldórs sem hér er til umræðu: Halldór Laxness, „Þeir útvöldu og fólkið“, *Rauðir þennar* 1/1935, bls. 105–113; Björn Franzson, „Listin og þjóðfélagið. Nokkrar hugleiðingar frá sjónarmiði marxismans“, *Rauðir þennar* 1/1935, bls. 278–297.

<sup>178</sup> Kristinn E. Andrésson, „Ný bókmenntastefna“, bls. 60.

<sup>179</sup> Sama heimild, bls. 14.

<sup>180</sup> Christoph Schaub, *Proletarische Welten*, bls. 31.

<sup>181</sup> Sama heimild, bls. 12.

asta dæmið sem finna má hér á landi um niðjatal af þessu tagi, sem lýsa má sem allsherjarkortlagningu á hinu nýja hefðarveldi heimsbókmenntanna.

Kristinn hefur samantekt sína á umfjöllun um það tímabil rómantikur „þegar leiftraði fram úr myrkri svartrar nætur dagur Goethes, Schillers og Heines“, en það tengir hann jafnframt við ljóðlist Jónasar Hallgrímssonar og Bjarna Thorarensens.<sup>182</sup> Í framhaldinu vísar hann að náúralismanum og lykilhlutverki Zolas, auk þess sem hann nefnir Ibsen, Tolstoj og Brandes og vísar til verka Þorsteins Erlingssonar og Gests Pálssonar. Umfjöllun um tuttugustu öldina hefst með kafla um „heimsstyrjöldina miklu“ og verk höfunda sem þá snerust til sósálisma og friðarhyggju, en þar nefnir Kristinn þá Gorkij, Rolland, Nexø og Georg Heym, auk Stephans G. Stephanssonar. Því næst fjallar hann um „stofnun þess ríkis, sem táknar nýtt upphaf í sögu mannkynsins og innleiðir hinn nýja dag í bókmenntasögu beimsins“ og nefnir skrif Nexøs, Rollands, Shaws, Johns Reed og H.G. Wells um rússnesku byltinguna.<sup>183</sup> Síðan snýr hann sér að heimskreppunni og þeim höfundum er hafi snúist til stuðnings við Sovétríkin í kjölfar hennar, en þar nefnir hann Rolland, André Gide og Theodore Dreiser, auk verka Þórbergs, Halldórs Laxness og Jóhannesar úr Kötlum. Sem dæmi um höfunda er hafi mátt sæta ofsóknum undir oki fasismans tilgreinir hann Heinrich Mann og Takiji Kobayashi. Nafn Kobayashis er til marks um hvernig hefðarveldið teygir sig út fyrir Evrópu, en ekki kemur á óvart að það hafi ratað inn í upptalningu Kristins. Frá stofnun NAPF (Bókmenntasambands öreiga í Japan) árið 1928 hafði japanska hreyfingin gegnt mikilvægi hlutverki innan hins evrasíska heimsbókmenntakerfis og hefur nóvelli Kobayashis, *Niðursuðudallurinn* (*Kanikōsen*, 1929), verið lýst sem „líkast til þekktasta japanska bókmenntatextanum erlendis vegna fjölmargra þýðinga á vegum vinstrisinnaðra forlaga um allan heim“.<sup>184</sup>

<sup>182</sup> Kristinn E. Andrésson, „Ný bókmenntastefna“, bls. 13. Tímabil rómantikurinnar var Kristni hugleikið og átti hann síðar eftir að gera því ítarleg skil í bókinni *Ný augu. Tímar Fjölnismanna* (Reykjavík: Þjóðsaga, 1973).

<sup>183</sup> Sama heimild, bls. 17.

<sup>184</sup> Rossen Djalalov, *From Internationalism to Postcolonialism*, bls. 58. Sjá einnig Takiji Kobayashi o.fl., *The Cannery Boat and Other Japanese Short Stories* [þýð. ekki getið], London: Martin Lawrence, 1933. Kristinn vitnar til enskrar þýðingar sem kom út í öðru bindi „safnsins „International Omnibus““ („Ný bókmenntastefna“, bls. 35). Lykilllutverk starfseminnar í Japan innan hins alþjóðasinnaða bókmenntakerfis birtist einnig í fjölmörgum þýðingum sovéskra bókmennta, en þau verk sem þar voru gefin út voru í framhaldinu oft þýdd úr japönsku sem millimáli yfir á kínversku eða önnur tungumál í Asíu (sjá Katerina Clark, *Eurasia without Borders*, bls. 347–349). Loks má nefna að Kobayashi var einn þeirra höfunda sem Radek hafði lofsamað í ræðu sinni árið 1934, þar sem hann sagði japönsku höfundana hafa skapað þær öreigabókmenntir sem væru „jarðtengdastar allra öreigabókmennta“ („Die moderne Weltliteratur und die Aufgaben der proletarischen Kunst“, bls. 190).

Í framhaldinu vikur Kristinn að skáldum af verkalýðsstétt utan Sovétríkjanna, sem verði „að lifa í baráttu við þjóðskipulagið og eiga allan þroska sinn undir högg að sækja“, en þessi „börn verkalýðsstéttarinnar“ eru að hans mati „elzt og þroskuðust í Þýzkalandi, Austurríki, Ungverjalandi, Japan og Kína“, þótt þau „sprett[i] nú upp af miklum gróðri í hverju landi af öðru, Bandaríkjunum, Frakklandi, Spáni, Ástralíu o.s.frv.“<sup>185</sup> Hér nefnir hann verk eftir Bela Illés, Theodor Plivier, Willi Bredel, Walter Schönstedt, Sunao Tokunaga, Giovanni Germanetto, Kurt Kläber og Mary Heaton Vorse, auk þeirra Kobayashis og Nexos, og bendir um leið á að margir þessara höfunda séu „heimsverkalýðnum kunnir af sögum sínum í safninu „Der Internationale Roman““,<sup>186</sup> sem hafði náð nokkurri dreifingu hér á landi fyrir útgáfu *Rauðra þenna* eins og áður er nefnt. Langur listi þeirra höfunda af borgarastétt sem hafa tengst hinni sósíalísku baráttu á einhvern hátt (að minnsta kosti um hríð) eða tekið skref í átt til verkalýðshreyfingarinnar verður ekki talinn upp hér. Þó má nefna að þar bregður fyrir nöfnum margra höfunda sem áður hafa verið nefndir sem höfundar efnis í íslenskum tímaritum (þar á meðal Sinclair, Barbusse, Becher, Glaeser, Brecht, Toller, Seghers, Kisch, Gold, Smedley, Grieg, Øverland og Michaëlis) en einnig höfundum eins og André Gide, André Malraux, John Dos Passos og Erich Maria Remarque. Enn fremur vikur Kristinn að spænskum bókmenntum og nefnir verk Luis Cernuda, Antonios Machado, Rafaels Alberti, Ramóns J. Sender og Césars M. Arconada, auk þess sem hann minnst á verk pólska höfundarins Brunos Jasieński og Hollendingins Jefs Last. Loks nefnir hann bengalska Nóbelskaldið Rabindranath Tagore og stuðning hans við Sovétríkin og ræðir verk eftir þrjá kínverska höfunda: Lu Xun, Mao Dun og Emi Siao. Umræðan um kínversku höfundana kemur ekki á óvart í ljósi þess mikilvæga hlutverks sem kínverskar bókmenntir gegndu innan hins evrasíska heimsbókmenntakerfis á þessum tíma.

Samantekt Kristins um sovéskar bókmenntir er ítarleg. Fyrsta nefnir hann Valerij Brjúsov og Vladímír Majakovskij sem fulltrúa sýmbólismans og fútúrismans, skáld sem „voru næm fyrir því nýja og gátu orðið hin heitustu skáld byltingarinnar“.<sup>187</sup> Síðan snýr hann sér að „skáldum verkalýðsins og bændanna“ og nefnir auk Gorkijs þá Fjodor Gladkov, Demjan Bjednyj og Akop Akopian, „þjóðskáld Armeníu og Georgíu“.<sup>188</sup> Aðrir höfundar úr hópi „hinna nýju skálda“<sup>189</sup> eru Fjodor Panfjorov, Mikhaíl Sholokhov, Ilja Ehrenbúrg, Dmitrij Fúrmanov, Aleksandr

<sup>185</sup> Kristinn E. Andrésson, „Ný bókmenntastefna“, bls. 33.

<sup>186</sup> Sama heimild, bls. 35.

<sup>187</sup> Sama heimild, bls. 29.

<sup>188</sup> Sama heimild, bls. 31.

<sup>189</sup> Sama heimild, bls. 35.

Fadejev, Aleksandr Avdejenko, Konstantín Fedín, Leoníd Leonov, Vjera Inber, Boris Pilnjak, Sergej Tretjakov, Mikhaíl Zostsjenko og Isaak Babel, auk þess sem hann vikur í öðru samhengi að verkum Aleksandrs Sjerafimovitsj, Nikolajs Pogodín, Aleksejs Tolstoj, Aleksejs Novikov-Priboj og Valentíns Katajev.

Langar nafnarunur Kristins vekja upp margar spurningar, en hér verður einkum dvalið við þrjár. Sú fyrsta snýr að uppruna listanna: á hverju byggir Kristinn samantektina? Spurningunni er ekki auðsvarað, en augljóslega er hún fyrst og fremst sprottin af umfangsmiklum lestri Kristins á alþjóðasinnuðum heimsbókmenntum yfir nokkurra ára tímabil. Einnig er óhætt að fullyrða að samantektin byggi einkum á útgefnum ritum á þýsku, sem ráða má bæði af bakgrunni Kristins og þeirri staðreynd að hann vísar í mörgum tilvikum til verka í þýskum þýðingum. Ekki er ósennilegt að Kristinn hafi byggt samantekt sína í veigamiklum atriðum á tilteknum fræðigreinum og nákvæmari samanburður við efni sem birtist í tímaritum eins og *Die Linkskurve*, *Die Rote Fahne* eða þýskri útgáfu *Alþjóðlegra bókmennta* kynni að varpa skýrara ljósi á upptökin. Önnur spurningin er tvíþætt og snýr að ákallinu til lesenda: hvaða höfunda voru íslenskir lesendur líklegir til að þekkja og hvers vegna eru allir hinir nefndir? Fyrri hluta spurningarinnar hefur þegar verið svarað að nokkru marki í samantektinni um þýðingaútgáfu tímaritanna. Síðari hlutanum má svara á þann hátt að tilgangurinn hafi einkum verið tvíþættur. Annars vegar bregða listarnir upp mynd af hinum völduga alþjóðlega straumi byltingarsinnaðra bókmennta, sem nær frá sovéskum, norrænum, þýskum, frönskum, breskum og bandarískum höfundum til skálda í Asíu. Hins vegar þjóna listarnir sem leiðarvísir um hið nýja heimsbókmenntakerfi: lesendur eru minntir á höfunda sem þeir kannast við, þeim er vísað á aðra sem ráð væri að lesa og jafnvel bent á aðgengilegar útgáfur, loks fá þeir leiðbeiningar um hvaða verk tiltekinna höfunda væri gott að lesa og þá hvernig. Meginmarkmiðið er með öðrum orðum mótun hins nýja lesendasamfélags. Loks virðist nærtækt að lesa listana sem eins konar forsmekk að því sem sé í vændum, ábendingar um verk sem íslenskir lesendur þurfi eða megi eiga von á að kynnast í þýðingum. Þar vaknar aftur sú spurning að hvaða marki grein Kristins var fylgt eftir með þýðingum á verkum þeirra höfunda sem þar höfðu verið kynntir til leiks. Til að leita svara við þeirri spurningu er gagnlegt að beina sjónum nánar að bókaútgáfu tímabilsins. Slík samantekt gefur þrengri mynd af þeim straumum sem rata inn í íslenskt bókmenntakerfi með þýðingum, en um leið varpar hún öðru og að nokkru leyti skýrara ljósi á samsetningu hins nýja hefðarveldis alþjóðasinnaðra bókmennta á tímabilinu 1919–1943. Hún er jafnframt til þess fallin að gefa okkur svör við þriðju spurningunni sem vaknar við



lesturinn á grein Kristins og snýr að eyðunum í listum hans: hvaða höfundum og verkum er hugsanlega sleppt og hverjar eru ástæðurnar?

### *Þýðingar og bókaútgáfa róttæku vinstrihreyfingarinnar*

Fyrsta bókmenntaverkið sem Mál og menning gaf út var þýðing Halldórs Stefánssonar á *Móðurinni* eftir Gorkij.<sup>190</sup> Valið var á margan hátt rökrétt. Í fyrsta lagi var höfundurinn vel þekktur hér á landi. Fyrstu smásögurnar höfðu birst í tímaritum og smásagnasöfnum í upphafi aldarinnar og á næstu áratugum bættist í hóp þeirra verka sem bárust lesendum í þýðingum, en frá upphafi fjórða áratugarins fram að útgáfu *Móðurrinnar* birtist um tugur texta í tímaritum og safnitritum.<sup>191</sup> Á árunum 1934 og 1935 kom einnig fyrsta bókin út, tveggja binda safn með sögum Gorkijs í þýðingum Jóns Pálssonar frá Hlíð.<sup>192</sup> Einnig má finna umtalsverða umfjöllun um höfundinn í tímaritum, þar á meðal fjórar lengri greinar. Auk áðurnefndrar greinar Halldórs Stefánssonar birtist athyglisverð grein Kristjáns Albertssonar í *Vöku* árið 1928, sem er til marks um hvernig áhuginn á verkum Gorkijs teygði sig út fyrir hóp róttækra vinstrisinna.<sup>193</sup> Hinar tvær greinarnar voru þýddar, annars vegar grein eftir Lúnatsjarskij í *Rétti* en hins vegar grein eftir sænska rithöfundinn og bókmenntagagnrýnandann Per Meurling í *Iðunni*.<sup>194</sup>

Í öðru lagi var þýðingaútgáfu Máls og menningar hér hrundið af stað með einu af lykilverkum sósíalíska raunsæisins. Gjarnan var vísað til *Móðurrinnar* sem brautryðjendaverks í slíku samhengi og því hefur jafnvel verið haldið fram að

<sup>190</sup> Maxim Gorki, *Móðirin* I–II, þýðandi Halldór Stefánsson, Reykjavík: Mál og menning, 1938–1939. Á innsíðu er tekið fram að verkið sé unnið upp úr þýskri þýðingu er hafi verið endurskoðuð af A. Kulischer og komið út í Moskvu 1934.

<sup>191</sup> Árið 1907 birtist grein í *Óðni*, þar sem fjallað var um þennan „heimsfræga mann“ sem hafi verið „óbrotinn verkmaður fram á fullorðins ár“ og lesendum bent á þýddar smásögur er birst hefðu í *Alþýðubladinu* og *Bjarka* („Maxim Gorki“, *Óðinn* 8/1907, bls. 66–67, hér bls. 66). Einnig má hér benda á smásagnasafn með þýðingum Eiríks Þ. Stefánssonar og Pétur G. Guðmundssonar frá upphafi aldarinnar, þar sem finna má verk eftir Gorkij: *Nokkrar smásögur, þýddar*, Reykjavík: Gutenberg, 1906.

<sup>192</sup> Maxim Gorki, *Sögur* I–II, þýðandi Jón Pálsson frá Hlíð, Reykjavík: Félagsprentsmiðjan, 1934–1935. Sjá einnig athyglisverðan ritdóm um þessa útgáfu í *Rétti*, en að baki upphafsstöfunum Kr.A. í nafni ritdómarans leynist líkast til Kristján Albertsson: „Maxim Gorki, Sögur“, *Réttur* 2/1935, bls. 63–64.

<sup>193</sup> Kristján Albertsson, „Után úr heimi. Maxim Gorki“, *Vaka* 3/1928, bls. 259–270. Í greininni má meðal annars finna lýsingar Kristjáns á persónulegum kynnum hans af rússneska höfundinum.

<sup>194</sup> A. Lunatscharski, „Maxim Gorki og rússneskar bókmenntir“, þýðandi Sveinbjörn Sigurjónsson, *Réttur* 3/1932, bls. 141–150; Per Meurling, „Maxim Gorki“, þýðandi Árni Hallgrímsson, *Iðunn* 3–4/1936, bls. 271–291.



Á tímabilinu 1936–1939 sendu Heimskringla og Mál og menning frá sér þrjú rússnesk verk, en ekki varð framhald á slíkri útgáfu fyrr en umtalsvert síðar.

októberbyltingu, sem hverfist um hóp byltingarsinna og fanga og örlög þeirra.<sup>196</sup> Þegar titið er yfir útgáfu Máls og menningar á næstu árum blasir þó við önnur mynd en vænta mætti, því *Móðirin* var eina rússneska verkið sem félagið sendi frá sér. Á listanum má aftur á móti finna fjölmargar bækur vestrænna höfunda sem ekki teljast til alþjóðasinnadra bókmennta, þótt verkin tengist hefðum raunsæis og pólitískum baráttumálum vinstrihreyfingarinnar með ólíkum hætti. Á vegum félagsins komu meðal annars út sögur eftir Galsworthy, *Austanvindar og vestan* (*East Wind: West Wind*, 1930) eftir Pearl S. Buck, *Vöpnin kvödd* (*A Farewell to Arms*, 1929) eftir Ernest Hemingway, *Tónið Kröger* (1903) eftir Thomas Mann og *Þrúgur reiðinnar* (*The Grapes of Wrath*, 1939) eftir John Steinbeck.<sup>197</sup> Að nokkru marki má skýra

skáldsagan hafi beinlínis lagt grunn að því nýja afbrigði „veraldlegrar dýr-lingasögu“<sup>195</sup> sem hverfðist um þroska jákvæðu söguhetjunnar. Útgáfa *Móðurinnar* var jafnframt stefnumarkandi, með henni má segja að tónninn hafi verið sleginn fyrir hina sovésku línu. Tvær bækur sem gefnar voru út af Heimskringlu eru einnig til marks um hvernig rússneskar og sovéskar bókmenntir voru leiddar inn á íslenskan bókmenntavettvang af nokkrum þunga á þessum árum. Annars vegar var þar um að ræða þýðingu Magnúsar Ásgeirssonar á *Hinir tólf* eftir Blok árið 1937 en hins vegar nóvelluna *Sjö menn hengdir* (*Рассказ о семи повешенных*, 1908) eftir Leonid Andrejev ári fyrr, verk eftir einn af lykilhöfundum tímabilsins fyrir

<sup>195</sup> Katerina Clark, *The Soviet Novel*, bls. 55.

<sup>196</sup> Alexander Blok, *Hinir tólf*; Leonid Andrejev, *Sjö menn hengdir* [þýð. ekki getið], Reykjavík: Heimskringla, 1937. Nóvella Andrejevs hafði áður birst sem framhaldssaga í *Alþýðublaðinu* og var hér gefin út sem sérprent.

<sup>197</sup> John Galsworthy, *Tvær sögur*, þýðandi Bogi Ólafsson, Reykjavík: Mál og menning, 1938; Pearl S. Buck, *Austanvindar og vestan*, þýðandi Gísli Ásmundsson, Reykjavík: Mál og menning, 1939; Ernest Hemingway, *Vöpnin kvödd*, þýðandi Halldór Kiljan Laxness, Reykjavík: Mál og menning, 1941; Thomas Mann, *Tónið Kröger*, þýðandi Gísli Ásmundsson, Reykjavík: Mál og menning, 1942; John Steinbeck, *Þrúgur reiðinnar I-II*, þýðandi Stefán Bjarman, Reykjavík: Mál og menning, 1943–1944. Með tilliti til ólíkra

þessar áherslur með viðleitni félagsins til að höfða til breiðari lesendahóps og tryggja starfsgrundvöllinn, en öðru fremur koma áhrif samfylkingarstefnunnar hér fram með skýrum hætti.

Nokkuð af sovésku efni hafði áður birst í tímaritum og það hélt áfram að birtast eftir stofnun Máls og menningar en athygli vekur hversu fá rússnesk og sovésk verk koma út á bók fram til ársins 1943. Útgáfan tilheyrir í meginatriðum tíma-bílinu eftir að starfsemi Kominterns lýkur og var á vegum annarra forlaga en þeirra sem tilheyrðu róttæku vinstrihreyfingunni. Þýðing Helga Sæmundssonar á *Lygn streymir Don* (*Тухуй Дон*, 1928–1940) eftir Sholokhov kom út hjá Bókaútgáfu Guðjóns Ó. Guðjónssonar árið 1945, Hannes Jónsson gaf út þýðingu Magnúsar Magnússonar á sögulegu skáldsögunni *Pétur mikli Rússakeisari* (*Пётр Первуй*, 1934–1945) eftir Aleksej Tolstoj á árunum 1945–1946 og þýðing Einars Braga á *Eiginkonunni* (*Жена*, 1940) eftir Katajev kom út hjá Sindra á Akureyri 1948.<sup>198</sup> Það er ekki fyrir en um miðjan sjötta áratuginn sem bera fer á sovéskum verkum á vegum Heimskringlu og Máls og menningar og er áherslan þá á verk frá síð-ara tímabili.<sup>199</sup> Loks bættist í flóru hinna eldri verka undir lok sjötta áratugarins, þegar Heimskringla gaf út þýðingu Þóru Vigfúsdóttur á þeirri skáldsögu sem kölluð hefur verið „hið sígilda verk sósíalíska raunsæisins“,<sup>200</sup> *Heituraura* (*Как закалялась сталь*, 1932) eftir Ostrovskij.<sup>201</sup> Þegar listi þeirra verka sem hér komu

---

þjóðarbókmennta og þjóðarbrotta vekja tvær bækur á síðari hluta fimmta áratugarins sérstaka athygli, annars vegar vísindaskáldsagan *Salamöndrustríðið* (*Válka s mloky*, 1936) eftir tékkneska höfundinn Karel Čapek og hins vegar sjálfsævisagan *Svertingjadrengur* (*Black Boy*, 1945) eftir Richard Wright, sem beinir sjónum að birtingarmyndum kynþáttahyggju í Bandaríkjunum (sjá Karel Čapek, *Salamöndrustríðið*, þýðandi Jóhannes úr Kötlum, Reykjavík: Mál og menning, 1946; Richard Wright, *Svertingjadrengur*, þýðandi Gísli Ólafsson, Reykjavík: Mál og menning, 1948). Um bók Wrights og viðtökur hennar hér á landi, sjá Haukur Ingvarsson, *Fulltrúi þess besta í bandarískri menningu*, bls. 229–230.

<sup>198</sup> Mikael Sjölokoff, *Lygn streymir Don* I–II, þýðandi Helgi Sæmundsson, Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, 1945; *Pétur mikli Rússakeisari* I–II, þýðandi Magnús Magnússon, Reykjavík: Hannes Jónsson, 1945–1946; Valentín Katajev, *Eiginkonan*, þýðandi Einar Bragi, Akureyri: Sindur, 1948.

<sup>199</sup> Sjá Pjotr Pavlenko, *Lífð bíður*, þýðandi Geir Kristjánsson, Reykjavík: Heimskringla, 1953; Leoníd Leonov, *Vínur skógarins*, þýðandi Elías Mar, Reykjavík: Heimskringla, 1956; Bóris Polevoj, *Saga af sönnum manni*, þýðandi Jóhannes úr Kötlum, Reykjavík: Heimskringla, 1955.

<sup>200</sup> Katerina Clark, *The Soviet Novel*, bls. 131.

<sup>201</sup> Nikolaj Ostrovskí, *Heituraura*, þýðandi Þóra Vigfúsdóttir, Reykjavík: Heimskringla, 1957. Ein ástæðan fyrir þessari síðbúnu útgáfu á þýðingu Þóru kann að vera sú að hún hafi verið nokkuð lengi í vinnslu, í það minnsta nefnir Rósa Magnúsdóttir erfiða glímu þýðandans við verkið og vitnar í orð hennar: „[Þ]essi bók er að gera mig vitlausa“ (*Kristinn og Þóra*, bls. 359).

út er borinn saman við opinbera lista yfir „fyrirmyndarverk“ sósíalíska raun-  
sæisins á ólíkum tímum má sjá að aðeins örfá þeirra rata hingað í þýðingum, að  
hluta til áratugum á eftir frumútgáfunni. Þau verk sem finna má á báðum listum  
eru *Móðirin*, skáldsögur Sholokhovs, Ostrovskijs og Tolstojs og loks áður nefndur  
kaffi úr skáldsögu Fadejevs.<sup>202</sup> Af öðrum höfundum sem Kristinn nefnir í grein  
sinni áttu Fedín, Pilnjak, Zostsjenko og Katajev nokkra styttri texta í þýðingum á  
árunum í kringum útgáfu *Rauðra penna*, en þeir birtust allir í *Dvöl*. Smásaga eftir  
Babel birtist í *Sunnudagsblaði Alþýðublaðsins* 1934 og skáldsagan *Ég elska...!* eftir  
Avdejenko kom út sem framhaldssaga í *Þjóðviljanum* 1938, auk þess sem grein eftir  
Ehrenbúrg birtist í *Rétti* 1933.<sup>203</sup> Verk annarra mikilvægra höfunda sem Kristinn  
nefnir, þar á meðal Tretjakovs, Panfjorovs, Fúrmanovs og Sjerafimovitsj, birtust  
ekki í þýðingum. Textar Gorkijs héldu áfram að birtast í tímaritum eftir útgáfu  
*Móðurinnar* en bækur komu ekki aftur út fyrr en endurminningar höfundarins  
tóku að birtast undir lok fimmta áratugarins.<sup>204</sup> Viðtökusaga *Sements* (*Цемент*,  
1925) eftir Gladkov er einkar athyglisvert dæmi. Verkinu hefur verið lýst sem  
„hinni prótótýpísku sovésku skáldsögu“ er hafi verið stæld meira en nokkurt

<sup>202</sup> Sjá Katerina Clark, *The Soviet Novel*, bls. 262–263. Skáldsögur Leonovs og Polevojs birtast  
einnig á báðum listum, en tilheyra síðara tímabili. Hér má einnig nefna að undir lok  
sjöunda áratugarins komu endurminningar eins þeirra höfunda sem áttu skáldsögur á  
þessum listum út í þýðingu Halldórs Stefánssonar (sjá Konstantín Paústovskij, *Mannævi*  
I–II, Reykjavík: Heimskringla, 1968–1970). Einnig má hér nefna þýðingar á tveimur  
smásögum Sholokhovs sem komu út á fjórða og fimmta áratugnum (sjá Michail  
Sjolochoff, „Faðirinn“, þýðandi Björn Franzson, *Sögur frá ýmsum löndum*, 1. bindi, ritstjórar  
Jón Sigurðsson og Kristján Albertsson, Reykjavík: Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar,  
1932, bls. 279–290; Mikail Sjolokoff, „Þegar Nastasja lagðir í reyfaralestur“, þýðandi  
Ásgeir Hjartarson, *Tímarit Máls og menningar* 2/1944, bls. 161–170).

<sup>203</sup> Alexander Avdejenko, *Ég elska...!* [þýð. ekki getið], *Þjóðviljinn* 4. apríl – 10. ágúst 1938;  
Isaac Babel, „Dauði Dolgushovs“ [þýð. ekki getið], *Sunnudagsblað Alþýðublaðsins* 4.  
nóvember 1934, bls. 5; Ilja Ehrenburg, „Horst Wessel. Skáldmæringur nationalsósíalista“,  
þýðandi Björn Franzson, *Réttur* 2/1933, bls. 104–110; Fleiri textar eftir Babel og  
Ehrenbúrg áttu eftir að birtast undir lok fimmta áratugarins og síðar. Það sama á við um  
verk Majakovskijs, fyrstu ljóðin birtust í þýðingum Geirs Kristjánsson í upphafi sjötta  
áratugarins og komu loks út á bók um miðjan sjöunda áratuginn: Vladimír Majakovskí,  
*Ský í buxum og fleiri kvæði*, þýðandi Geir Kristjánsson, Reykjavík: Helgafell, 1965; sjá  
einnig yfirlit um þýðingar á ljóðum Majakovskijs í Natalia Demidova, „Drög að skrá yfir  
íslenskar þýðingar rússneskra ljóðverka eftir birtingarári“, *Milli mála* 2014, bls. 196–248,  
hér bls. 213–217.

<sup>204</sup> Maxim Gorky, *Barnæska mín*, þýðendur Kjartan Ólafsson og Guðmundur Sigurðsson,  
Reykjavík: Reykholt, 1947; Maxim Gorky, *Hjá vandalausum*, þýðendur Kjartan Ólafsson  
og Guðmundur Sigurðsson, Reykjavík: Reykholt, 1950; Maxim Gorky, *Háskólar mínir*,  
þýðendur Kjartan Ólafsson og Guðmundur Sigurðsson, Reykjavík: Reykholt, 1951.

annað fyrirmyndarverk sósíalíska raunsæisins.<sup>205</sup> Árið 1929 birtist löng grein eftir Einar Ólaf Sveinsson í *Skírni*, þar sem hann fjallar um skáldsögu Gladkova og glímu hennar „við vandamálin, þau, sem eru ytra, og hin, sem eru fólgin í brjóst-um manna og kvenna í því landi, þar sem farið hefur fram einhver hin róttækasta og fyrirferðarmesta bylting á öllum sviðum, sem yfir mannkynið hefur komið“.<sup>206</sup> Í niðurlaginu ávarpar hann hin „ungu íslenzku skáld“ og beinir til þeirra þeim spurningum sem hann segir hafa leitað á sig við lestur *Semts*:

Hvað dvelur ykkur? Þið lifið á merkilegustu tímum, sem yfir þetta land hafa gengið í mörg hundruð ár. Atburðirnir umhverfis ykkur eru eins og skáldaýkjur. Þróunin er eins ör og færi hún fram með gurningum. Hér gerast nú breytingar á áratugum, sem úti í löndum hafa gerzt á öldum. En hvar hafið þið gefið mynd af þessu, mynd, sem sé tímunum samboðin? Hvar gefur nútímanum að líta spegilmynd af ásjónu sinni? [...]

Hvenær kemur skáldsagan um Reykjavík (eins og hún er á þessu ári), skáldsagan um þorskinn, skáldsagan um grasið og ljáinn og sláttu-vélina og hinar skáldsögurnar um öll hin efnin?<sup>207</sup>

Ungu skáldin áttu sannarlega eftir að svara þessu kalli á fjórða áratugnum, þegar íslenskir lesendur fengu sína skáldsögu um þorskinn með *Sölku Völku* og önnur verk sem glímdu við umbyltingu samfélagsins á róttækan hátt. Verki Gladkova átti jafnframt eftir að bregða fyrir í umræðu um hinar byltingarsinnuðu bókmenntir á fjórða áratugnum, en það kom aldrei út í þýðingu. Viðtökusaga *Semts* er enn eitt dæmið um hversu slitrótt útgáfan á þýðingum rússneskra og sovéska bókmennta hér á landi var. Verk margra lykilhöfunda birtust aldrei í þýðingum og önnur bárust inn í íslenskt bókmenntakerfi á síðara tímabili.

Þegar lítið er til norrænna bókmennta blasir við svipuð mynd. Fyrstu textar Nexos höfðu birst í upphafi annars áratugarins og á tímabilinu frá 1926 til 1940 birtist um tugur texta í tímaritum.<sup>208</sup> Fyrstu bækurnar koma þó ekki út fyrr en undir lok fimmta áratugarins, þegar Mál og menning og Heimskringla gefa

<sup>205</sup> Katerina Clark, *The Soviet Novel*, bls. 69, hér einnig bls. 80–82.

<sup>206</sup> Einar Ólafur Sveinsson, „Cement“, *Skírni* 1/1929, bls. 171–184, hér bls. 183.

<sup>207</sup> Sama heimild, bls. 183–184.

<sup>208</sup> Fyrsti texti Nexos sem birtist á íslensku var þýðing Gunnars Gunnarssonar á smásögunni „Þýzkalandsför Kobba gamla“ (*Eimreiðin* 2/1912, bls. 122–127), en sú saga átti einnig eftir að birtast í þýðingu Axels Guðmundssonar síðar, undir „heitinu „Frægðarför Jakobs““ (*Dvöl* 23/1934, bls. 1–6).

út endurminningar hans í þýðingu Björns Franzsonar og *Dittu mannsbarn* (*Ditte Menneskbarn*, 1917–1921) í þýðingu Einars Braga.<sup>209</sup> Aðrir norrænir höfundar sem Kristinn nefnir áttu nokkuð af efni í tímaritum.<sup>210</sup> Engin verk eftir Grieg, Michaëlis og Överland birtast þó á bók fyrr en undir lok fimmta áratugarins, þegar út koma endurminningar Griegs í þýðingu Davíðs Stefánssonar og þrjár bækur með smásögum og fyrirlestrum Överlands.<sup>211</sup> Ekki ber á útgáfu bóka eftir aðra höfunda sem Kristinn tengdi með beinum hætti við hina byltingarsinnuðu

<sup>209</sup> Martin Andersen Nexö, *Endurminningar I–IV*, þýðandi Björn Franzson, Reykjavík: Mál og menning, 1948–1951; Martin Andersen Nexö, *Dittu mannsbarn I–II*, þýðandi Einar Bragi, Reykjavík: Heimskringla, 1948–1949. Lykilverkið *Pelli sigursæli* (*Pelle Erobreren*, 1906–1910) kom ekki út fyrr en löngu síðar í öðru samhengi (*Pelli sigurvegari I–IV*, þýðandi Gissur Ó. Erlingsson, Reykjavík: Skjaldborg, 1989–1992). Slíkar síðbúnar þýðingar afmarkast vitaskuld ekki við sovéskar eða norrænar bókmenntir. Í samhengi alþjóðasinnaðra heimsbókmennta má benda á að lykilverk á borð við *Hlutskipti manns* (*La Condition humaine*, 1933) eftir André Malraux kom ekki út á íslensku fyrr en löngu síðar, í þýðingu Thors Vilhjálmssonar (Reykjavík: Svart á hvítu, 1983). Íslenskir lesendur máttu bíða enn lengur eftir lykilverki Johns Reed um rússnesku byltinguna, sem kom loks út fyrir örfáum árum (*Tíu dagar sem skóku heiminn*, þýðandi Þorvaldur Þorvaldsson, Reykjavík: Skrudda, 2017).

<sup>210</sup> Þögnin um verk norrænna höfunda vekur raunar athygli í grein Kristins, en að nokkru leyti var bætt upp fyrir hana síðar með grein Jóns Magnússonar um „sænsk öreigaskáld“. Með greininni vildi Jón bregðast við þeim vanda að sænskra bókmennta væri „sjaldan getið í íslenskum blöðum og tímaritum og hreinasta undanteking [væri], að þýdd sé bók eftir sænzkan rithöfund, allra sízt yngri skáldin, sem ættu þó helzt erindi hingað“, en til að ráða bót á því kynnti hann verk þeirra Ivars Lo-Johansson, Vilhelms Moberg, Eyvinds Johnson og Harrys Martinson (Jón Magnússon, „Sænsk öreigaskáld“, *Rauðir pennar* 4/1938, bls. 127–135, hér bls. 128–129). Örfáir textar þessara höfunda höfðu birst í tímaritum en á því átti eftir að verða breyting á fimmta og sjötta áratugnum (sjá meðal annars Ivar Lo-Johansson, *Gatan*, þýðandi Gunnar Benediktsson, Reykjavík: Víkingsútgáfan, 1944; Ivar Lo-Johansson, „Verkamannafélagið í Kvillinge“, þýðandi Valdimar Jóhannsson, *Dvöl* 3–4/1945, bls. 200–205; Vilhelm Moberg, „Dyraskjöldurinn“, þýðandi Karl Strand, *Dvöl* 3/1936, bls. 65–70; Vilhelm Moberg, *Kona manns*, þýðandi Jón Helgason, Reykjavík: Draupnisútgáfan, 1945; Vilhelm Moberg, *Þeystu þegar í nótt. Saga frá Veralandi í Svþjóð 1650*, þýðandi Konráð Vilhjálmsson, Akureyri: Norðri, 1945; Harry Martinsson, „Tvö kvæði“, þýðandi Jón úr Vör, *Ritlist og myndlist* 2/1947, bls. 59; Harry Martinsson, „Stúlkur“, þýðandi Anonymus [Jóhannes úr Kötlum] *Annarlegar tungur*, Reykjavík: Heimskringla, 1948, bls. 39–41).

<sup>211</sup> Nordahl Grieg, *Fáni Noregs*, Reykjavík: Helgafell, 1948; Arnulf Överland, *Fögur er foldin. Smásögur*, þýðandi Helgi Sæmundsson, Reykjavík: Helgafell, 1948; Arnulf Överland, *Framtíð smáþjóðanna*, þýðandi Guðmundur G. Hagalín, Reykjavík: Helgafell, 1949; Arnulf Överland, *Milli austurs og vesturs*, þýðandi Einar Ásmundsson Reykjavík: Nýtt forlag, 1949. Hér er undanskilin barnabók Michaëlis sem kom út á á fjórða áratugnum: *Bíbí fer í langferð. Ævisaga ungrar stúlku*, þýðandi Sigurður Skúlason, Reykjavík: Æskan, 1937. Á fyrri hluta fimmta áratugarins birtist nokkuð af greinum um Grieg, að hluta til í kjölfarið á sviplegu fráfalli höfundarins árið 1943, þar á meðal eftir Svein Sigurðsson, Magnús Ásgeirsson, Halldór Helgason, Halldór Laxness og Tómas Guðmundsson.

bókmenntahefð. Ef lítið er á hóp þýskumælandi höfundanna birtist fátt annað í tímaritum en það sem þegar hefur verið nefnt, ef undan er skilin syrpa vettvangsfrásagna eftir Kisch og bókarkver eftir Seghers, sem nánar verður vikið að síðar. Stöku ljóð eftir spænsku höfundana sem Kristinn nefnir tóku að birtast á sjötta áratugnum, en ekki verður séð að textar eftir Jasieński eða Jef Last hafi komið út í þýðingu.<sup>212</sup> Ekki finnast heldur merki um að verk Tokunagas og Kobayashis hafi verið þýdd. Þó má finna athyglisvert dæmi um að verk úr samhengi japanska öreigabókmennta hafi ratað inn í íslenskt bókmenntakerfi eftir nokkuð óvæntri leið, því árið 1935 birtist í *Nýju konunni*, tímariti á vegum Kvennanefndar Kommúnistaflokks Íslands, stutt höfundarlaus saga úr japanska esperanto-tímaritinu *Marsú* (Fyllkjum liði).<sup>213</sup> Af kínversku efni birtist ein smásaga í þýðingu Halldórs Stefánssonar, „Hundur“ eftir Ba Jin, og fylgir henni inngangur þar sem þýðandinn gerir grein fyrir höfundinum, tengslum hans við Lu Xun og hina byltingarsinnuðu bókmenntahreyfingu í Kína.<sup>214</sup> Eftir Tagore höfðu komið út á íslensku tvö vinsæl kver með prósaljóðum, auk fjölda styttri texta í tímaritum, en í hópi þýddra verka hans var engin þeirra skáldsagna sem helst bar á í umræðum innan bókmenntavettvangs alþjóðasinna.<sup>215</sup>

Með hliðsjón af þýddri bókaútgáfu virðist óhætt að draga þá ályktun að sósíalískur realismi og aðrir straumar sovéskra bókmennta hafi gegnt takmörkuðu hlutverki hér á landi á starfstíma Kominterns. Útgefnar þýðingar eru örfáar og þeim tekur ekki að fjölga fyrir en undir lok fimmta áratugarins, en þá fjölgar til að mynda einnig þýðingum á bókum róttækra norrænna höfunda. Einnig vekur athygli að verk úr þessari átt komu ekki síður út á vegum forlaga sem ekki heyrðu undir róttæku vinstrihreyfinguna, auk þess sem margir þýðendanna voru ekki úr hennar röðum. Sovéskar bókmenntir gegndu vitaskuld nokkru hlutverki en innan þess nýja hefðarveldis sem var í mótun fengu þær sinn sess til hliðar við önnur

<sup>212</sup> Antonio Machado, „Heillarád“, þýðandi Þórhallur Þorgilsson, *Eimreiðin* 3/1953, bls. 194–195; Antonio Machado, „Kanski var það í draumi“, Jóhann Hjálmarsson, *Af greinum trjána. Ljóðabýðingar*, Reykjavík: Helgafell, 1960, bls. 16; Rafael Alberti, „Ef minn rómur ...“, þýðandi Helgi Hálfðanarson, *Nýtt Helgafell* 3/1957, bls. 106.

<sup>213</sup> „Hungur – hamingja (Saga frá Japan 1935)“ [þýð. ekki getið], *Nýja konan* 3/1935, bls. 8.

<sup>214</sup> Pa Chin, „Hundurinn“. Safn með þýðingum Halldórs á smásögum Lu Xuns átti eftir að koma út hjá Heimskringlu árið 1957 og ári síðar var henni fylgt eftir með þýðingum Hannesar Sigfússonar á smásögum Mao Duns (sjá Lú Hsun, *Mannabörn*, þýðandi Halldór Stefánsson, Reykjavík: Heimskringla, 1957; Mao Dun, *Flæðilandid mikla*, þýðandi Hannes Sigfússon, Reykjavík: Heimskringla, 1958).

<sup>215</sup> Sjá Katerina Clark, *Eurasia without Borders*, bls. 189–193. Um viðtökusögu Tagores hér á landi, sjá Benedikt Hjartarson „Um fiðlukenndan róm og annarlegan söng hins dreytna austræna vitrings. Rabindranath Tagore á Íslandi“, *Milli mála* 1/2023, bls. 115–169.

verk sem rekja má til hins alþjóðasinnaða heimsbókmenntakerfis. Sjónarhornið á bókaútgáfu gefur vissulega takmarkaða yfirsýn og nánari könnun á skrifum um bókmenntir kynni að gefa örlítið aðra mynd, en fjöldi útgefinna þýðinga talar þó sínu máli.<sup>216</sup> Vettvangur bókmenntaþýðinga voru fyrst og fremst tímaritin, þar sem löngum mátti finna styttri texta úr ólíkum áttum og sýnishorn ýmissa þjóðarbókmennta. Þetta kann þó að eiga enn fremur við þýðingar á alþjóðasinnuðum bókmenntum og einkum þær frásagnahefðir sem tóku á sig mynd á þriðja áratugnum, þar sem megináhersla var lögð á smærri bókmenntaform. Til að draga upp mynd af framhaldslífi þeirra sagnahefða er gagnlegt að beina sjónum nánar að örfáum útgáfuverkefnum sem varpa ljósi á hvörfin sem verða með starfsemi Máls og menningar. Í því samhengi er ekki síst mikilvægt að horfa til áhrifa samfylkingarstefnunnar, sem leiðir til þess að frásagnahefðir þriðja áratugarins víkja fyrir hefðbundnari raunsæisáherslum í samfloti við borgaralegar heimsbókmenntir.

### *Vettvangsfrásagnir og rauðar svadilfarabókmenntir*

Í endurminningum sínum nefnir Kristinn að Bókmenntafélag jafnaðarmanna hafi gegnt mikilvægu hlutverki sem vettvangur róttæks lesefnis fyrir stofnun Heimskringlu.<sup>217</sup> Þegar lítið er yfir útgáfu félagsins á árunum 1924–1933 má sjá að þýðingar skipuðu þar nokkurn sess, sem er í samræmi við þá stefnu þess að „gef[a] út rit og bækur í þeim tilgangi að auka þekkingu á jafnaðarstefnunni og starfsemi hennar og breiða út annan nytsaman fróðleik, er alþjóð má að haldi koma, svo og fagrar bókmenntir, útlendar og innlendar“.<sup>218</sup> Útgáfan ber svip af

<sup>216</sup> Takmarkaður fjöldi þýðinga á rússneskum og sovískum verkum kann að hluta til að skýrast af hagnýtum ástæðum. Einn vandinn var vöntun á þýðendum með nægilega sterkt vald á rússnesku og þýðingar beint úr tungumálinu taka ekki að birtast reglulega fyrr en með þýðingum Geirs Kristjánssonar á sjötta áratugnum. Þýðingar úr millimálum áttu sér þó ríka hefð hér á landi og í tímaritunum má sjá að gripið var til þeirra án tiltekinna málalenginga. Enn fremur kann takmarkaður fjöldi þýðinga á sovískum og öðrum alþjóðasinnuðum bókmenntum fram undir lok fimmta áratugarins að hluta til að helgast af takmörkuðum fjölda þýðinga á bókarformi almennt, en veruleg fjölgun verður á útgefnum bókaþýðingum um miðjan fimmta áratuginn (sjá Benedikt Hjartarson, Jón Karl Helgason, Magnús Þór Þorbergsson og Steingrímur Kárasón, „Fjarkönnun íslenskrar bókmenntasögu“, *Skírnir* haust/2023, bls. 229–253, hér bls. 234).

<sup>217</sup> Kristinn E. Andrésson, *Enginn er eyland*, bls. 100

<sup>218</sup> „Lög fyrir Bókmenntafélag jafnaðarmanna“, Maurice Hindus, *Brotið land. Bændalíf í Rússlandi eftir byltinguna*, þýðandi Vilmundur Jónsson, Reykjavík: Bókmenntafélag jafnaðarmanna, 1930 [baksíða]. Að nokkru leyti verður framhald á þessari starfsemi með bókaútgáfu Menningar- og fræðslufélags alþýðu nokkrum árum síðar. Sú útgáfa er um margt keimlík útgáfu Máls og menningar, gefin eru út jöfnum höndum fræðirit og bókmenntaverk, bæði frumsamin og þýdd. Sé lítið yfir þýðingar má sjá nokkuð



því að félagið er stofnað á tímabili þegar nokkuð bar á samvinnu kommúnista og sósíaldemókrata og margir stjórnarmanna komu úr röðum hinna síðarnefndu.<sup>219</sup> Fyrsta kverið var kafli úr *Bréfi til Láru*, en sama ár birtist ritgerðasafn eftir Dan Griffiths og ári síðar ritdeila Thomas A. McNeal og Uptons Sinclair um jafnaðarstefnuna.<sup>220</sup> Hlé verður á útgáfunni fram á upphaf fjórða áratugarins, þegar félagið gefur meðal annars út nokkrar athyglisverðar þýðingar. Þar má fyrst nefna þýðingar Vilmundar Jónssonar á tveimur bókum um Sovétríkin. Sú fyrri var *Brotið land* (*Broken Earth*, 1926) eftir rússneska-bandaríska rithöfundinn og fréttaritarrann Maurice Hindus og hefur hún að geyma lýsingu hans á ferðum sínum og kynnum af lífi bænda í Rússlandi.<sup>221</sup> Seinni bókin var eftir M. Ilin (höfundarnafn Iljas Marshak) og kallaðist *Æfintýrið um áætlunina miklu*, en Vilmundur lýsir því í inngangi að hinn „ung[i] rússnesk [i] vélaverkfræðingur“ hafi samið þessa greinargerð um fyrstu fimm ára áætlunina sem „kenslubók fyrir 12–14 ára börn í rússneskum skólum“.<sup>222</sup> Þýðingarnar eru til marks um hvernig slíkt lesefni sem hafði að geyma vettvangslýsingar, ferðasögur og „frásagnir af verklegum framkvæmdum“<sup>223</sup> í Rússlandi og víðar var einnig í dreifingu á bókarmoti um 1930. Sérstaka athygli vekur bókalisti aftast í *Brotinu landi*, þar sem lesendum er vísað á „bækur og önnur rit, sem allir þurfa að lesa, sem vilja kynna kenningum og hugsunarhætti jafnaðarmanna og gjarna vilja skilja þjóðfélagsumbrot nútímans“.<sup>224</sup> Auk bóka félagsins er lesendum þar bent á þýðingu *Kommúnistaávarpsins* og önnur rit Marx og Engels, auk frumsaminnna bóka á borð við *Byltinguna í*

---

breitt úrval nútímabókmennta eftir þekktu höfunda. Fyrsta bókin var þýðing Magnúsar Ásgeirssonar á *Sæluþyngjunni* (*De lycksaliges ö*, 1907) eftir August Strindberg árið 1938 en á næstu árum fylgdu verk eftir höfunda eins og Stefan Zweig, Romain Rolland, Sinclair Lewis, William Somerset Maugham, John Steinbeck og Archibald J. Cronin (sjá nánar Ragnheiður Kristjánsdóttir, *Nýtt fólk*, bls. 275–278; Örn Ólafsson, *Rauðu pennarnir*, bls. 187–188, 233).

<sup>219</sup> Sjá Örn Ólafsson, *Rauðu pennarnir*, bls. 175. Örn vitnar hér til endurminninga Kristins, þar sem hann nefnir að stjórnarmenn árið 1932 hafi verið Ingimar Jónsson, Guðbrandur Jónsson, Eggert P. Briem, Hallbjörn Halldórsson og Þórbergur Þórðarson (*Enginn er eyland*, bls. 100).

<sup>220</sup> Þórbergur Þórðarson, *Bylting og íhald. Úr bréfi til Láru*, Reykjavík: Bókmenntafélag jafnaðarmanna, 1924; Dan Griffiths, *Höfuðóvinnurinn. Ritgerðir um jafnaðarstefnuna*, þýðendur Jón Thoroddsen, Vilmundur Jónsson og Þórbergur Þórðarson, Reykjavík: Bókmenntafélag jafnaðarmanna, 1924; T.A. McNeal og Upton Sinclair, *Deilt um jafnaðarstefnuna* [þýð. ekki getið], Reykjavík: Bókmenntafélag jafnaðarmanna, 1925.

<sup>221</sup> Maurice Hindus, *Brotið land*.

<sup>222</sup> Vilmundur Jónsson, „Formáli þýðanda“, M. Ilin, *Æfintýrið um áætlunina miklu*, þýðandi Vilmundur Jónsson, Reykjavík: Bókmenntafélag jafnaðarmanna, 1932, bls. v–vii, hér bls. v.

<sup>223</sup> Sama heimild, bls. 6.

<sup>224</sup> „Bækur“, Maurice Hindus, *Brotið land* [án blaðsíðutals].

*Rússlandi* eftir Stefán Pjetursson, fræðirit eftir Einar Olgeirsson, *Alþýðubókina* eftir Halldór Laxness og þrjár bækur Þórbergs. Hér er lesendum því færður vegvísir um það frumsamda og þýdda lesefni sem aðgengilegt væri. Lýsa má útgáfu Bókmenntafélags jafnaðarmanna sem fyrsta verkefninu sem hrundið var af stað hér á landi að fyrirmynd þeirra ritraða sem voru þungamiðjan í útgáfustarfsemi hins alþjóðasinnaða heimsbókmenntakerfis.<sup>225</sup>

Eitt rit á bókalistanum í *Brotnu landi* er ónefnt, þýðing Ragnars E. Kvaran á skáldsögunni *Smíður er ég nefndur* (*They Call Me Carpenter*, 1922) eftir Upton Sinclair, sem Alþýðuprentsmiðjan hafði gefið út árið 1926 með ítarlegum eftirmála þýðanda.<sup>226</sup> Árið 1931 átti önnur skáldsaga Sinclairs eftir að koma út á vegum Bókmenntafélags jafnaðarmanna í þýðingu Ragnars, *Jimmie Higgins* (1919).<sup>227</sup> Í ritdómi Árna Hallgrímssonar er inntaki þessarar skáldsögu eftir „einn af merkustu rithöfundum heimsbókmenntanna á vorum dögum“ lýst á þann hátt að hún hverfist um líf „fátæks vélamanns“ er fer „á flæking“ vegna atburða heimstyrjaldarinnar, verður „öreigasinni með lífi og sál og fullur hrifningar yfir byltingu Rússanna“ en er að lokum handtekinn og pyntaður fyrir undirróðursstarfsemi uns hann „missir vitið“ og verður að „ómálga skepnu, alveg meinlausri“.<sup>228</sup>

Með *Jimmie Higgins* sendi félagið frá sér verk eftir höfund sem var íslenskum lesendum vel kunnur. Nokkrir textar höfðu birst í tímaritum og fyrsta bók Sinclairs hafði komið út árið 1914, þegar „Fjelag eitt á Stokkseyri“ gaf út skáldsöguna *The Jungle* í þýðingu Páls Bjarnasonar.<sup>229</sup> Útgáfunni var ekki ætlað að styðja málstað vinstrihreyfingarinnar, en bókin vann sér þó fljótlega sess hér á landi sem hentugt lesefni um jafnaðarstefnuna.<sup>230</sup> *Jimmie Higgins* var því fjórða verk Sinclairs sem kom út á bók, en ein skáldsaga til viðbótar hafði birst sem framhaldssaga.<sup>231</sup> Þeirri útgáfu *Köla konungs* (*King Coal*, 1917) í *Alþýðublaðinu* árið 1920 var fylgt eftir með kynningu á höfundinum, auk þess sem þeim „sem vil[du]

<sup>225</sup> Auk bókalistans sem hér er nefndur má einnig finna lista yfir blöð og tímarit sem „túlka málstað jafnaðarmanna“, má þar telja *Alþýðublaðið*, *Skutul*, *Mjölni*, *Verkamanninn*, *Jafnaðarmanninn*, *Verklýðsblaðið*, *Kyndil* og *Rétt* (sjá „Blöð og tímarit“, Maurice Hindus, *Brotið land* [án blaðsíðutals]).

<sup>226</sup> „Bækur“, Maurice Hindus *Brotið land* [án blaðsíðutals]. Sjá einnig Upton Sinclair, *Smíður er ég nefndur*, þýðandi Ragnar E. Kvaran, Reykjavík: Alþýðuprentsmiðjan, 1926.

<sup>227</sup> Upton Sinclair, *Jimmie Higgins*. *Jafnaðarmaður í heimstyrjöld*, þýðandi Ragnar E. Kvaran, Reykjavík: Bókmenntafélag jafnaðarmanna, 1931.

<sup>228</sup> Árni Hallgrímsson, „Bækur. Upton Sinclair: Jimmie Higgins“, *Iðunn* 4/1931, bls. 398–402, hér bls. 398, 400–401.

<sup>229</sup> Upton Sinclair, *Á refilstigum*, Stokkseyri: Fjelag eitt á Stokkseyri, 1914.

<sup>230</sup> Sjá grein Hauks Ingvarssonar annars staðar í þessu sérhefti *Ritsins*.

<sup>231</sup> Upton Sinclair, *Köli konungur* [þýð. ekki getið], *Alþýðublaðið* 17. janúar – 9. október 1920.

halda sögunni saman“ var bent á að þeir „ættu að gæta þess að tapa engu blaði, vegna þess, að sagan [yrði] ekki sérprentuð“,<sup>232</sup> sem varpar ljósi á hvernig rót-tæk verk af þessu tagi voru nýtt sem vinsælt lesefni til að auka sölu dagblaða. Til marks um stöðu Sinclairs innan íslensks menningarvettvangs er einnig umfjöllun í tímaritum og má þar einkum nefna tvær langar greinar. Grein Einars H. Kvaran frá 1927 er gagnrýnin umfjöllun um þennan „tilkomumest[a] rithöfund Bandaríkjanna, síðan er Jack London leið“, þar sem Einar fer yfir feril hans og kemst að þeirri niðurstöðu að „þrátt fyrir öll stóryrðin og ádeilurnar“ sé hann „gagntekinn af þrá eftir réttlæti og góðfýsi með mönnum“. <sup>233</sup> Í „nokkrum línunum“ sem Halldór Laxness skrifar um „vin [s]inn, Upton Sinclair“ fyrir *Iðunni* tveimur árum síðar er tónninn jákvæðari, en hann tekur einnig sérstaklega fram að „ekki [sé] þörf [s]íns atbeina“ til „að leiða fram nýja stjórnuna á sjónarsviðið meðal íslenzkra lesenda“, þar sem höfundurinn sé „engin óþekt stærð á Íslandi fremur en annarsstaðar í Evrópu“. <sup>234</sup> Orð Halldórs eru ekki aðeins til marks um stöðu Sinclairs hér á landi, heldur einnig í alþjóðlegu samhengi. Sinclair var einn af lykilhöfundum hins rauða heimsbókmenntakerfis á þriðja áratugnum og bregður verkum hans til að mynda víða fyrir á útgáfulistum forlaga og bóka-klúbba í Þýskalandi, þar á meðal *Universum Bücherei für Alle*. Í því samhengi var einkum horft til lýsinga Sinclairs á aðstæðum verkamanna í Bandaríkjunum og þeirrar innsýnar sem þau gæfu í margbrotinn heim öreigalýðsins. Lýsing Halldórs á verkum Sinclairs er mótuð af þessari fagurfræði þriðja áratugarins. Þannig undirstrikar hann að „hin þjóðfélagslega upplýsingarstarfsemi“ Sinclairs sé „meira virði en flestar bækur vísindalegar um þau efni, því rödd hans n[ái] langt út yfir hið takmarkaða kallfæri vísindanna“ og „hann tal[í] í einföldum, áþreifanlegum myndum og dæmum úr hversdagslífinu eins og allir miklir fræðarar“. <sup>235</sup> Um leið stillir hann skrifum Sinclairs upp sem lýsandi dæmi um hinar nýju bókmenntir er séu í andstöðu við fagurbókmenntir borgarastéttarinnar. „Upton Sinclair fær velt þyngra hlasi en því, að vekja aðláun ábyrgðarlausra bókmenta-

<sup>232</sup> Ingimar Jónsson, „Upton Sinclair og Koli konungur“, *Alþýðublaðið* 17. janúar 1920, bls. 2. Í þessu samhengi má benda á að útgáfa skáldsögunnar *Smiður er ég nefndur* var einnig sérprent úr *Alþýðublaðinu*.

<sup>233</sup> Einar H. Kvaran, „Upton Sinclair og auðvaldið í Bandaríkjunum“, *Skírnir* 1/1927, bls. 132–152, hér bls. 152. Til marks um vinsældir London's hér á landi er meðal annars útgáfa á ævisögu höfundarins eftir síðari eiginkonu hans: Charmian London, *Ævisaga Jacks London*, þýðandi Ragnheiður H. Vigfúsdóttir, Reykjavík: Suðri, 1946.

<sup>234</sup> Halldór Laxness, „Nokkrar línur með ljósmynd Upton Sinclairs“, *Iðunn* 4/1929, bls. 363–379, hér bls. 364. Um tengsl Halldórs og Sinclairs, sjá Halldór Guðmundsson, *Halldór Laxness*. *Ævisaga*, Reykjavík: JPV, 2004, bls. 250–258.

<sup>235</sup> Halldór Laxness, „Nokkrar línur með ljósmynd Upton Sinclairs“, bls. 372.

angurgapa“, skrifar Halldór og kallar höfundinn „hin[a] hrópandi samvizk[u] Ameríku“, þá rödd „sem áður fyr kallaði niður til Kains, og fagurfræðilegir kjaf-tasnápar bera ekki gæfu til þess að dæma um „listgildi“ þeirrar raddar“. <sup>236</sup> Lýsing Halldórs varpar einnig ljósi á ástæður þess að verk Sinclairs áttu eftir að þokast út á jaðar hins alþjóðasinnaða heimsbókmenntakerfis um miðjan fjórða ára-tuginn, þegar annars vegar var kallað eftir samvinnu við borgaralega höfunda og raunseislegum frásagnarháttum en hins vegar fyrirmyndarverkum sem brygðu upp myndum af framgangi byltingarinnar og vitundarvakningu söguhetjanna. Í slíku umhverfi fengu skýrslukenndar frásagnir Sinclairs af mannskemmandi aðstæðum öreiga, ómótuðum uppreisnarhug þeirra og hörmulegum örlögum undir oki kapítalismans lítinn hljómgrunn. Að nokkru leyti gegndu verk hans áfram mikilvægu hlutverki sem brautryðjendaverk innan hins alþjóðasinnaða heimsbókmenntakerfis, en þau tilheyrðu tímabili sem lá í fortíðinni.

Næsta bók Sinclairs kom ekki út fyrr en í upphafi fimmta áratugarins og það er á nokkurn hátt lýsandi að þýðing Guðjóns Guðjónssonar á framtíðar-skáldsögunni *Þúsundára ríkinu* (*The Millenium*, 1924) kom út á vegum Alþýðu-prentsmiðjunnar. <sup>237</sup> Í þeirri útgáfustarfsemi samfylkingartímabilsins sem tók á sig mynd með Heimskringlu og Máli og menningu var ekki rúm fyrir slík verk sem áttu rætur í fagurfræði þriðja áratugarins. Það þýddi þó ekki að slík verk hyrfu út úr bókmenntakerfinu, heldur fundu þau sér annan farveg. Annað dæmi um þá þróun er ritröð sem gefin var út af „nokkrum sósíalísum“ í Reykjavík á árunum 1936 og 1937. <sup>238</sup> Aðeins virðast hafa komið út tvær bækur í ritröðinni. Sú fyrri var *Bréf Dimitroffs*, en í *Verklýðsblaðinu* var því lýst að bréf þessa leið-toga búlgörsku kommúnistahreyfingarinnar til „austurrískra verkamanna, sem þátt tóku í febrúaruppreisninni, sem lauk með stundarósigrí og fasistisku alræði í landinu“, væri „sérstaklega þýðingarmikið fyrir íslenzka verkamenn“. <sup>239</sup> Síðara ritið tengdist einnig „febrúarviðburðunum í Austurríki“, sem útgefendur fullyrtu að „br[y]nnu] enn í vitund alþýðu um heim allan“. <sup>240</sup> Um var að ræða þýðingu Björns Franzsonar á *Ferðalokum Koloman Wallisch's* (*Der letzte Weg des Koloman Wall-*

<sup>236</sup> Sama heimild, bls. 376.


<sup>237</sup> Upton Sinclair, *Þúsundára ríkið*, Reykjavík: Alþýðuprentsmiðjan, 1941.

<sup>238</sup> Slík „neðanjarðarútgáfa“, þar sem gætt var að nafnleynd útgefenda, átti sér nokkra hefð innan róttæku vinstrihreyfingarinnar og þannig má benda á að bók Stefáns Pjeturssonar um rússnesku byltinguna var einnig gefin út af „nokkrum mönnum í Reykjavík“ árið 1921 (Stefán Pjetursson, *Byltingin í Rússlandi*, Reykjavík: Nokkrir menn í Reykjavík, 1921).

<sup>239</sup> „Bók eftir Dimitroff á íslenzku“, *Verklýðsblaðið* 4. maí 1936, bls. 4. Sjá *Bréf Dimitroffs til austurrískra verkamanna* [þýð. ekki getið], Reykjavík: Nokkrir sósíalistar, 1936.

<sup>240</sup> Útgefendur, „Formáli“, Anna Seghers, *Ferðalok Koloman Wallisch's*, þýðandi Björn Franzson, Reykjavík: Nokkrir sósíalistar, 1937, bls. 3–4, hér bls. 3.

isch, 1934) eftir Önnu Seghers. Þetta var eina verk Seghers sem kom út á bók hérlendis. Hér vaknar sú spurning hvers vegna verk Seghers, sem Kristinn hafði lýst í grein sinni sem einum af „beztu rithöfundum hinnar nýju stefnu“<sup>241</sup> og átti að auki efni í sama hefti í þýðingu Björns, kom hvorki út á vegum Heimskringlu né í *Rauðum pennum*, sem þó hefði verið hæðarleikur í ljósi þess




Ritlingar Georgis Dimitrov og Önnu Seghers virðast hafa verið þeir einu sem komu út í ritröð á vegum „nokkurra sósíalista“ í Reykjavík á árunum 1936 og 1937.

Á frásögnin er rétt um tuttugu blaðsíður. Ástæðurnar kunna að hluta til að liggja í því að í síðari árgöngum tímaritsins gegndu þýðingar hverfandi hlutverki og í því að hið nýstofnaða forlag hafi ekki haft bolmagn til að ráðast í útgáfu fleiri verka en það hafði þegar tekið að sér. Meginástæðan virðist þó vera sú að verk Seghers, sem sver sig í ætt við vettvangsfrásagnir þriðja áratugarins, féll ekki að nýjum fagurfræðilegum áherslum. Ritröðin sem bók Seghers birtist í er athyglisvert dæmi um hvernig ráðist var í nýtt útgáfuverkefni samhliða stofnun Heimskringlu, þar sem áhersla var lögð á ódýra bæklinga fyrir alþýðu manna. Þetta endurspeglast ekki aðeins í því að bæklingarnir voru í pappírskápu og seldir á 50 aura, heldur var útgáfustefnan einnig útlistuð fyrir lesendum. Í formála sínum að bók Seghers undirstrika útgefendur „nauðsyn“ þess „að gefa út á íslenzku góða og ódýra bæklinga og bækur um málefni alþýðunnar“ og lýsa erindi sínu til alþýðunnar: „Við, sem að útgáfu þessa bæklinga stöndum, erum ákveðnir í að gera allt, sem í okkar valdi stendur, til að veita íslenzkri alþýðu fræðslu um ógnaröld fasismans“.<sup>242</sup>

Önnur athyglisverð dæmi um þær breytingar sem verða á útgáfuumhverfi alþjóðasinnaðra bókmennta um miðjan fjórða áratuginn má finna í tímaritum og dagblöðum. Þar má einkum nefna *Sunnudagsblað Alþýðublaðsins* (1934–1939) og framhaldssögur *Þjóðviljans*, sem hófu göngu sína 1936. Í fyrstu árgöngum *Sunnudagsblaðsins* undir ritstjórn Finnþoga Rúts Valdimarssonar blasir við sundurleitt lesefni. Af bókmenntaefni í þrengri skilningi má nefna sögur eftir Gorkij, Dostojevskij, Christian Gellert, Giovanni Verga og tékkneska rithöfundinn Jan

<sup>241</sup> Kristinn E. Andrésson, „Ný bókmenntastefna“, bls. 38.

<sup>242</sup> Útgefendur, „Formáli“, bls. 3.



Forsíða *Sunnudagsblaðs Alþýðublaðsins* 27. október og 1. mars 1936 með skurðmyndum eftir Eggert M. Laxdal. Skurðmyndir af þessu tagi, sem kallast á við alþjóðasinnað bókmenntaefni í blaðinu, prýddu jafnan forsíðuna og urðu nokkurs konar fagurfræðilegt einkennismerki *Sunnudagsblaðsins* á fyrstu árunum.

Neruda ásamt sögum eftir höfunda eins og Isaak Babel og Jefim Zozulja, sem kynntur var sem „einn af hinum fáu kýmishöfundum Rússa“.<sup>243</sup> Einnig birtust hér fjölmargar styttri sögur af ólíkum gerðum, sem og greinar og frásagnir eftir síður þekktu erlenda og innlenda höfunda, sem flokka mætti undir fræðslu- eða afþreyingarefni, þar á meðal „rökkursögur“ eftir Jón Illugason og Ingivald Nikulásson „verkamann á Bíldudal“.<sup>244</sup> Sagnaefni af þessum toga birtist innan um fjölbreytt safn frumsaminnna og þýddra texta, þar sem finna má „sannar furðu-

<sup>243</sup> Maxim Gorki, „Dóra“, þýðandi Jón G. Einis, *Sunnudagsblað Alþýðublaðsins* 6. janúar 1935, bls. 4–5; Maxim Gorki, „Um dimma nótt“ [þýð. ekki getið], *Sunnudagsblað Alþýðublaðsins* 19. júlí 1936, bls. 2, 7; Feodor Dostojevsky, „Munaðarleysinginn á jólatré Jesú Krists“, *Sunnudagsblað Alþýðublaðsins* 16. desember 1934, bls. 2, 15; Christian Gellert, „Sjúklingurinn“ [þýð. ekki getið], *Sunnudagsblað Alþýðublaðsins* 25. nóvember 1934, bls. 4; Giovanni Verga, „Cavalleria rusticana“ [þýð. ekki getið], *Sunnudagsblað Alþýðublaðsins* 11. nóvember 1934, bls. 4; Jan Neruda, „Blóðsugan“ [þýð. ekki getið], *Sunnudagsblað Alþýðublaðsins* 18. nóvember 1934, bls. 2; Isaac Babel, „Dauði Dolgushovs“; Efim Zozulya, „Móðirin“, *Sunnudagsblað Alþýðublaðsins* 28. október 1934, bls. 5.

<sup>244</sup> Jón Illugason, „Tungu-undrin. Dularfullir atburðir í Kverkártungu á Langanesströndum“, *Sunnudagsblað Alþýðublaðsins* 16. desember 1934, bls. 7; Ingivaldur Nikulásson, „Haustnótt í kirkju“, *Sunnudagsblað Alþýðublaðsins* 16. desember 1934, bls. 3–4.

sögur frá ýmsum tímum“, fréttaskýringar um hveravirkjanir á Ítalíu, grænlenkskar þjóðsögur, „ferðabréf frá Búdapest“ og greinar um „konur í Austurlöndum“ og „hlæjandi eyjuna“ Formósu.<sup>245</sup> Samansafnið kann að hafa yfirbragð lauslegra efnistaka, en hér glittir í kunnuglegt útgáfuumhverfi þriðja áratugarins þar sem ægir saman pistlum og greinum, ævintýrasögum, vettvangslýsingum og alþýðlegri sagnalist. Að því leyti svipar blaðinu nokkuð til *Rauða fánans*, þótt síður sé lögð áhersla á þjóðfélagsgreiningu og hnitmiðaðar lýsingar á hlutskipti heimsöreiganna.

Athyglisverðasta tengingin við strauma þriðja áratugarins er útgáfa *Sunnudagsblaðsins* á textum Egons Erwins Kisch. Skrif þessa „sköpuðar og frumkvöðuls hinnar þýsku vettvangsfrásagnar nútímans“<sup>246</sup> voru kynnt fyrir íslenskum lesendum með þremur þýðingum á árunum 1935 og 1936.<sup>247</sup> Textar Kisch eru sérstæð bókmenntaverk og hefur þeim verið lýst sem „rómantískum vettvangsfrásögnum um raunsæislega, hversdagslega hluti“.<sup>248</sup> Einnig hefur verið bent á að sú aðferð sem Kisch kenndi við „röklegt hugarflug“ hafi ekki síður sótt til glæpa- og ævintýrasagna höfunda eins og Arthurs Conan Doyle, Karls May og James Fenimore Cooper en hefðbundinna fréttaskrifa, en útkoman eru frásagnir sem gjarnan snúast upp í atvikssögur, svipmyndir eða huglægar lýsingar þar sem fréttaskýring og sagnalist renna saman í krufningu þjóðfélagsaðstæðna.<sup>249</sup> Verk þessa sérstæða höfundar, sem rithöfundurinn Hermann Kesten lýsti nokkuð hnyttilega sem „marxískum farandpredikara í skikkju austræns sagnaþular“,<sup>250</sup> voru kynnt í stuttum inngangi að fyrstu þýðingunni í *Sunnudagsblaðinu* sem skrif „heimsfrægs

<sup>245</sup> Sjá meðal annars Gísli Halldórsson, „Hveravirkjanir á Ítalíu“, *Sunnudagsblað Alþýðublaðsins* 28. október 1934, bls. 2; Thomas Olufson, „Síðasti Íslendingurinn á Grænlandi. Grænlenks þjóðsaga“, *Sunnudagsblað Alþýðublaðsins* 28. október 1934, bls. 4; „Yfir Dónárlöndum hvíla svört og þrungen ský. Ferðabréf frá Búdapest í september 1934“, *Sunnudagsblað Alþýðublaðsins* 18. nóvember 1934, bls. 3–4; A.E., „Konur í Austurlöndum“, *Sunnudagsblað Alþýðublaðsins* 13. janúar 1935, bls. 3–4; „Hlæjandi eyjan“, *Sunnudagsblað Alþýðublaðsins* 18. nóvember 1934, bls. 2, 6. Greinaflokkurinn „Sannar furðusögur frá ýmsum tímum“ hóf göngu sína með fyrsta heftinu og birtist reglulega fram á haust 1935.

<sup>246</sup> Christian Buckart, *Egon Erwin Kisch. Die Weltgeschichte des rasenden Reporters. Die Biografie*, Berlín: Berlin Verlag, bls. 398.

<sup>247</sup> Egon Erwin Kisch, „Hvaðan kemur kvikasilfrið? Helvítið í Almadiu“ [þýð. ekki getið], *Sunnudagsblað Alþýðublaðsins* 28. apríl 1935, bls. 3, 5; Egon Erwin Kisch, „Hælið fyrir fallnar stúlkur“ [þýð. óþekktur], *Sunnudagsblað Alþýðublaðsins* 24. desember 1935, bls. 5, 12; Egon Erwin Kisch, „Móðir morðingjans og blaðamaðurinn“, þýðandi G.G., *Sunnudagsblað Alþýðublaðsins* 12.–19. júlí 1936, bls. 4–5. Eins og áður er nefnt birtist fjórða vettvangsfrásögnin eftir Kisch, „Varðmaður á vígstöðvum silkiiðjunnar“ í *Rétti* árið 1935.

<sup>248</sup> Lýsingin er komin frá Felix Weltsch, hér vitnað eftir Buckart, *Egon Erwin Kisch*, bls. 61.

<sup>249</sup> Sama heimild, bls. 32.

<sup>250</sup> Vitnað eftir sömu heimild, bls. 399.

þýzks blaðamanns, sem ferðast hefir víða um heim og skrifað bækur og greinar í fjölda blaða<sup>251</sup>. Einnig var minnst á flótta hans frá Þýskalandi og atburði ársins 1935, þegar höfundinum var meinuð landganga í Ástralíu og hann að lokum handtekinn, en nokkuð hafði verið fjallað um atburðinn í íslenskum blöðum.<sup>252</sup> Nafn Kisch var því áberandi á þessum tíma og árið 1936 voru jafnframt áform um að fá hann hingað til lands. Í endurminningum sínum lýsir Kristinn kynnum sínum af Kisch á alþjóðafþingi til verndar menningunni í London sumarið 1936 og undirbúningi sínum fyrir heimsókn hans, sem aldrei varð þó af.<sup>253</sup> Hér vaknar sú spurning hvers vegna ekki varð framhald á þýðingum á skrifum Kisch, því engir textar birtust eftir 1936 og engin bók kom út í þýðingu, þótt verk hans hafi verið leidd inn á íslenskan menningarvettvang af nokkrum þunga um miðjan áratuginn. Nærtæk skýring virðist vera sú að þegar fennti yfir atburðina í Ástralíu og ekkert varð af fyrirhugaðri Íslandsheimsókn hafi áhuginn á verkum Kisch einfaldlega fjarast út. Sé horft til útgáfutíma þýðinganna í *Rétti* og *Sunnudagsblaðinu* má þó sjá að þrjár þeirra birtust áður en nokkur áform voru uppi um Íslandsheimsóknina. Ástæðurnar virðast því einkum tengjast sviptingunum um miðjan fjórða áratuginn. Kisch hafði enn mikilvæga stöðu innan hins alþjóðasinnaða heimsbókmenntakerfis, en það var einkum í krafti fyrri verka og þess orðstírs sem hann hafði áunnið sér. Í *Sunnudagsblaðinu* má segja að skrif Kisch hafi ratað inn á íslenskan bókmenntavettvang í því umhverfi margbrotinnna vettvangslýsinga, reynslusagna, alþýðlegra frásagna og smærri bókmenntaforma sem þau höfðu upphaflega sprottið úr og átt þátt í að móta á þriðja áratugnum, en þetta voru á margan hátt menjar horfins textaheims. Í raun má segja að vettvangsfrásagnir Kisch hafi ratað inn í íslenskt bókmenntakerfi einmitt á þeim tíma þegar þær voru ekki lengur taldar eiga erindi til róttækra lesenda, sem varpar ljósi á ástæður þess að þær birtust ekki í *Rauðum pennum* heldur í *Sunnudagsblaðinu*.<sup>254</sup> Dagar þeirra rómantísku byltingahugsjóna og þeirrar ævintýramennsku sem

<sup>251</sup> Egon Erwin Kisch, „Hvaðan kemur kvikasilfrið?, bls. 3.

<sup>252</sup> Sjá meðal annars „Egon Erwin Kisch dæmdur í fangelsi í Ástralíu“, *Alþýðublaðið* 23. janúar 1935, bls. 1; „Fáheyrð framkoma við heimsfrægan rithöfund“, *Alþýðublaðið* 2. mars 1935, bls. 2.

<sup>253</sup> Kristinn E. Andrésson, *Enginn er eyland*, bls. 145; sjá einnig bréf Kisch til Kristins, bls. 146.

<sup>254</sup> Um þá gagnrýni á hefð vettvangsfrásagnarinnar sem verður áberandi innan marxismans á fjórða áratugnum, sjá einnig lykilgrein Georgs Lukács frá 1932, þar sem hann ræðir þessa stefnu er hafi náð alþjóðlegri útbreiðslu með skrifum höfunda eins og Sinclairs, Tretjakovs og Ehrenbúrgs en sé andstæð frásagnarlist skáldsögunnar og virki sem „hemill á hina skáldlegu mótun“ („Reportage oder Gestaltung. Kritische Bemerkungen anlässlich eines Romans von Ottwalt“, *Marxismus und Literatur*, 2. bindi, ritstjóri Fritz J. Raddatz, Reinbek bei Hamburg: Rowohlt, 1919, bls. 150–158, hér bls. 156).



verk Kisch stóðu fyrir voru liðnir og lýsingar á margbrotnum heimi öreigalyðsins voru ekki lengur á dagskrá.

Í þessu samhengi er vert að beina sjónum að verki innlends höfundar, sem einnig fékk veigamikinn sess í *Sunnudagsblaðinu*. Þann 9. desember 1934 kynnti blaðið „nýja bók eftir nýjan höfund“ er væri væntanleg „í bókaverzlanir á morgun“ og birti tvo kafla.<sup>255</sup> Höfundi *Lassaróna*, Sigurði Haralz, var lýst sem „ungum sjómanni“ er hafi farið „kornungur að heiman, r[á]ðizt í siglingar [...], farið mjög víða um heim og ratað í ýmiskonar æfintýri“, en bókina hafi að geyma endurminningafrásögn er sé „einstaklega látlaus, sönn og lifandi“.<sup>256</sup> Textar Sigurðar áttu eftir að birtast reglulega í *Sunnudagsblaðinu*, fram til ársins 1937 komu út einar fimm frásagnir hans, auk þýðingar á smásögu eftir Bret Harte, sem þekktur var af sögum sínum um flækinga og gullgrafara í Bandaríkjunum.<sup>257</sup> Inntaki *Lassaróna* var skilmerkilega lýst í ritdómum. Ársæll Árnason sagði bókina greina ansi hispurslaust frá nokkrum „auðnuleysingjum og ræflum (lassarónum)“ og að verkið tilheyrði „frásögnum farmanna“ eða „skipperhistorier“, sem snerust um „drykkjuskap[], barsmiðar, kvennafar“.<sup>258</sup> Á svipaðan hátt talaði Guðmundur G. Hagalín um „lýsing[u] á nokkrum dögum úr lífi höfundar í félagsskap flækinga og betlara í hafnarborgum á Spáni og í Frakklandi“, en undirstríkaði um leið að höfundur hefði „sitt persónulega frásagnarlag, óbrotið og stuttaralegt og fullt af heilagri einfeltni, en um leið ísmeygilega lifandi og lýsandi, enda [væri] stúllinn undir niðri þrunginn einkennilegu samblandi af raunsæi, angurværð og kímni“.<sup>259</sup> Lýsingum sínum á sjómanslífinu og hrakningum í hópi undirmálsfólks í Frakklandi og á Norður-Spáni fylgdi Sigurður eftir með bókinni *Emigrantar* tveimur árum síðar, þar sem hann lýsir flækingi sínum í Suður-Ameríku.<sup>260</sup> Athygli vekur að sú síðari bók Sigurðar kom út á vegum Heimskringlu, sem líkast

<sup>255</sup> „Lassarónar. Nokkrir dagar og nætur á Norður-Spáni“, *Sunnudagsblað Alþýðublaðsins* 9. desember 1934, bls. 2–3, hér bls. 2.

<sup>256</sup> Sama heimild, bls. 2. Sjá Sigurður Haralz, *Lassarónar*, Reykjavík: Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, 1934.

<sup>257</sup> Sigurður Haralz, „Á veiðum“, *Sunnudagsblað Alþýðublaðsins* 10. febrúar 1935, bls. 2, 6; Sigurður Haralz, „Ást og áfengi“, *Sunnudagsblað Alþýðublaðsins* 7. apríl 1935, bls. 2–3, 6; Sigurður Haralz, „Jólanóttin á blikkplötunni“, *Sunnudagsblað Alþýðublaðsins* 6. september 1936, bls. 3; Sigurður Haralz, „Leðurskórni“, *Sunnudagsblað Alþýðublaðsins* 8. nóvember 1936, bls. 4–5; Sigurður Haralz, „Hestakaup“, *Sunnudagsblað Alþýðublaðsins* 3. október 1937, bls. 3, 8; Bret Harte, „Útlagarnir frá Poker Flat“, þýðandi Sigurður Haralz, *Sunnudagsblað Alþýðublaðsins* 22.–29. mars, bls. 4–5, 8; 5.

<sup>258</sup> Ársæll Árnason, „Sigurður Haralz. Lassarónar“, *Eimreiðin* 1/1935, bls. 121–122, hér bls. 121.

<sup>259</sup> Guðmundur G. Hagalín, „Bækur“, *Skutull* 22. desember 1934, bls. 2–3.

<sup>260</sup> Sigurður Haralz, *Emigrantar*, Reykjavík: Heimskringla, 1936.



Tvö sagnakver Sigurðar Haralz, sem komu út í ódýrri pappírskápu á árunum 1934 og 1935 og einn gagnrýnandi kallaði „skipperhistorier“ um „auðnuleysingja og ræfla“, eru sérstæð dæmi um lýsingar á lífi og slarki töttraskrilsins í íslenskum bókmenntum, sem tengja má við hefð rauðra svaðilfarasagna.

Öreigalýðsins, þar með talið flækinga, vændiskvenna, iðjuleysingja og glæpalýðs. Hér var með öðrum orðum horft til þeirra laga öreigalýðsins sem Marx og Engels kölluðu „töttraskrílinn“ (þ. *Lumpenproletariat*) og lýstu á eftirminnilegan hátt í *Kommúnistaávarpinu* sem „rotgryfju lægstu stétta þjóðfélagsins“ er „sóp[i]st stundum inn í hreyfinguna, þegar öreigalýðsbylting brestur á, en lífskjörum sínum samkvæmt mun[i] hann jafnan verða fúsari til að selja sig afturhaldinu til léttaverka“.<sup>262</sup> Í samhengi hinnar lenínísku kenningar um misgengi byltingarinnar og vægi sjálfsprottinnar uppreisna fékk töttralýðurinn þó nokkuð annað vægi og í alþjóðasinnuðum bókmenntum þriðja áratugarins má finna fjölmargar frásagnir af slarki hans og lífsbaráttu. Einn þeirra hópa sem sjónum var gjarnan beint að var sá sem höfundar eins og Kisch vísuðu til sem „töttralýðs hafsins“, sem varpar ljósi á þá sagnahefð sem verk Sigurðar Haralz spretta úr.<sup>263</sup> Slíkar töttralýðsfrásagnir, sem jafnan tóku á sig mynd hispurslausra og nokkuð ævintýralegra lýs-

<sup>261</sup> Ein smásagna Sigurðar birtist einnig í *Rauðum þennum*: Sigurður Haralz, „Systir mín í syndinni“, *Rauðir þennar* 2/1936, bls. 174–179.

<sup>262</sup> Karl Marx og Friedrich Engels, *Kommúnistaávarpið*, þýðandi Sverrir Kristjánsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2010, bls. 191. Í eldri þýðingu Stefáns og Einars er hér talað um „skrílinn“ sem „úrþvætti borgaralega þjóðfélagsins“ (Karl Marx og Friedrich Engels, *Kommúnistaávarpið*, 1924, bls. 38).

<sup>263</sup> Egon Erwin Kisch, „Paradies Amerika“ [1930], *Gesammelte Werke in Einzelausgaben*, 4. bindi: *Paradies Amerika / Landung in Australien*, ritstjórar Bodo Uhse og Gisela Kisch, Berlín og Weimar: Aufbau-Verlag, 1973, bls. 7–307, hér bls. 46. Um skrif Kisch um töttralýðinn, sjá einnig grein Christophs Schaub annars staðar í þessu sérhefti *Ritsins*.

til má rekja til vinsælda fyrra verksins en er einnig til marks um hvernig verk af þessu tagi gátu ratað inn í útgáfu forlagsins um miðjan fjórða áratuginn.<sup>261</sup>

Bókum Sigurðar má lýsa sem síðbúinni afurð sagnahefðar sem hafði náð útbreiðslu á þriðja áratugnum og kenna má við rauðar svaðilfarabókmenntir. Slíkar frásagnir féllu í frjóan jarðveg á því tímabili þegar áhersla var lögð á margbrotinn heim öreigastéttarinnar. Ekki var aðeins horft til iðnverkamanna og launafólks heldur ekki síður til lægstu laga

inga, þokuðust út á jaðar hins rauða heimsbókmenntakerfis á fjórða áratugnum. Þar er á nokkurn hátt lýsandi að hvorki nafn Jacks London né þýska metsöluhöfundarins B. Traven, þeirra tveggja höfunda þessarar sagnahefðar sem mest bar á í umræðu þriðja áratugarins, rataði inn á lista Kristins árið 1935. Píkareskar frásagnir af þessum toga, sem hverfðust um óstýrilátar söguhetjur, sjálfsprottnar uppreisnir og óreiðukennt þjark öreigalýðs, sem var í besta falli á frumstigi vitundarvakningar, voru ekki lengur á döfnni. Hvorki var rúm fyrir tötraskrílinn innan þeirrar samfylkingarstefnu sem lagði áherslu á virðulegar raunsæishefðir í takti við borgaralegar nútímabókmenntir né innan þeirrar fagurfræði sósíalíks raunsæis sem lagði megináherslu á skipulegt byltingarstarf, uppbyggilegar frásagnir og jákvæðar söguhetjur.<sup>264</sup>

Þessi alþjóðlega sagnahefð var vel þekkt hérlendis og á það einkum við um verk Jacks London, því á tímabilinu 1917–1933 komu einar sjö bækur hans út í þýðingum, auk fjölmargra texta í tímaritum og smásagnasöfnum.<sup>265</sup> Þau verk Londons sem hingað rötuðu voru af ólíkum toga, en sjá má að skrif hans um lífið í fátækrahverfum stórborganna gegndu nokkru hlutverki allt frá upphafi.<sup>266</sup> Til

<sup>264</sup> Í þessu sambengi er einnig vert að nefna þögn Kristins um verk höfunda eins og Erichs Mühsam, Wielands Herzfelde og Franz Jung sem tengdust straumum í þýskum byltingarbókmenntum frá upphafi þriðja áratugarins. Í þeim var sjónum beint að mikilvægi töttralyðsins og sjálfsprottinnar uppreisna, en slíkar áherslur má í mörgum tilvikum rekja til tenginga við hópa anarkista og annarra byltingarsinna. Í *Rauðum þennum* má finna eina grein um Mühsam (Martin Andersen Nexø, „Erich Mühsam“) en tildrög hennar segja sína sögu. Í endurminningum sínum (*Enginn er eyland*, bls. 215) rekur Kristinn að Nexø hafi sent *Rauðum þennum* umrædda grein þegar falast var eftir efni frá honum, þannig að frumkvæðið að því að setja verk Mühsams á dagskrá kom frá danska höfundinum. Á þögninni um þann hóp höfunda sem hér er nefndur og tengdist starfsemi Malik-forlagsins í Berlín er ein forvitnileg undantekning, því árið 1932 gaf Alþjóða samhjálpa verkalyðsins út þýðingu Gunnars Benediktssonar á „æfintýri fyrir börn“ eftir „rauðu greifnyjuna“ Hermyniu zur Mühlen, sem var einn aðalþýðandi forlagsins (sjá Hermynia zur Mühlen, *Einu sinni var. Æfintýri fyrir börn*, þýðandi Gunnar Benediktsson, Reykjavík: Alþjóða samhjálpa verkalyðsins, 1932; um Malik-forlagið og tengsl Hermyniu zur Mühlen við starfsemi þess, sjá Christoph Schaub, *Proletarische Welten*, bls. 55–60).

<sup>265</sup> Jack London, *Gull-æðið. Saga frá Klondike*, þýðandi Geir Jónasson, Reykjavík: Steindór Gunnarsson, 1917; Jack London, *Síðasta ráðið. Sögur* [þýð. ekki getið], Reykjavík: Gutenberg 1919; Jack London, *Á blossa*, þýðandi Halldór Stefánsson, Reykjavík: Steindór Gunnarsson, 1921; Jack London, *Æfintýri*, þýðandi Ingólfur Jónsson, Reykjavík: Gutenberg, 1921; Jack London, *Æfintýraleit* [þýð. ekki getið], Akureyri: Nýjar kvöldvökur, 1927; Jack London, *Þrjú hjörtu* [þýð. ekki getið], Hafnarfjörður: Framtíðarútgáfan, 1931; Jack London, *Bakkas konungur*, þýðandi Knútur Arngrímsson, Reykjavík: Felix Guðmundsson, 1933. Af samantekt um fjölda bókartíla má sjá að London var einn þeirra höfunda sem var hvað mest þýddur hér á landi á millistríðsárunum (sjá Benedikt Hjartarson o.fl., „Fjarkönnun íslenskrar bókmenntasögu“, bls. 241).

<sup>266</sup> Í fyrstu fréttinni um London sem birtist á íslensku er nefnt að þetta „söguskáld“ hafi

marks um hvernig nafn Londons var enn tengt við skrif hans um öreigalýðinn á fjórða áratugnum má benda á ritdóm Friðriks Á. Brekkan um *Bakkus konung* (*John Barleycorn*, 1913) frá árinu 1933. Þar nefnir hann að auk skáldsagna hafi London skrifað „bækur um sósíal-efni, t.d. um líf flakkaranna í Ameríku, um lífskjör öreigalýðsins í Lundúnum og um áfengið“ og byggist allar þessar bækur „á eigin reynzlu höf[undar]“, enda hafi hann ekki látið sér „nægja að lesa um efnin“.<sup>267</sup> Í grein sinni um bandarískar nútímabókmenntir nefnir Guðmundur G. Hagalín einnig verk þessa skálds sem „óhætt mun[í] að fullyrða, að sé flestum erlendum skáldum vinsælli hér á Íslandi“ í sömu andrá og brautryðjendaverk Theodores Dreiser og Uptons Sinclair, er beint hafi sjónum að því „hve villimenskan og mis-kunnarleysið er ríkt í hinu ameríska skipulagi og í amerískum félagsmálum“.<sup>268</sup> Staða Londons innan hins alþjóðasinnaða heimsbókmenntakerfis undir lok þriðja áratugarins fór heldur ekki með öllu framhjá íslenskum lesendum, því í bréfi Jakobs Gíslasonar um Rússlandsferð sína frá 1928 nefnir hann að í hópi mest lesnu höfundanna í Rússlandi séu ekki aðeins Gorkij, Gladkov og Leonov, heldur einnig erlendir höfundar á borð við Hamsun, Conan Doyle, Sinclair og London.<sup>269</sup> Loks má nefna að í hópi þýðenda Londons í upphafi þriðja áratugarins var Halldór Stefánsson, sem síðar átti eftir að gegna lykilhlutverki sem þýðandi alþjóðasinnaðra heimsbókmennta hér á landi ásamt Birni Franzsyni. Verk Londons verða ekki felld undir hefð byltingarsinnaðra bókmennta með einhlítum hætti en skrif hans gegndu augljóslega mikilvægu hlutverki við miðlun og mótun frásagna af hlutskipti öreigalýðsins á fyrstu áratugum aldarinnar, þótt verk hans ættu eftir að þokast út á jaðarinn þegar leið á fjórða áratuginn og þeirra sé hvergi getið í *Rauðum þennum*.

Um hinn lykilhöfund rauðra svaðilfarabókmennta sem hér hefur verið nefndur gegnir nokkuð öðru máli. B. Traven var nær óþekkt nafn hér á landi þegar verk hans tóku að birtast um miðjan fjórða áratuginn. Þann 10. nóvember 1936 tilkynnti *Þjóðviljinn*, sem hafði tekið við af *Verklýðsblaðinu* sem mál gagn Kommúnistaflokks Íslands fyrr um haustið, að ákveðið hafi verið að ráðast í útgáfu neðanmálssögu. Höfundurinn var kynntur á nokkuð óvanalegan hátt. Samhliða upphafskaflanum birtist stuttur texti með yfirskriftinni „Hver er B.

---

einnig ritað „bók um ástand fátæklinganna í London“ („Fréttir: Úr öllum áttum“, *Heimskringla* 11. febrúar 1904, bls. 1). Hér er vísað til ritsins *The People of the Abyss* frá 1903, en það kom ekki út á íslensku fyrr en löngu síðar (Jack London, *Fólk undirdjúpanna*, þýðandi Stefán Jónsson, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1965).

<sup>267</sup> Friðrik Ásmundsson Brekkan, „Bakkus kóngur“, *Sókn* 9. nóvember 1933, bls. 168–169, hér bls. 168.

<sup>268</sup> Guðmundur G. Hagalín, „Um nútíðarbókmenntir Bandaríkjamanna“, bls. 215–216.

<sup>269</sup> Jakob Gíslason, „Úr Rússlandsferð“, *Réttur* 2/1928, bls. 152–177, hér bls. 166–167.

Traven?“ en svarið var á þá leið að blaðið gæti því miður „ekki frætt lesendur sína nokkurn skapaðan hlut um þennan höfund, því meira að segja útgefendurnir að bókum hans haf[.] ekki hugmynd um hver hann er“.<sup>270</sup> Ráðgátan um hver væri á bak við nafnið varð hluti af aðráttaraffi Travens og líkt og annars staðar tóku greinar um þennan leyndardómsfulla höfund að birtast í íslenskum blöðum, auk þess sem nokkrar sögur hans birtust í þýðingum.<sup>271</sup> Höfundurinn var einkum þekktur fyrir sögur sem gerast á meðal frumbyggja í Mexíkó og einkennast af ævintýralegum frásögnum af lífinu í framandi heimi, sem fléttast saman við harða gagnrýni á arðrán og kapítalíska framleiðsluhætti og lýsingar á hrikalegri lífsbaráttu og uppreisnum innfæddra, farandverkamanna og flökkulýðs.<sup>272</sup> *Helskipið* (*Das Totenschiff*, 1926), sem birtist í *Þjóðviljanum* í þýðingu Haraldar Sigurðssonar, er ein þekktasta skáldsaga höfundarins og byggir á sjálfs-ævisögulegum þáttum.<sup>273</sup> Eins og nefnt er í *Þjóðviljanum* vísar titillinn til „ónýt[s] fúadall[s], sem útgerðarmaðurinn gerir út til að láta [hann] sökkva, án þess að skeyta um sjómennina“,<sup>274</sup> en skáldsagan hefur að geyma frásögn af þeim fjölbjóðlega „tötrálýð hafins“ sem hrekst um heimshöfin á þessum fúadalli. Í

<sup>270</sup> „Hver er B. Traven?“, *Þjóðviljinn* 10. nóvember 1936, bls. 2.

<sup>271</sup> Sjá meðal annars: Oddný Guðmundsdóttir, „Hver er Traven?“, *Tíminn* 10. desember 1938, bls. 302–303; Arnór Sigurjónsson, „B. Traven“, *Sunnudagur. Þjóðviljinn – nýtt land*, 28. maí 1939, bls. 1–2; B. Traven, „Eldingin, sem gripin var á lofti“, þýðandi Arnór Sigurjónsson, *Sunnudagur. Þjóðviljinn – nýtt land*, 28. maí–4. júní 1939, bls. 2–8; 2–7; B. Traven, „Borðbænin“ [þýð. ekki getið], *Úrval* 3/1948, bls. 47–51. Ein saga eftir Traven hafði áður verið þýdd af Sigurði Einarssyni og fékk hún heitið „Eldingin“. Sagan var flutt í útvarpi haustið 1936, sem kann að hafa kveikt áhuga *Þjóðviljans* á að birta þýðinguna á *Helskipinu* skömmu síðar (sjá „Dagbók“, *Morgunblaðið* 9. september 1936, bls. 7).

<sup>272</sup> Vitað er að Traven bjó í Mexíkó eftir 1924, en bækur hans voru gefnar út á þýsku. Nú þykir nokkuð víst að á bak við nafnið leynist þýskur höfundur sem hafði getið sér nafn sem aktífasti og anarkisti á tíma ráðstjórnarbyltingarinnar í München undir dulnefninu Ret Marut, en fyrir liggur að hann flúði til Mexíkó árið 1924. Allt þykir jafnframt benda til þess að á bak við bæði dulnefni leynist þýskur vélvirki og verkalýðsforkólfur að nafni Otto Feige. Um feril og verk Travens, sjá Jan-Christoph Hauschild, *B. Traven. Die unbekanntenen Jahre*, Zürich: Voldemeeer, 2012; Hansjörg Viesel, *Literaten an der Wand. Die Münchner Räterepublik und die Schriftsteller*, Frankfurt am Main: Büchergilde Gutenberg, 1980, bls. 471–541.

<sup>273</sup> B. Traven, *Helskipið*, þýðandi Haraldur Sigurðsson, *Þjóðviljinn* 10. nóvember 1936–21. mars 1937. Í síðari tíma viðtali við Harald kom fram að hann þýddi skáldsöguna í það minnsta að mestu, þótt hann nefni að sér hafi „þótt[.] gott að geta stundum fengið einhvern annan til að þýða nokkrar blaðsíður“, sem varpar nokkru ljósi á hvernig þýðingar af þessu tagi voru unnar (Árni Bergmann, „Þá skrifaði ég blaðið sjálfur... ÁB ræðir við einn af fyrstu blaðamönnum Þjóðviljans, Harald Sigurðsson“, *Þjóðviljinn* 31. október 1986, bls. 4–5).

<sup>274</sup> „Hver er B. Traven?“, bls. 2.

brennidepli er sjóliðinn Gerald Gale og fylgir lesandinn honum þar sem hann hreksr ríkisfangslaus um ólíkar slóðir og lendir í skrautlegum samskiptum við yfirvöld og samfélag landlausra heimshornaflakkara.

Skáldsaga Travens um flækingslíf og róleysi hins þverþjóðlega töttralýðs sker sig nokkuð úr í flokki þeirra meðanmálssagna sem áttu eftir að birtast í *Þjóðviljanum* á næstu árum.<sup>275</sup> Þegar lítið er yfir þann lista má sjá safn verka þar sem ægir saman róttæku og borgaralegu efni. Stefnunni við val á verkum var lýst í auglýsingu árið 1942, þar sem var farið yfir þær sögur sem þegar hefðu komið út og undirstrikað að *Þjóðviljinn* myndi áfram kappkosta að „vanda val framhaldssagna, og taka yfirleitt góðar sögur fram yfir reifara“.<sup>276</sup> Ekki var því lögð höfuðáhersla á afþreyingargildi, en sögunum var þó augljóslega ætlað að auka sölu blaðsins, sem endurspeglast í því að í tilvikum *Helskipsins* og nokkurra annarra sagna var sérstaklega tekið fram að þær myndu ekki koma út sem sérprent.<sup>277</sup> Þegar lítið er yfir listann vekur meðal annars athygli áherslan á verk þekktra kvenhöfunda eins og Vicki Baum, Edna Ferber, Phyllis Bottome og Nini Roll Anker, sem fjalla um stöðu ungra kvenna innan nútímasamfélagsins með ólíkum hætti, þótt þær teljist ekki til rauðra heimsbókmennta.<sup>278</sup> Einnig birtist hér fyrsta þýðingin á skáld-

<sup>275</sup> Gagnmenning sem tengdist flækingslífi og uppreisn gegn fastrí búsetu og launavinnu tók á sig margvíslegar myndir á þriðja áratugnum, ekki síst í þýsku samhengi. Ein birtingarmyndin voru bræðralög flækingsa og tímarit og útgáfa á þeirra vegum, þar sem lagður var grunnur að „heimspeki vegslóðans“. Starfsemi þessara bræðralaga vakti eftirtekt hér á landi, því árið 1929 má finna í *Morgunblaðinu* frétt um nýafstaðið þing „alþjóðabandalags flækingsa“ í Stuttgart undir forystu rithöfundarins, flækingsins og útgefandans Gregors Gog (sjá „Alþjóðabandalag flækingsa“, *Morgunblaðið* 14. september 1929, bls. 2; um alþjóðahreyfingu flækingsa og verk Gogs, sjá Hanneliese Palm og Christoph Steker (ritstjórar), *Künstler, Kunden, Vagabunden. Texte, Bilder und Dokumente einer Alternativkultur der zwanziger Jahre*, Düsseldorf: C.W. Leske, 2021).

<sup>276</sup> „Nýjasta saga amerísku skáldkonunnar Pearl Buck verður næsta framhaldssaga Þjóðviljans“, *Þjóðviljinn* 7. júlí 1942, bls. 4. Í auglýsingunni var tilkynnt um „ný[ja] skálds[ögu] eftir Nóbelsverðlaunahafann Pearl Buck“ er fjalli um „kínverska bændafjölskyldu, er aldrei hefur ætlað sér annað en að yrkja jörð sína í friði, og styrjöldina er skellur yfir hana óviðbúna, með ógnum og nær óbærilegum skelfingum“. Skáldsagan *Drekakyn* (*Dragon Seed*, 1942) hóf síðan göngu sína daginn eftir, en hún kom síðar út á bókarformi í þýðingu Stefáns Þjarman og Sigurðar Guðmundssonar: Pearl S. Buck, *Drekakyn*, Akureyri: Rún, 1945. Verk Buck voru vel þekkt hér á landi, því fyrir 1942 hafði auk áðurnefndrar þýðingar á *Austanvindar og vestan* komið út þýðing Magnúsar Ásgeirssonar og Magnúsar Magnússonar á skáldsögunni *Gott land* (Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1936).

<sup>277</sup> Sjá „Hver er B. Traven?“, bls. 2; „Nýjasta saga amerísku skáldkonunnar Pearl Buck“, bls. 4.

<sup>278</sup> Vicky Baum, *Stud. chem. Helena Willfüer* [þýð. ekki getið], *Þjóðviljinn* 1. desember 1937–31. mars 1938; Nini Roll Anker, *Anna Liegaard* [þýð. ekki getið], *Þjóðviljinn* 8. janúar–26. apríl 1941. Skáldsagan *Mannskadaveðrið* (*The Mortal Storm*, 1937) eftir Phyllis Bottome hóf

sögu eftir Hans Kirk, einn af lykilhöfundum danskra verkalýðsbókmennta,<sup>279</sup> auk verka eftir höfunda eins og Frank Norris og Graham Greene. Neðanmáls-sögur *Þjóðviljans* eru á margan lýsandi dæmi um áherslur samfylkingartímabilsins og safninu svipar til útgáfu Máls og menningar, þótt ríkari áhersla sé lögð á aðgengilegt efni er höfði til breiðs lesendahóps. Inn í útgáfuna rötuðu þó einnig verk sem tengja má róttækari straumum alþjóðasinnaðra heimsbókmennta. Það á ekki aðeins við um *Helskipið*, því *Þjóðviljinn* gaf einnig út sjálfsævisögulegu skáldsöguna „Ég elska“ (*Я люблю*. 1933) eftir Avdejenko. Sögunni var fylgt úr hlaði með kynningu á höfundinum og verkinu, þar sem undirstrikað var að þýðingunni væri ætlað að bæta úr þeim vansa „að ennþá skuli engin skáldsaga eftir einhvern hinna ungu og glæsilegu sovéthöfunda hafa verið þýdd á íslensku“.<sup>280</sup>

Útgáfa *Helskipsins* er athyglisvert dæmi um stöðu rauðra svaðilfarasagna um miðjan fjórða áratuginn. Verk Travens, Londons og annarra sem tilheyrðu þessari sagnahefð áttu ekki erindi inn í það hefðarveldi rauðra heimsbókmennta sem lagður var hornsteinn að með grein Kristins í *Rauðum þennum*, en þau gátu enn gegnt ákveðnu hlutverki sem lesefni er talaði til annars lesendahóps.<sup>281</sup> Til marks um stöðu Travens innan alþjóðasinnaðra heimsbókmennta má nefna að í grein Pers Meurling um Gorkij, sem birtist í *Íðunni* árið 1936, var Traven – ásamt Dreiser, Dos Passos, Sinclair, Rolland, Gide, Nexø, Malraux og Barbusse

---

göngu sína sem framhaldssaga í *Nýju dagblaði* haustið 1941 og *Þjóðviljinn* tók við útgáfunni vorið eftir, en fleiri dæmi má finna um að sögur sem gefnar voru út í *Þjóðviljanum* hafi áður birst í *Nýju dagblaði* (sjá Phyllis Bottome, *Mannskadaveðrið* [þýð. ekki getið], *Nýtt dagblað* 9. september 1941–9. maí 1942; *Þjóðviljinn* 13. maí–30. júní 1942). Þýðing Sigurðar Guðmundssonar á skáldsögu Ednu Ferber, *Svona stór ...!* (*So Big*, 1924), kom síðar út sem sérprent á bókarformi (Reykjavík: Víkingsprent, 1940).

<sup>279</sup> Verk Kirks tóku ekki að birtast á bókarformi hér landi fyrr en um miðjan fimmta áratuginn, þótt nokkuð hafi birst af smásögum áður: Hans Kirk, *Sjómenn* [þýð. ekki getið], *Þjóðviljinn* 12. janúar–10. júní 1939; Hans Kirk, „Gesturinn“, þýðandi Helgi Valtýsson, *Nýjar kvöldvökur* 10–12/1935, bls. 174–181; Hans Kirk, „Í móðurleit“ [þýð. ekki getið], *Nýjar kvöldvökur* 7–9/1936, bls. 139–144; Hans Kirk, *Daniel djarfí*, þýðandi Ólafur Einarsson, Reykjavík: Bókfellisútgáfan, 1944; Hans Kirk, *Daglaunamennt*, þýðandi Haraldur Bjarnason, Reykjavík: Víkingsútgáfan, 1951.

<sup>280</sup> „Heimsfræg skáldsaga frá Sovétríkjunum byrjar neðanmáls í *Þjóðviljanum* á morgun. „Ég elska – –“ eftir Alexander Avdejenko“, *Þjóðviljinn* 31. mars 1938, bls. 3; sjá einnig Alexander Avdejenko, *Ég elska ...!*

<sup>281</sup> Í endurminningum sínum vísar Kristinn stuttlega til verka Travens sem eins þeirra höfunda er hafi spröttið upp úr ráðstjórnarbyltingunni í München, þótt stuttaraleg vísun hans til sautján ára útleðar Daudistels hér á landi vekji þar ekki síður athygli: „Einn af þeim sem gat sér rithöfundarnafn erlendis var *B. Traven*, hafði eins og Toller og *Albert Daudistel* átt sæti í ráðstjórninni í München, en Daudistel komst undan hingað til lands eftir fangelsisvist í Þýskalandi og flótta um ýmis lönd“ (*Enginn er eyland*, bls. 249).

– talinn í hópi þeirra mikilvægu höfunda sem nú hefðu veitt hinum rússneska brautryðjanda „fríða fylgd“ og „dr[egið] rauða fánann að hún“ sem „opinber[ir] málsvar[ar] hinnar byltingarsinnuðu verklýðshreyfingar“.<sup>282</sup> Um miðjan fjórða áratuginn höfðu verk Travens þó þokast út á jaðar hefðarveldisins og ekki varð framhald á þýðingum á vegum róttæku vinstrihreyfingarinnar fyrr en skáldsagan *Kerran* (*Der Karren*, 1931) birtist sem framhaldssaga í *Þjóðviljanum* undir lok fimmta áratugarins.<sup>283</sup> Fyrsta bókin kom þó út nokkru fyrr, en sú þýðing Ásgríms Albertssonar á *Flökkulífi* (*Die Baumwollflücker*, 1925) kom út hjá bókaútgáfunni Rún á Siglufirði.<sup>284</sup> Það segir sína sögu um stöðu Travens að næsta bók kom út tæpum áratug síðar í ritröð Hjartaásútgáfunnar og er þar um að ræða sérprent á *Kerrunni* úr *Þjóðviljanum* undir heitinu *Það glóir á gimsteina*.<sup>285</sup> Ritalisti á bakhlið kápunnar varpar ljósi á það útgáfusamhengi sem verkið ratar hér inn í, en í umræddri ritröð höfðu birst þýðingar á verkum höfunda eins og Georges Simenon, Agöthu Christie, Edgars Rice Burroughs og Riders Haggard, en einnig skáldsaga eftir London.<sup>286</sup> Verk Travens og Londons hafa þannig ótvírætt færst yfir á vettvang ævintýrabókmennta, exótískra frásagna og afþreyingarefnis sem höfðar til breiðari og að hluta til yngri lesendahóps. Á þeim vettvangi áttu verkin eftir að finna sér framhaldslíf um leið og hlutverk þeirra í alþjóðasinnuðu bókmenntaumhverfi þriðja og fjórða áratugarins féll í gleymsku. Ferlið var þó langvinnt og segja má að hefð svaðilfarasagnanna hafi þokast út á jaðarinn þegar undir lok þriðja áratugarins. Vægi Travens og Londons á þriðja áratugnum var einkum tengt þeim hefðum sem málsvarar hinna nýju bókmennta kenndu við „heimsbókmenntir uppþotsins“ (þ. „Weltliteratur der Empörung“) og tefldu gegn hefðarveldi borgaralegra heimsbókmennta.<sup>287</sup> Vandí slíkra hefða, sem kenndar hafa verið við „uppreisnarbókmenntir öreiganna“,<sup>288</sup> í umhverfi fjórða áratugarins var áherslan á sjálfsprottnar uppreisnir og meingallaðar sögu-

<sup>282</sup> Per Meurling, „Maxim Gorki“, bls. 280.

<sup>283</sup> B. Traven, *Kerran* [þýð. ekki getið], *Þjóðviljinn* 24. febrúar–10. júní 1948.

<sup>284</sup> B. Traven, *Flökkulíf. Saga frá Mexíkó*, þýðandi Ásgrímur Albertsson, Siglufjörður: Rún, 1942.


<sup>285</sup> B. Traven, *Það glóir á gimsteina*, Reykjavík: Hjartaásútgáfan, 1951.

<sup>286</sup> Jack London, *Hnefaleikarinn*, þýðandi Ragnar Þorsteinsson, Reykjavík: Akureyri: Hjartaásútgáfan, 1948.

<sup>287</sup> Orðalagið „heimsbókmenntir uppþotsins“ (þ. „Weltliteratur der Empörung“) er sótt í knýningartexta Malik-forlagsins í Berlín frá árinu 1924 (hér vitnað eftir Christoph Schaub, *Proletarische Welten*, bls. 60; sjá einnig Germaine Stucki-Volz, *Der Malik Verlag und der Buchmarkt der Weimarer Republik*, Bern: Peter Lang, 1993, bls. 67–68).

<sup>288</sup> Walter Fähnders, *Avantgarde und Moderne 1890–1933*, Stuttgart og Weimar: J.B. Metzler, 1998, bls. 255.





Hér má sjá þrjú dæmi um útgefnar bókaþýðingar á verkum Jacks London og B. Traven, sem tengja má við lýsingar á lífi töttralyðsins og hefð rauðra svaðilfarasagna.

hetjur, sem voru sannarlega innblásnar af uppreisnaranda en lítt til þess fallnar að leggja sitt af mörkum til skipulegs byltingarstarfs. Frásagnir af þessu tagi urðu þó mikilvægur þáttur í þeirri flóru ferðasagna og ævintýrasagna sem áttu blómatíma sinn á millistríðsárunum. Í því umhverfi blómstruðu ný afbrigði ferðasagna og eldri verk hefðarinnar fundu frjóan jarðveg. Útgáfan var sniðin að þörfum lesenda sem höfðu ekki í hyggju að feta í fótspor ferðalangsins en kölluðu eftir sögum af „framandi og skondnum afbrigðilegheitum, undrum og hneykslum“ á þeim tímum þegar þrengt var að ferðafrelsi með „vegabréfum og biðröðum og skipulögðum ferðum og kennitölum og tollheimtu og gjaldeyrishöftum“.<sup>289</sup> Innan alþjóðasinnaðra heimsbókmennta fléttuðust slíkar sagnahefðir saman við kortlagningu á margbrotnum heimi öreiganna með ólíkum hætti. Þannig nutu borgaralegir höfundar eins og Rudyard Kipling, Pierre Loti og Rider Haggard til að mynda nokkurra vinsælda í Sovétríkjunum fram á fjórða áratuginn, en glímt var við verk þeirra frá gagnrýnu sjónarhorni og leitast við að móta annars konar hefð ferða- og landkönnunarbókmennta er hverfðust um vettvangslýsingar fremur en ímyndir hins framandlega er svifu um í godsagna-kenndum heimi.<sup>290</sup> Verk Londons gegndu nokkuð sérstæðu hlutverki, þar sem sögur hans af lífi á framandi og háskalegum slóðum nutu sérstakra vinsælda og voru löngum tengdar byltingarsinnaðri bókmenntahefð.<sup>291</sup> Í alþjóðlegu sam-

<sup>289</sup> Paul Fussell, *Abroad. British Literary Traveling Between the Wars*, Oxford og New York: Oxford University Press, 1982, bls. 203.

<sup>290</sup> Sjá nánar Katerina Clark, *Eurasia without Borders*, bls. 31–37, 123–142, 201–206.

<sup>291</sup> Á þessu verður ekki grundvallarbreyting fyrr en á fimmta áratugnum, þegar verk Londons voru lýst ótæk sem fyrirmynd sovéskra bókmennta og „Jack Londonismi“ varð

hengi má greina ólíka strauma slíkra rauðra ævintýra- og ferðasagna frá skáld-sögum Travens og annarra frá þriðja áratugnum til landkönnunarbókmennta og ferðalýsinga fjórða áratugarins, þar sem vaxandi áhersla var lögð á skipulagt byltingarstarf og vitundarvakningu eða byltingarhlutverk ferðalangsins á fjarlægum slóðum. Það samhengi sem verk Travens og Londons rata inn í hér á landi í upphafi sjötta áratugarins varpar ljósi á hvernig þær róttæku sagnahefðir sem höfðu fengið hljómgrunn á þriðja áratugnum sem mótvægi við borgaralegar ævintýra- og ferðasögur höfunda eins og Haggards, Kiplings og Lotis renna að lokum inn í þá hefð sem tilbrigði bókmenntasköpunar sem hverfist um hrifandi lýsingar á lífinu á framandi slóðum.

### *Niðurlag*

Þýðingaútgáfa róttæku vinstrihreyfingarinnar hér á landi á starfstíma Kominterns er til marks um hvernig það verkefni sem sneri að uppbyggingu nýs hefðarveldis heimsbókmennta teygði sig inn á íslenskan bókmenntavettvang. Þegar litið er á það kerfi rauðra heimsbókmennta sem byggt var upp á þessum tíma sem „kerfi tilbrigða“ má sjá hvernig ólíkir straumar sem gegndu veigamiklu hlutverki innan þess á mismunandi tímum rötuðu inn í íslenskt bókmenntakerfi með þýðingum. Uppbygging hins nýja hefðarveldis var þó margþætt ferli. Þýðingar í *Rauða fánanum* og síðar þýðingar og umfjöllun um hinar nýju bókmenntir í *Rauðum þennum* sýna hvernig ráðist var í skipulega uppbyggingu á nýju hefðarveldi heimsbókmennta hér á landi, sem stefnt var til höfuðs hinu borgaralega hefðarveldi. Meginmarkmiðið var í takti við stefnu Kominterns og sneri að móton nýs lesendasamfélags með kynningu og dreifingu á alþjóðasinnuðu lesefni. Þýðingar rötuðu þó einnig inn í íslenskt bókmenntakerfi eftir öðrum leiðum, bæði með þýðingum í tímaritum eins og *Rétti* og *Iðunni*, sem tengdust vinstrihreyfingunni með beinum eða óbeinum hætti, og í tímaritum á borð við *Dvöl* og *Eimreiðina*, sem fremur má tengja hinum borgaralega bókmenntavettvangi og gengu út frá víðara sjónarhorni á heimsbókmenntir, þar sem bókmenntaverk alþjóðasinna voru kynnt sem hluti af fjölskrúðugri flóru alþjóðlegra nútímabókmennta. Loks bárust þessir straumar inn í íslenskt bókmenntakerfi með þýðingum á bókarformi, jafnt á vegum forlaga sem tilheyrðu róttæku vinstrihreyfingunni og annarra sem ýmist voru henni ótengd eða tengdust með óbeinum hætti. Þótt hægt

---

að sérstöku skammaryrði yfir veruleikafirrtar vestrænar sagnahefðir úr öllum tengslum við líf alþýðunnar. Tvíbent staða Londons innan hins sovéska bókmenntakerfis helgaðist að nokkru leyti af sérstöku dálæti Leníns á verkum höfundarins, ekki síst þeim sem gerðust í óbyggðum Alaska (sjá Katerina Clark, *The Soviet Novel*, bls. 202, 102).

sé að greina slíkar línur með almennum hætti eru greiningunni takmörk sett, að því leyti að hér hefur í meginatriðum verið litið yfir tímabilið sem eina heild. Ítarlegri greining á sviptingunum innan þess myndi útheimta nákvæmari kortlagningu á því hvenær og í hvaða samhengi tilteknir höfundar eða verk rata inn í íslenskt bókmenntakerfi. Einnig væri brýnt að greina nánar þá bókmenntatexta sem hingað bárust í þýðingum, fagurfræðilega gerð þeirra, uppruna og einkenni. Samantekt af því tagi sem hér hefur verið ráðist í, sem einkum horfir til nærveru tiltekinna höfunda, eru einnig takmörk sett að því leyti að staða þeirra og vægi innan hins alþjóðasinnaða bókmenntakerfis var ólík á mismunandi tímum og jafnvel bundin tilteknum textum. Þetta átti ekki síst við um borgaralega höfunda sem höfðu tekið sinnaskiptum og eldri höfunda sem voru innlimaðir í hina byltingarsinnuðu hefð í krafti ákveðinna verka. Þýðing á texta eftir tiltekinn höfund er því ekki endilega til marks um að þar sé á ferð verk sem gegndi veigamiklu hlutverki innan hins alþjóðasinnaða bókmenntakerfis á þeim tíma. Í þessu samhengi þyrfti jafnframt að rýna nánar í umræðuna um verk einstakra höfunda til þess að bregða upp skýrari mynd af vægi þeirra og hlutverki innan íslensks menningarvettvangs á ólíkum andartökum sögunnar.

Markmið þessarar samantektar er fyrst og fremst að veita innsýn í það hefðarveldi sem hér er í mótun, varpa ljósi á umfang útgáfunnar og draga fram verk þeirra höfunda sem gegndu þar veigamiklu hlutverki. Þegar litið er yfir þýðingaútgáfu tímabilsins 1919–1943 má sjá að þrír höfundar innan hins alþjóðasinnaða heimsbókmenntakerfis voru í lykilhlutverki hér á landi: Maksím Gorkij, Martin Andersen Nexø og Upton Sinclair. Með hliðsjón af útgáfu tímaritanna má bæta við þennan hóp fjölmörgum höfundum sem kynntir voru með þýðingum og kunna að hafa haft margbrotnari áhrif á íslenska bókmenntasögu en gengið hefur verið út frá, má þar nefna höfunda eins og Henri Barbusse, Bela Illés, Önnu Seghers, Arnulf Overland og Karin Michaëlis. Enn fremur er brýnt að horfa til vettvangsfrásagnarinnar, en þýðingar á textum Egons Erwins Kisch, Agnes Smedley og annarra eru til marks um hvernig þessi lykilbókmenntagrein þriðja áratugarins var leidd inn á íslenskan bókmenntavettang. Áherslan á heimsbyltinguna og misgenga þróun hennar gat jafnframt af sér vítt sjónarhorn á ólíkar myndir byltingarbaráttunnar og þau ólíku frásagnaform sem af henni spruttu, sem birtist í þýðingum á stöku sögum frá Japan og Kína en einnig í vettvangsfrásögnum og annars konar skrifum vestrænna höfunda um lífsbaráttu öreigalýðsins í ólíkum heimshlutum. Loks má nefna þá hefð rauðra svaðilfrásagna sem barst hingað til lands með þýðingum á verkum höfunda eins og Jacks London og B. Traven. Þegar litið er til þeirra strauma sem bárust hingað til lands

með þýðingum á alþjóðasinnuðum bókmenntum blasir við safn ólíkra verka og bókmenntategunda sem rúmast illa innan þess viðtekna frásagnarmynsturs bókmenntasögunnar sem hverfist um átök raunsæis og módernisma. Sjónarhornið á þýðingar rauðra heimsbókmennta dregur upp nokkuð aðra mynd. Við okkur blasir margbrotið safn opinna, róttækra, tilraunakenndra og oft smærri frásagna úr ólíkum áttum sem leika á mörkum viðtekinnna hefða, raunsæis og nýrra frásagnarháttá. Þegar leitast er við að dýpka skilning okkar á bókmenntasögunni er brýnt að huga að þeim ólíku valkostum sem hafa staðið til boða á mismunandi tímabilum. Innan alþjóðasinnaðs heimsbókmenntakerfis þriðja og fjórða áratugins spruttu upp margvísleg tilbrigði frásagna og mörg þeirra rötuðu hingað til lands með þýðingum, sem kunna að hafa markað dýpri spor í íslensku bókmenntalífi en fræðimenn hafa hingað til verið færir um að koma auga á.

## ÚTDRÁTTUR

Greinin hefur að geyma kortlagningu á umfangsmikilli þýðingaútgáfu róttæku vinstrihreyfingarinnar á tímabilinu 1919–1943 og varpar ljósi á þá markvissu uppbyggingu á nýju hefðarveldi rauðra heimsbókmennta sem þar á sér stað. Sjónum er beint að tengslum við starfsemi Kominterns og dreifingu róttæks lesefnis á erlendum málum og útgáfan hér á landi könnuð sem angi af alþjóðlegri útgáfustarfsemi vinstrihreyfingarinnar á þeim tíma þegar unnið er að uppbyggingu nýs alþjóðasinnaðs bókmenntakerfis á heimsvísu. Greiningin snýr annars vegar að þýðingum í íslenskum tímaritum, þar sem horft er jöfnum höndum til *Réttar*, *Rauða fánans* og *Rauðra þenna*, sem komu út á vegum vinstrihreyfingarinnar, og þýddum bókmenntaverkum alþjóðasinna í menningartímaritum eins og *Ídunni*, *Eimreiðinni* og *Dvöl*. Hins vegar er fjallað um útgáfu þýðinga á bókarformi, bæði á vegum forlaga sem tilheyrðu róttæku vinstrihreyfingunni og annarra forlaga. Kortlagningin bregður upp mynd af þeim margbrotnu fjölþjóðlegu straumum sem berast inn í íslenskt bókmenntakerfi með þýðingum á alþjóðasinnuðu lesefni á tímabilinu. Á meðal þeirra verka sem tekin eru til umfjöllunar eru textar eftir Maksím Gorkij, Martín Andersen Nexø, Upton Sinclair og aðra höfunda sem gegndu veigamiklu hlutverki í íslensku bókmenntalífi á tímabilinu, en einnig vettvangsfrásagnir og aðrar smærri bókmenntagreinir og verk höfunda á borð við Jack London og B. Traven, sem hér eru tengd við hefð rauðra svaðilfarasagna.

*Lykilord:* heimsbókmenntir; öreigabókmenntir; alþjóðahyggja; þýðingasaga; bókmenntakerfi.

## A B S T R A C T

**Toward a Red World Literature: Translations and the Construction of a Literary Canon in the Radical Leftist Movement in Iceland 1919–1943**

The article aims to map the extensive publications of translations by the radical leftist movement in Iceland and shed light on the systematic construction of a new canon of world literature in the period 1919–1943. The links to the Comintern and the circulation of radical reading material in foreign languages are discussed, describing the activities in Iceland as an offshoot of the international publishing enterprises of the leftist movement in the period, as it is engaged in the project of constructing an alternative system of internationalist world literature. Firstly, the analysis focuses on translations in Icelandic journals, discussing both the key journals of the leftist movement, *Réttur*, *Rauði fáninn* and *Rauðir pennar*, and translated internationalist writings that appeared in cultural journals such as *Íðunn*, *Eimreiðin* and *Dvöl*. Secondly, it focuses on literary translations in book form, both by publishing houses of the radical left and other publishers. The article draws up a picture of the various transnational currents that entered the literary system in Iceland through translations of red world literature in the period. Among the works discussed are texts by Maxim Gorky, Martin Andersen Nexø, Upton Sinclair and other authors who played an important role within the Icelandic literary field in the period, but also literary *reportages* and other minor literary genres, and finally the writings of authors such as Jack London and B. Traven, which are here linked to the tradition of red swashbuckler narratives.

*Keywords:* world literature; proletarian literature; internationalism; translation history; literary systems.

BENEDIKT HJARTARSON

Prófessor í almennri bókmenntafræði og menningarfræði

Íslensku og menningardeild

Háskóli Íslands

benedihj@hi.is

